# FRÉTTABLAÐIÐ

230. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. SEPTEMBER 2016




**Himinninn hefur skartað sínu fegursta að undanförnu og hafa þúsundir manna, ferðamenn og Íslendingar, notið sjónarspilsins sem norðurljósin bjóða upp á.** Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sigurður Ingi höfðar til fleiri kjósenda

**Könnun sem stuðningsmenn Sigurðar Inga Jóhannssonar létu gera fyrir sig sýnir að hann nýtur áberandi meira fylgis og er líklegra að fólk kjósi Framsóknarflokkinn ef hann væri formaður. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson nýtur þó enn meira fylgis meðal flokksmanna.**

**KOSNINGAR** Skoðanakönnun sem stuðningsmenn Sigurðar Inga Jóhannssonar létu Gallup gera og Fréttablaðið hefur undir höndum sýnir að fólk væri líklegra til að kjósa Framsóknarflokkinn væri hann formaður flokksins. Rúm 40 prósent væru líklegri til að kjósa flokkinn í komandi alþingiskosningum með Sigurð Inga sem formann en aðeins 8,6 prósent töldu líklegt þau myndu kjósa flokkinn væri Sigmundur Davíð formaður. Rúmur helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni svaraði að það skipti engu máli hvor myndi leiða flokkinn. Atkvæði þeirra færu annað.

Könnunin var gerð dagana 15. til 26. september og voru 1.436 manns í úrtakinu. 800 svöruðu en 636 vildu ekki svara. Þegar kjósendur Framsóknarflokksins voru spurðir kemur í ljós að staða Sigmundar er enn sterk því þar mælist hann með 49 prósent en Sigurður Ingi með 45 prósent, sjö prósent eru óákveðin. Þeir Sigmundur og Sigurður sækjast báðir eftir formannsembættinu í flokknum en kosið verður á milli þeirra á flokksþingi um helgina. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var á mánudagskvöld mældist Framsóknarflokkurinn með 13 prósenta fylgi og fengi níu þingmenn.




**benediktboas@frettabladid.is**

# Isavia fær þá stóru en Vegagerðin tekur þá litlu

**SAMGÖNGUR** Skoða á þann möguleika að fella millilandaflugvelli landsins, Akureyrar-, Reykjavíkur- og Egilsstaðaflugvöll, inn í rekstur Isavia og fela Vegagerðinni rekstur annarra flugvalla á landinu



**Ólöf Nordal innanríkisráðherra**

og einnig skoða hvort sá kostur sé fýsilegur að bjóða út allt innanlandsflug. Samkvæmt upplýsingum innanríkisráðuneytisins hefur starfshópur verið settur á laggirnar og honum falið að leggja fram tillögur um úrbætur að bættum flugsamgöngum innanlands. Fréttablaðið sagði frá því í gær að farþegum í innanlandsflugi hefði fækkað um rúmlega fjórðung frá árinu 2007.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir mikilvægt að endurhugsa fyrirkomulagið. „Með alla þá ferðamenn sem koma hingað til lands og álag á vegakerfið hefur verið fækkun í fluginu. Því þurfum við að endurhugsa innanlandsflugið og nýta það betur. Við eigum að skoða þetta skipulag og athuga hvort við getum gert betur.“

Framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands, Árna Gunnarssyni, líst ekki á hugmyndir ráðherrans og tekur Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, undir þær áhyggjur.

**– sa /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Stokkum upp bankakerfið, skrifar Össur Skarphéðinsson. 24

**SPORT** Pressan er á bandaríska liðinu þegar keppnin um Ryderbikarinn hefst. 28

**MENNING** Kvikmyndaði líf konu á strætum Seattle í þrjátíu og þrjú ár og er ekki hættur. 38

**LÍFIÐ** Leikkonan Júlíana Sara Gunnarsdóttir skiptir um gír í Grimmd. 50




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Gengur í norðankalda í dag, en hvassviðri með austurströndinni. Víða rigning fyrir norðan og austan og slydda inn til landsins, en bjart suðvestan til. Heldur kólnandi veður. SJÁ SÍÐU 36



Sjó var dælt á hraunið sem ógnaði byggðinni og innsiglingunni í Vestmannaeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mynd um kælinguna

**SAGA** Kvikmyndagerðarmaðurinn Valdimar Leifsson og Gísli Pálsson prófessor í mannfræði hyggjast vinna heimildarmynd um baráttuna við hraunrennsli og gjóskufall í eldgosinu á Heimaey árið 1973.

„Í myndinni verður eldgosið sett í samhengi við Surtseyjargosið og aðra þróun í eldstöðvakerfi Vestmannaeyja, og það rakið stuttlega en höfuðáhersla lögð á að segja tildrög og sögu hraunkælingarinnar,“ segir í kynningarbréfi Gísla og Valdimars sem meðal annars var sent bæjarstjórn Vestmannaeyja með ósk um að verkefninu yrði lagt lið.

Heimildarmyndina á að heita Heimaey 1973: Einvígi við jarðeldinn. Stefnt sé að því að myndin verði tilbúin fyrir Goslokahátíðina 2018 þegar 45 ár verði liðin frá gosinu.

Ræða á við og segja frá mönnum sem komu við sögu „heimavarnarliðsins“ og fjalla um hugmyndafræði hraunkælingarinnar. Sumt efni myndarinnar hafi ekki birst áður.

„Árangur kælingarinnar verður metinn og sagt að lokum frá hreinsun gosminja í bænum.“ Fram kemur að samtímis kvikmyndagerðinni vinni Gísli að bók um eldgosið og áhrif þess á samfélagið, hann sjálfan og samband manns og náttúru. „Tilbúin myndin verður gefin til Eyja að lokinni sjónvarpssýningu og hún sýnd á Goslokahátíðinni,“ segja Gísli og Valdimar í bréfinu sem enn er til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum í Eyjum. **- gar**

# Gleðisprautur hjá karlakórnum Fóstbræðrum




Karlakórinn Fóstbræður tekur enga áhættu þegar inflúensan er annars vegar eins og sást á æfingu í gær. Kórinn undirbýr nú af fullum krafti 100 ára afmælistónleika sína 18. nóvember næstkomandi. Þegar fréttist að inflúensan yrði fyrr á ferð en venjulega tóku læknar í hópi kórfélaga til sinna ráða og buðu upp á flensusprautu á æfingu. Þátttaka var góð enda ætlar enginn að liggja í bælinu á stórafmælinu sem nálgast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hafna neitun Obama

**BANDARÍKIN** Báðar deildir bandaríska þingsins höfnuðu í gær neitun Obama um að skrifa undir lög sem myndu gera fjölskyldum fórnarlamba hryðjuverkaárásanna, sem gerðar voru þann 11. september 2011, kleift að kæra stjórnvöld í Sádi-Arabíu.

Þetta er í fyrsta skipti á tæplega átta ára valdatíð Obama sem neitun hans er hafnað. Yfirþyrmandi stuðningur var við höfnun neitunarinnar í báðum deildum. Alls kusu 97 öldungadeildarþingmenn gegn neituninni og einn með henni, en 67 þarf til að hafna neitun. Þá kusu 338 í fulltrúadeildinni gegn neituninni en 74 með.

Fimmtán af nítján hryðjuverkamönnum sem áttu þátt í árásunum voru Sádi-Arabar en ríkið hefur ítrekað neitað ábyrgð í málinu.

Josh Earnest, talsmaður forsetaembættisins, sagði í gær að þetta væri vandræðalegasta stund Bandaríkjanna í áratugi. **– þea**




# 40 prósent vagnstjóra Strætó eru útlendingar

**Fjórir af hverjum tíu vagnstjórum Strætó eru útlendingar. Hafa unnið mislengi. Einn vagnstjórinn segir farþega almennt taka sér vel. Mannauðsstjórinn segir mikilvægt að vel sé hugað að því hvernig erlent starfsfólk aðlagast í starfi sínu.**

**SAMFÉLAG** Af þeim 295 vagnstjórum sem keyra hjá Strætó eru 40 prósent eða 114 útlendingar. Sigríður Harðardóttir, starfsmannastjóri fyrirtækisins, segir þessa starfsmenn koma víðsvegar að úr heiminum og hafa verið á Íslandi misjafnlega lengi. Sumir þeirra eru jafnvel komnir með íslenskan ríkisborgararétt.

Einn þessara starfsmanna er Irina Trusevica frá Riga í Lettlandi. Hún keyrir leið 1, eða frá Hlemmi og suður í Hafnarfjörð. Irina hefur búið á Íslandi í átta ár en keyrt strætó í þrjú ár. Hún var að læra íslensku áður en hún hóf störf sem vagnstjóri.

Irina segir að fólkið í strætó taki henni mjög vel. „Það brosir og talar svolítið við mig,“ segir hún. Irina segist þó stöku sinnum hitta fólk sem sé dónalegt, en það gerist ekki oft. Hún segir starfið skemmtilegt. Aðspurð um hvað hún kunni best við varðandi starfið sitt stendur ekki á svörum. „Það er að keyra og starfsfólkið hjá strætó sem er mjög gott,“ segir hún.

Irina býr í Mosfellsbæ og kann því vel. „Það er mjög gott, svona lítil sveit,“ segir Irina. Hún býr ásamt eiginmanni sínum, sem er bílstjóri og leiðsögumaður hjá Gray Line, og eiga þau tvo syni, annan 23 ára og hinn 29 ára. Þau hafa hugsað sér að búa hér á Íslandi til lengri tíma.

Sigríður segir að íslensk fyrirtæki og stofnanir þurfi að huga vel að því hvernig hægt er að aðlaga erlenda starfsmenn íslenskum vinnustað og samfélagi. „Það þarf að gera það. Við hin þurfum að hugsa hvort það sé eitthvað hjá okkur sem við getum breytt til þess að þau falli betur inn. Við megum ekki alltaf vera föst í sama hjólfarinu og halda að það þurfi alltaf allir að vera eins og við.“

Sigríður segir jafnframt að fólk þurfi að fá markvissa íslenskuþjálfun og kynna þurfi starfið vel fyrir fólki, einnig réttindi og skyldur og hvað felst í því að vera þátttakandi í íslensku samfélagi. Það þurfi að fara í gegnum ákvæði kjarasamninga, útskýra grundvallarþætti á launaseðli og ýmsar óskráðar reglur á íslenskum vinnumarkaði sem þurfi að fara í gegn um. Einnig þurfi að passa upp á að erlendir starfsmenn geti tekið þátt í félagslífi innan fyrirtækja.

jonhakon@frettabladid.is



Irina hefur keyrt strætó í rúm þrjú ár og kann því vel. Hún segir farþega almennt kurteisa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það er að keyra og starfsfólkið hjá strætó sem er mjög gott.
>
> Irina Trusevica, strætóbílstjóri

**114**

útlendingar keyra strætó. Bílstjórarnir eru í heild 295.




LÁTTU GOTT AF ÞÉR LEIÐA MEÐ OKKUR

# GEFUM SAMAN

**GÓÐGERÐARDAGUR KRINGLUNNAR ER Í DAG OG AF ÞVÍ TILEFNI RENNA 5% AF VELTU VERSLANA OG VEITINGASTAÐA TIL BLEIKU SLAUFUNNAR**

| | |
|---|---|
| Kl. 12.20 | Eliza Reid, forsetafrú, afhjúpar og afhendir Bleiku slaufuna 2016<br>Sala á bleiku slaufunni hefst í verslunum<br>Tolli málar listaverk með börnum frá leikskólanum Stakkaborg |
| Kl. 17.00 | Ævar vísindamaður |
| Kl. 17.30 | Lalli töframaður |
| **Kl. 20.00** | **SKEMMTIKVÖLD BLEIKU SLAUFUNNAR HEFST**<br>Fram koma Ari Eldjárn, Kristjana Stefánsdóttir, Þórunn Erna Clausen, Gréta Salóme, Margrét Arnardóttir, Glowie og Unnur Sara Eldjárn |

Veitingar, kynningar og fræðsla um alla göngugötu

**GLÆSILEG TILBOÐ Í VERSLUNUM Í ALLAN DAG**

OPIÐ TIL **22** Í KVÖLD

Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# Segir göngin dæmigert kjördæmapot síðustu ríkisstjórnar

**SAMGÖNGUMÁL** Vigdísi Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar, finnst afar sérkennilegt að til að klára framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng þurfi á þriðja milljarð króna aukalán frá hinu opinbera. Hún segir þarna kristallast kjördæmapot síðustu ríkisstjórnar og atkvæðaveiðar Steingríms J. Sigfússonar í eigin kjördæmi fyrir síðustu kosningar.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að búið væri að grafa um 83 prósent af lengd ganga undir Vaðlaheiði og að stjórnendur framkvæmdanna þyrftu á þriðja milljarð í aukalán til að ljúka framkvæmdum. Kostnaðaraukann mætti rekja til ófyrirséðra atburða þar sem heitt vatn og hrun úr gangalofti hefði komið mönnum í opna skjöldu.

„Það er alveg ljóst í mínum huga að áætlunum og rannsóknum á bæði jarðgöngum í Vaðlaheiði og uppbyggingu á Bakka var stórkostlega ábótavant. Milljarðavíxlar hafa lent á hinu opinbera á meðan á framkvæmdum stendur,“ segir Vigdís.

„Hér er um grímulaust kjördæmapot að ræða þar sem atkvæðaveiðar í héraði voru stundaðar fyrir síðustu kosningar og menn keyptu sér aðgang að Alþingishúsinu. Þetta hefði ekki gerst ef landið væri eitt kjördæmi því þá hefðu menn hugsað um þjóðarhag en ekki þrönga hagsmuni sína í eigin kjördæmi.“

Vaðlaheiðargöng, sem tengja saman Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur, voru samþykkt sem einkaframkvæmd í júní árið 2012. Lánin voru þó með ríkisábyrgð en lög um ríkisábyrgðir voru tekin úr sambandi við ákvarðanatökuna. **– sa**

**Hér er um grímulaust kjördæmapot að ræða þar sem atkvæðaveiðar í héraði voru stundaðar fyrir síðustu kosningar og menn keyptu sér aðgang að Alþingishúsinu.**


Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar


**Vaðlaheiðargöng hafa verið umdeild frá því að gerð þeirra var samþykkt árið 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


**Ekki er vitað hvort Leðurblökumaðurinn sjálfur hafi krafist rennisléttra vega.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ofurhetjur vilja meiri snjómokstur

**SAMFÉLAG** Tökulið kvikmyndarinnar Justice League hefur farið fram á að Vegagerðin auki þjónustu sína vegna vegarins á milli Djúpuvíkur og Hólmavíkur á meðan á tökum stendur. Vefsíða Markaðsstofu Vestfjarða greindi frá því fyrr í mánuðinum að áætlað væri að tökur hefjist í október eða nóvember.

„Þeir biðja um að hafa moksturstæki alltaf tilbúin ef á þarf að halda,“ segir Jón Hörður Elíasson, rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni á Hólmavík. Þar að auki segir hann farið fram á að leiðinni verði alltaf haldið rennisléttri.

„Þetta verður gert. Við stoppum þá ekki af,“ segir Jón Hörður og bætir því við að hann geri ráð fyrir að framleiðslufyrirtæki myndarinnar greiði kostnað umfram þá þjónustu sem venjulega er veitt, en vegurinn er venjulega mokaður tvo daga í viku á þessum árstíma.

Fyrrnefnd vefsíða greindi jafnframt frá því að Hótel Djúpavík myndi hýsa að minnsta kosti 200 manns úr tökuliðinu en unnið væri að því að finna leikurum og öðru starfsfólki gistingu. Á meðal leikara myndarinnar eru Ben Affleck í hlutverki Leðurblökumannsins og Henry Cavill sem Ofurmennið. Zack Snyder, leikstjóri Batman v Superman sem skartaði þeim Cavill og Affleck, mun leikstýra myndinni en ekki er vitað hvaða leikarar koma til Íslands. **– þea**

# Isavia gæti fengið þrjá stóru innanlandsflugvellina í útboði

**Sá möguleiki er nú kannaður í innanríkisráðuneytinu að bjóða út allt innanlandsflug og flytja þrjá stærstu flugvelli landsins, Akureyrar-, Reykjavíkur- og Egilsstaðaflugvöll, til Isavia en aðrir flugvellir yrðu reknir af Vegagerðinni. Starfshópur á að leggja fram tillögur um úrbætur að bættum flugsamgöngum innanlands.**

**SAMGÖNGUMÁL** Skoða á þann möguleika að fella millilandaflugvelli landsins inn í rekstur Isavia og fela Vegagerðinni rekstur annarra flugvalla á landinu og einnig skoða hvort sá kostur sé fýsilegur að bjóða út allt innanlandsflug. Samkvæmt upplýsingum innanríkisráðuneytisins hefur starfshópur verið settur á laggirnar og honum falið að leggja fram tillögur um úrbætur að bættum flugsamgöngum innanlands.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að farþegum í innanlandsflugi hefði fækkað um rúmlega fjórðung frá árinu 2007. Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu á nú að horfa til samþættingar samgöngukerfisins í lofti og á láði og skilgreina hlutverk einstakra flugvalla.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir mikilvægt að endurhugsa fyrirkomulagið. „Með alla þá ferðamenn sem koma hingað til lands og álag á vegakerfið, hefur verið fækkun í fluginu. Því þurfum við að endurhugsa innanlandsflugið og nýta það betur. Við eigum að skoða þetta skipulag og athuga hvort við getum gert betur.“

Framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands, Árna Gunnarssyni, líst ekki á hugmyndir ráðherrans. „Þetta myndi gera það að verkum að okkar kostnaður myndi aukast. Þá er verið að tala um að framlög sem hingað til hafa komið til reksturs Isavia myndu falla niður. Því myndu þeir rukka okkur notendur um kostnaðarverð. Þá myndi þurfa að hækka flugfargjöld verulega. Fyrir mér hljóma þessar hugmyndir sem afturhvarf til sérleyfakerfisins sem var afnumið 1997,“ segir Árni.

**Við eigum að skoða þetta skipulag og athuga hvort við getum gert betur.**


Ólöf Nordal. innanríkisráðherra

**Það er spurning hvernig fer fyrir minni völlunum ef þeir verða settir undir Vegagerðina.**


Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG

**Fyrir mér hljóma þessar hugmyndir sem afturhvarf til sérleyfakerfisins sem var afnumið 1997.**


Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands


**Flugvöllurinn í Skutulsfirði yrði færður til Vegagerðarinnar ef hugmyndir ná fram að ganga.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, er ekki hlynnt því að innanlandsflug yrði einkavætt í þessum skrefum. „Ég er alls ekki hlynnt einkavæðingu innanlandsflugsins og vallanna. Það er spurning hvernig fer fyrir minni völlunum ef þeir verða settir undir Vegagerðina og þurfa að bítast um vegafé sem ekki hefur nú dugað til venjulegs viðhalds vega. Mikilvægt er að það liggi skýrt fyrir hvernig fjármagna eigi rekstur vallanna. Önnur leið er fær þar sem farið verði inn í samþykktir Isavia og því gert skylt að setja ákveðið hlutfall tekna sinna til annarra valla en Keflavíkurflugvallar,“ segir Bjarkey.

**sveinn@frettabladid.is**

KIA Ábyrgð fylgir!

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is




**Kia Sorento EX Premium**
Árgerð 5/2014, ekinn 92 þús. km, dísil, 2.200cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.
**5.990.000 kr.**
49.200 kr. á mánuði*




**Kia Sportage EX 4WD**
Árgerð 9/2014, ekinn 86 þús. km, dísil, 2.000 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,2 l/100 km.
**3.990.000 kr.**
33.200 kr. á mánuði*




**Kia cee'd LX**
Árgerð 9/2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.400 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn, eyðsla 4,2 l/100 km.
**2.690.000 kr.**
22.300 kr. á mánuði*




**Kia Optima EX Premium**
Árgerð 3/2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 1.700 cc, 136 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, eyðsla 4,6 l/100 km.
**3.990.000 kr.**
33.200 kr. á mánuði*

* Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16


NISSAN
Innovation that excites
TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN NISSAN PULSAR MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA
PULSAR
ENNEMM / SÍA / NM77164 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
NISSAN DESIGN STUDIO FOR PULSAR
KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI 260.000 KR.
NÚ FÆRÐU BEST ÚTBÚNA BÍLINN Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI MEÐ VETRAR- OG/EÐA AUKAHLUTAPAKKA
Með úrvali Nissan Design Studio aukahluta getur þú aðlagað bílinn að þínum smekk og/eða smellt undir hann nýjum vetrardekkjum. Þú ræður! Láttu sölumenn Nissan segja þér allt um hvað er í boði.
VISIA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.090.000 KR.
ACENTA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.390.000 KR.
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L









Fram kemur í greiningunni að biðlistar eftir hjúkrunarheimilum hafi nær tvöfaldast og að eldra fólk eyði lengri tíma á spítala hér en á hinum Norðurlöndunum. Ísland standi frammi fyrir tveimur vandamálum. Að eldast og fitna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hægt að lækna kerfið með meiri einkarekstri

**Opinber rekstur í heilbrigðiskerfinu líður fyrir skort á samkeppni, að mati efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Stórar áskoranir eru fram undan í heilbrigðismálum. Bjóða mætti út rekstur allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins telur að lausnin á aðkallandi vandamálum í heilbrigðiskerfinu felist í auknum einkarekstri. Bregðast þarf við áskorunum í heilbrigðiskerfinu með því að bjóða út rekstur allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og leggja áherslu á hagkvæmari úrræði, til að mynda heimaþjónustu, hjá sveitarfélögum. Þetta kemur fram í greiningu sviðsins, Heilbrigð samkeppni: Áskoranir og tækifæri í íslenskri heilbrigðisþjónustu.

Fram kemur í greiningunni að Ísland standi frammi fyrir tveimur vandamálum sem muni koma til með að auka kostnað vegna heilbrigðismála, annars vegar öldrun þjóðar og hins vegar það að þjóðin sé að fitna. Heilbrigðisútgjöld séu stærsti útgjaldapóstur ríkissjóðs og ef áfram haldi sem horfir muni vægi hans í útgjöldum ríkissjóðs aukast á komandi árum.

Þrjár leiðir geti mætt þessu vandamáli, skattahækkanir, aukin greiðsluþátttaka sjúklinga og aukin skilvirkni og hagkvæmari nýting fjármuna. Efnahagssviðið telur þriðju leiðina þá bestu og að mörg sóknarfæri liggi í aukinni skilvirkni og hagkvæmari nýtingu fjármuna.

> Við erum að eldast hratt og það mun leiða til þess að það þarf að þjónusta fleiri. Sums staðar erum við með innviði til að gera það, en annars staðar ekki.



Tryggvi Másson, viðskiptafræðingur á efnahagssviði SA

„Mikilvægasti punkturinn í þessu er að við erum að eldast hratt og það mun leiða til þess að það þarf að þjónusta fleiri. Sums staðar erum við með innviði til að gera það, en annars staðar ekki," segir Tryggvi Másson, viðskiptafræðingur á efnahagssviði SA.

Í greiningunni eru sjö tillögur um hvernig hægt sé að bregðast við þeim áskorunum sem við okkur blasa í heilbrigðismálum. Þar má nefna útboð á öllum rekstri allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og að auka möguleika heimilislækna til að starfa sjálfstætt. Einnig að í langtímaumönnun þurfi sveitarfélög að greiða umframkostnað ef þau geta ekki tekið á móti sjúklingum frá sjúkrahúsum og að lögð verði áhersla á hagkvæmari úrræði, til dæmis heimaþjónustu. Þar segir að virkari samkeppni og hagnaðarsjónarmið drífi eigendur áfram til aukinnar skilvirkni og betri nýtingar á almannafé.

„Við höldum að þetta verði hagkvæmara út frá skilvirknisjónarmiðum, þrátt fyrir að heilsugæslustöðvar séu margar núna, þá virðist vera skortur á samkeppni milli þeirra. Sjúklingar eru ekki að nýta sér val til að fara á milli þeirra í nógu miklum mæli því þeir sjá ekki ábatann í því. Skjótari þjónusta og styttri biðlistar gætu verið í boði á einkareknum stöðvum," segir Tryggvi. „Það þarf að bæta starfsumhverfið til að fleiri vilji gerast heimilislæknar, því það er líka hluti af vandamálinu."

**saeunn@frettabladid.is**

# Umdeildur þrátt fyrir friðarverðlaun

**ÍSRAEL** Einn af risunum í ísraelskum stjórnmálum, Shimon Peres, lést í gær, 93 ára gamall.

Hann fékk heilablóðfall fyrir hálfum mánuði en var byrjaður að hressast aftur þegar heilsan versnaði skyndilega á þriðjudaginn.

Peres fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1994 fyrir hlut sinn í friðarsamningum við Palestínumenn og deildi þeim með Jasser Arafat, leiðtoga Palestínumanna, og félaga sínum, Jitshak Rabin. Arafat lést árið 2004 en Rabin var myrtur af ísraelskum námsmanni árið 1995.

Peres gegndi hins vegar einnig lykilhlutverki við að gera Ísrael að kjarnorkuríki, sem varð að veruleika á sjöunda áratug síðustu aldar.

Þótt Peres hafi notið mikils álits á alþjóðavettvangi fyrir hlutdeild sína í Óslóarsamningunum, þá var hann afar umdeildur innanlands og hart gagnrýndur bæði af Ísraelum og Palestínumönnum.



Shimon Peres ásamt ísraelskum sérsveitarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hann var fæddur í Hvíta-Rússlandi en kom til Palestínu með fjölskyldu sinni árið 1934. Hann gekk fljótlega til liðs við Zíonistaflokk Davids Ben Gurion, sem varð fyrsti forsætisráðherra nýs Ísraelsríkis árið 1948.

Sjálfur varð Peres þrisvar forsætisráðherra, lengst í rúm tvö ár. Loks varð hann forseti landsins árið 2007 og sat í sjö ár í því embætti. **– gb**


KAUPAUKI
Casual Sculpting Powder fylgir með ef keyptar eru 2 Toni&Guy vörur*
TONI&GUY
CREATE YOUR LOOK FROM THE HAIR DOWN
TONI&GUY
LONDON SALON EST 1963
CASUAL
SCULPTING POWDER
Mattifying, Volume & Texture
NET WT 0.035 Oz.
Tekur fitu, gefur hárinu fyllingu og mótar það með mattri loka áferð
LONDON SALON EST. 1963
NOTKUN
Setjið með fingrum beint í hársvörð og nuddið hárið létt alveg að endum og fáið flotta fyllingu í hárið eða setjið aðeins í botninn til að lyfta.
TONI&GUY CASUAL SCULPTING POWDER
Passar í handtöskuna. Gefur samstundis fyllingu og létt hár þegar þarf að fríska upp á lúkkið í partíinu.
*Tilboðið gildir frá 29. september – 9. október á meðan birgðir endast.
20% afsláttur af Toni&Guy vörum frá 29. september - 9. október.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Bankinn er sagður hafa tapað 317 milljónum dollara. NORDICPHOTOS/GETTY

## Meint vændi í milljarðasvindli

**VIÐSKIPTI** Fyrrverandi starfsmenn breska bankans og tryggingafyrirtækisins HBOS, sem er í eigu Lloyds Banking Group, þáðu stórgjafir, lúxusferðir til útlanda og þjónustu dýrra fylgdarkvenna til að koma á tengslum sem auðvelduðu samverkamönnum þeirra að taka yfir mörg illa stæð fyrirtæki. Svindlið er sagt hafa kostað bankann 317 milljónir dollara, að því er kemur fram á vef Bloomberg-fréttaveitunnar. Lögreglurannsókn leiddi í ljós að ráðgjafarfyrirtæki hafði mútað deildarstjóra í bankanum gegn aðstoð við svindlið.

Í bankakreppunni á Englandi bjargaði ríkið HBOS sem fór síðan undir stjórn Lloyds Banking Group. **– ibs**

**317**

milljónir dollara kostaði svindlið HBOS-bankann.

## Martröð barnanna í Aleppo



Frá því á föstudaginn hafa að minnsta kosti 96 börn fallið og 223 særst í austurhluta borgarinnar Aleppo í Sýrlandi, þar sem stjórnarherinn hefur með aðstoð Rússa varpað sprengjum daglega. „Börnin í Aleppo eru föst í raunverulegri martröð,“ sagði Justin Forsyth, aðstoðarframkvæmdastjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, þegar hann skýrði frá þessu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Starfsmaður Svíþjóðardemókrata í sænska þinginu hagnaðist um sex milljónir sænskra króna í viðskiptum við rússneskan afbrotamann. Hann hætti á laugardag.

## Ógn af starfsmanni í sænska þinginu sem gekk undir 5 nöfnum

**SVÍÞJÓÐ** Formenn sænsku þingflokkanna hafa fundað vegna máls fyrrverandi starfsmanns á skrifstofu Svíþjóðardemókrata. Sænska ríkisútvarpið segir marga sérfræðinga telja að möguleg ógn stafi af manninum sem kallar sig Egor Putilov. Starfsmaðurinn hætti störfum á laugardaginn eftir að afhjúpað var að hann hefði átt í fasteignaviðskiptum við rússneskan afbrotamann sem er með tengsl við rússnesk yfirvöld. Putilov er sagður hafa hagnast um sex milljónir sænskra króna á viðskiptunum.

> Sænska ríkisútvarpið segir marga sérfræðinga telja að möguleg ógn stafi af manninum sem kallar sig Egor Putilov.

Greint hefur verið frá því að Putilov hafi gengið undir að minnsta kosti fimm nöfnum.

Þingflokksformaður Miðflokksins, Anders W. Jonsson, segir ekki nóg að Putilov hafi sagt starfi sínu lausu og hætt þegar í stað. Jonsson segir að Svíþjóðardemókratar verði að svara því hver maðurinn sé, hvers vegna hann hafi fengið háa fjárhæð frá rússneskum kaupsýslumanni og hver hafi látið hann fá verkefni. **– ibs**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

# Rússar neita þrátt fyrir óyggjandi sannanir

**Rússar neita enn að hafa átt nokkurn þátt í að skjóta niður farþegaþotu yfir Úkraínu fyrir tveimur árum. Rannsóknarnefnd segir að flugskeytið hafi verið rússneskt og því verið skotið upp frá svæðum uppreisnarmanna í Úkraínu.**

**HOLLAND** Óyggjandi sannanir eru fundnar um að rússneskt flugskeyti af gerðinni Buk 9M38 hafi verið notað til að skjóta niður malasíska farþegaþotu yfir austanverðri Úkraínu þann 17. júlí árið 2014.

Þetta fullyrðir rannsóknarnefnd undir stjórn hollenskra sérfræðinga, sem í gær kynnti skýrslu um rannsóknir sínar.

Um borð í vélinni, sem var á leiðinni frá Amsterdam til Kúala Lúmpúr, voru 298 manns sem allir létu lífið.

Nefndin segir að flugskeytið hafi verið flutt ásamt skotbúnaði af gerðinni Buk-Telar frá Rússlandi fyrr um daginn. Flugskeytinu hafi verið skotið frá akri sem er í sex kílómetra fjarlægð suður af bænum Snizhne, sem þá var á valdi úkraínskra uppreisnarmanna.

Rannsóknarnefndin segist hafa fundið hluta úr slíku flugskeyti á staðnum þar sem flugvélin hrapaði. Við rannsóknina hafi einnig verið notast við frásagnir vitna, ljósmyndir, myndbandsupptökur og símtöl.

Rússar hafa alla tíð þvertekið fyrir að hafa átt þarna nokkurn hlut að máli. Þeir ítrekuðu það í gær, segja rannsóknina ómarktæka og hlutdræga, byggða á draumórum sem fyrirfram hafi átt að leiða af sér niðurstöður sem henti Vesturlöndum.

„Allt til þessa dags hafa rannsóknarmennirnir haldið áfram að hunsa þær yfirgnæfandi sannanir sem Rússar hafa útvegað, þrátt fyrir þá staðreynd að Rússar hafa einir lagt fram nákvæmar upplýsingar,“ segir í yfirlýsingu frá rússneska utanríkisráðuneytinu.



Rússnesk flugskeyti og skotbúnaður af svipaðri gerð og notaður var til að skjóta þotuna niður. Rannsóknarnefndin kynnti niðurstöður sínar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**298**

manns fórust með farþegaþotunni sem skotin var niður 17. júlí árið 2014.

Uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu hafa viljað nánari samskipti við Rússland, margir jafnvel aðskilnað svæðisins frá Úkraínu og sameiningu þess við Rússland. Úkraínustjórn og leiðtogar á Vesturlöndum hafa sakað Rússa um að hafa veitt þeim hernaðaraðstoð, en Rússar segja jafnan ekkert hæft í því.

Úkraínustjórn segir hins vegar að niðurstöður rannsóknarnefndarinnar sýni með ótvíræðum hætti að Rússar hafi átt beinan hlut að því að skjóta þotuna niður.

Fulltrúar Ástralíu, Belgíu, Hollands, Malasíu og Úkraínu hafa hist í New York í tengslum við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til að ræða möguleikana á málsókn gegn Rússum. Ríkisborgarar frá öllum þessum löndum voru um borð í farþegaþotunni þegar hún var skotin niður.

gudsteinn@frettabladid.is

# BROTIN LOFORÐ UM GERÐ BÚVÖRUSAMNINGA

Alþýðusamband Íslands, Félag atvinnurekenda, Neytendasamtökin, Samtök skattgreiðenda, Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaráð Íslands óskuðu þess í aðdraganda nýgerðra búvörusamninga að stjórnvöld gættu hagsmuna alls almennings umfram sérhagsmuni einstakra starfsgreina.

Við settum fram skýr markmið um nýja búvörusamninga:

1. Að lækka matvælaverð.
2. Að tryggja rekstargrunn landbúnaðar sem atvinnugreinar.
3. Að niðurgreiðslur færðust frá sértækum búgreinastuðningi í átt að almennari jarðræktarstuðningi.
4. Að stuðla að aukinni samkeppni á búvörumarkaði.
5. Að lækka tolla á landbúnaðarvörum um 50% og afnema tolla á alifuglum og svínakjöti.

Alþingi samþykkti hins vegar búvörusamninga til 10 ára án þess að taka tillit til þessara sjónarmiða og gæta hagsmuna almennings, neytenda og skattgreiðenda.

Þrátt fyrir að meirihluti atvinnuveganefndar kalli nú eftir þjóðarsamtali um landbúnað með aðkomu neytenda, samtaka launafólks og atvinnulífs er ljóst að loforð um endurskoðun búvörusamninga var brotið. Óskilvirkt og kostnaðarsamt landbúnaðarkerfi hefur verið fest í sessi enda hafa bændur fullt vald til að hafna öllum þeim breytingatillögum sem þeim hugnast illa.

Það er skýr krafa framangreindra samtaka að nýtt þing endurskoði núverandi landbúnaðarkerfi með heildarhagsmuni að leiðarljósi. Sátt um íslenskan landbúnað er öllum til hagsbóta, ekki síst bændunum sjálfum.

Neytendasamtökin

SVÞ

FÉLAG ATVINNUREKENDA

SAMTÖK SKATTGREIÐENDA

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Alþýðusamband Íslands

# Fá sálfræðiaðstoð til að ráða við álagið

**Þeir lögreglumenn sem starfa við rannsóknir tölvugagna eru sammála um að erfiðustu málin séu þau sem varða ofbeldi gegn börnum. Í þeim málaflokki hefur gagnamagnið aukist gríðarlega. Þeir fá sálfræðiaðstoð greidda af embættinu til að ráða betur við álagið.**

**LÖGREGLUMÁL** Á lögreglustöðinni á Vínlandsleið í Grafarvogi starfar stoðdeild löggæslusviðs, tölvurannsókna- og rafeindadeild. Í deildinni eru fjórir starfsmenn, þrír starfsmenn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og einn starfsmaður lögreglustjórans á Suðurnesjum. Allir eru þeir í einhvers konar námi til að bæta við kunnáttu sína. Mikil þörf er á því þar sem framþróun tækninnar er síbreytileg og hröð.

Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi hefur orðið var við gríðarlega breytingu á umhverfinu síðasta áratug. „Þegar ég byrjaði í þessu árið 2007 þá var kannski algengt að við haldlegðum eina tölvu og einn síma. Tölvan var pínulítil, hún var kannski á 60 gígabæta hörðum diski og síminn var einfaldur Nokia-sími.

Í dag er ekkert óeðlilegt að við tökum mörg tæki frá einum aðila. Marga síma og tölvur sem hver er með geymslupláss sem er mælt í terabætum," segir Steinarr. Hann kemur með dæmi um það hversu mikið gagnamagnið hefur aukist. „Við sjáum það í myndefni sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Við sáum áður myndskeið sem voru 20 sekúndur í mjög litlum gæðum. Í dag erum við að finna sömu myndskeið þar sem þau eru orðin miklu lengri, jafnvel klukkutímalöng, í fullum gæðum. Þannig að þróunin, tækniþróunin, breytir öllu umhverfi okkar," segir hann.


**Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi segir framþróun í tækni krefjandi.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í ársbyrjun tók gildi samkomulag milli ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjóra Suðurnesja og héraðssaksóknara um samvinnu á sviði tölvu- og netglæpa.

Markmið samstarfsins er að nýta núverandi mannauð og aðrar fjárfestingar lögreglu sem best og auka gæði rannsókna. Enn fremur að móta framtíðarsýn fyrir málaflokkinn, byggða á þeirri reynslu sem þegar er til, reynslunni af væntanlegu samstarfi og þróuninni í málaflokknum hjá öðrum ríkjum.

> **Þetta er ljótasti málaflokkurinn en brotin hafa samt alltaf verið til þótt aðgengið sé auðveldara með netinu og gagnamagnið hafi aukist.**
>
> Steinarr Kr. Ómarsson , lögreglufulltrúi

## Dæmi um netglæpi

- Barnaklám (barnaofbeldi)
- Hefndarklám
- Svik og fjármunabrot
- Netkúgun
- Myndbirtingarkúgun
- Brot sem beinast gegn tölvubúnaði eins og vírusar, spilliforrit (e. malware) og DDoS-árásir
- Tölvubúnaður notaður í afbrotinu eins og á veiðisíðum (e. phising)
- Ransomware (er tegund af spilliforriti sem takmarkar aðgang að gögnum nema greitt sé fyrir að aflétta læsingum að þeim)
- Cyber terrorism

Með tilkomu samkomulagsins komu tveir starfsmenn til liðs við deildina, einn frá Suðurnesjum sem hefur starfsaðstöðu þar í dag og einn starfsmaður héraðssaksóknara, Heiðar Guðnason sérfræðingur sem býr líkt og aðrir starfsmenn yfir mikilvægri sérþekkingu sem nýtist lögreglu vel.

„Það sem hefur gerst síðustu ár er að aðgengi að tölvubúnaði við brot hefur aukist mikið á sama tíma og gagnamagn hefur aukist mikið. Það gerir kröfu um mikla og góða þekkingu og tól til að vinna úr þessum gögnum. Það er eiginlega ástæðan fyrir því að þessi litli hópur tók sig saman til þess að vinna að því að samnýta þá þekkingu sem til var innan lögregluembættisins," segir hann.

Heiðar nefnir eitt dæmi af mörgum um tölvuglæp sem er tiltölulega auðvelt að fremja í dag. „Að falsa tölvupóst, þessi þjónusta er frí og það er auðvelt að nálgast hana á netinu. Það er ekkert áberandi að þetta sé svindl og menn geta komist ansi langt á tölum og þjónustu sem er frí," bendir hann á.

Erfiðustu viðfangsefni deildarinnar eru þó ekki þau sem eru tæknilega flókin, enda eru þau í raun þau verkefni sem er mest spennandi að kljást við. Erfiðustu verkefnin varða ofbeldi gegn börnum. „Það sem fer verst í okkur er allt sem tengist ofbeldi gegn börnum, það er það allra ljótasta," segir Steinarr sem segir lögreglumenn deildarinnar fá að fara til sálfræðinga á kostnað embættisins til að ráða við það tilfinningaálag sem skapast af því að sjá slíkt efni. „Þetta er ljótasti málaflokkurinn en brotin hafa samt alltaf verið til þótt aðgengið sé auðveldara með netinu og gagnamagnið hafi aukist. Barnaklámið hefur alltaf verið til. Það var áður á prentuðu formi. Ég man eftir máli þar sem við tókum VHS-spólur með barnaklámi. Þá vorum við að telja efnið í mínútum. Fjöldi ljósmynda var í tugum. Nú erum við að sjá mál þar sem um er að ræða tugi þúsunda ljósmynda og marga klukkutíma af efni," segir Steinarr.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**


Rokka

MÓAKOT VERÐUR MEÐ KYNNINGU
29. SEPTEMBER KL. 16-18






NÝTT SILK KID MOHAIR
verð áður 1.598 kr./dk.



NÝTT HEMP COTTON
verð áður 798 kr./dk.



NÝTT NR. 4 ORGANIC WOOL
verð áður 855 kr./dk.



NÝTT FINO COTTON + MERINO WOOL
verð áður 798 kr./dk.

MÓAKOT verður með kynningu í Fjarðarkaupum/Rokku fimmtudaginn 29 sep. kl.16 - 18.

Heiðbjörg ný Landnámsdóttir verður kynnt. Þennan dag verður einnig afsláttur af Einbandi og Lopa frá Ístexi í tilefni dagsins. Hlökkum til að sjá þig.



EINBAND
verð áður 348 kr./dk.



PLÖTULOPI
verð áður 468 kr./dk.

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort Tilboð gilda til 1. október

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is

FK FJARÐARKAUP

# DEBENHAMS

*Ertu í réttri stærð?*



## KOMDU Í FRÍA BRJÓSTAMÆLINGU

**VIÐ HJÁLPUM ÞÉR** AÐ FINNA
BRJÓSTAHALDARA **SEM HENTAR ÞÉR**



Triumph | THE COLLECTION DEBENHAMS | gorgeous DEBENHAMS | spirit AT DEBENHAMS | FEMILET | Reger by Janet Reger

# 20% AFSLÁTTUR

## AF UNDIRFÖTUM FYRIR DÖMUR

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

**Opið** 11 - 21 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Ernir Eyjólfsson
ernir@365.is

Norðurljósin hafa skartað sínu fegursta að undanförnu. Þúsundir ferðamanna hafa pantað sér ferðir með ferðaskrifstofum víða um land og fór ljósmyndari Fréttablaðsins með í eina slíka í Ölfus á þriðjudag. Einar Bárðarson, rekstrarstjóri Reykjavík Excursions, segir að síminn hafi varla stoppað á skrifstofunni og fjölmargir ferðamenn vilji komast í ferðir til að dást að ljósadýrðinni. Norðurljósatíðin hefst fyrir alvöru í október en samkvæmt könnun Höfuðborgarstofu frá 2014 segist mikill meirihluti koma til landsins til að njóta dans norðurljósanna.



Ljósadýrðin náði hámarki í gær en mikið fjör var í ferð Gray Line í Ölfus á þriðjudag þar sem ljósmengun er lítil sem engin og því góður staður til að njóta sýningarinnar.

# Norðurljósin dönsuðu um himininn og áhorfendur fylgdust agndofa með



Hungjai, Jennifer og Katelyn frá Hong Kong voru þarna fyrsta kvöldið sitt á Íslandi og komu aðallega til að sjá norðurljósin. Sjálf norðurljósavertíðin hefst ekki fyrr en í október. Þá koma flestir gagngert til landsins til að sjá norðurljósin.



Í könnun Höfuðborgarstofu frá 2014 kom í ljós að um 70% ferðamanna komu hingað til lands til að sjá norðurljós og völdu Ísland fram yfir Noreg vegna verðlags.



Þó ljósadýrðin hafi sjaldan verið meiri í himinhvolfunum og búið sé að ferðast hálfan hnöttinn til að sjá þau varð Katelyn að láta umheiminn vita og setti inn mynd á Fésbókina. Hún fékk 806 læk.



Darren leiðsögumaður fræðir fólk um allt milli norðurljósa og jarðar. Hann kemur frá Bandaríkjunum og sagði nokkra brandara á leiðinni – meðal annars um Donald Trump sem fór misjafnlega í gestina.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**TILBOÐ 3.290.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** BKL92
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 104.000 km. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.590.000 kr.~~



**VERÐ 1.890.000 kr.**
**Citroën C3 Seduction** SRE78
Skráður júlí 2013, 1,4 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 50.000 km. Litur: Rauður




**VERÐ: 2.590.000 kr.**
**Peugeot 508 Active** RLF72
Skráður janúar 2014, 1,6Hdi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 128.000 km. Litur: Grár



**VERÐ 2.090.000 kr.**
**Citroën C4 Cactus Live** RXZ72
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 60.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár/svartur




**TILBOÐ: 2.790.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium Station** YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 121.000 km. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.590.000 kr.~~



**VERÐ: 1.490.000 kr.**
**Citroën C1 Feel** SBL31
Skráður maí 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 30.500 km. Litur: Silfurgrár
Í ábyrgð



**VERÐ: 3.390.000 kr.**
**Citroën Grand C4 Picasso Seduction** ZLG41
Skráður júní 2015, 1,6Hdi dísil, beinskiptur.
Ekinn 40.000 km. Litur: Hvítur
Í ábyrgð




**VERÐ: 2.350.000 kr.**
**Ford Fiesta Titanium** JLM43
Skráður maí 2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 44.000 km. Litur: Rauður
Í ábyrgð



**VERÐ 2.690.000 kr.**
**Peugeot 308 Active** GZH16
Skráður apríl 2015, 1,6Hdi dísil, beinskiptur
Ekinn 64.500 km. Í ábyrgð. Litur: Dökkblár




**TILBOÐ 4.190.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** DUB15
Skráður mars 2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfsk.
Ekinn 73.000 km. Í ábyrgð. Litur: Grár
~~Verð 4.490.000 kr.~~



**TILBOÐ 3.590.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** DPX58
Skráður febrúar 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 106.000 km. Litur: Hvítur
~~Verð 3.890.000 kr.~~



**TILBOÐ: 6.590.000 kr.**
**Volvo XC70 Momentum** OJP65
Skráður apríl 2015, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 43.000 km. Litur: Hvítur
Í ábyrgð
~~Verð: 6.990.000 kr.~~

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

2016

# Áherslur stjórnmálaflokkanna í stjórnarskrármálinu

Flestir stjórnmálaflokkanna vilja að breytingar verði gerðar á stjórnarskránni sem taki mið af vinnu stjórnlagaráðs.

### Björt framtíð

- Þjóðinni verði sett ný stjórnarskrá á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs.
- Nýrri stjórnarskrá fylgi skýr lögskýringargögn, til dæmis greinargerðin með henni.
- Þjóðin fái tíma til þess að kynna sér endanlegt plagg áður en það verður að stjórnarskrá.

xA

### Framsóknarflokkurinn

- Breytingar verði gerðar sem lúta að nýju auðlindaákvæði og skýrum ákvæðum um beint lýðræði.
- Ekki verði opnað á framsal fullveldis.
- Í stjórnarskránni verði heimilaðar tvær umferðir í forsetakosningum ef enginn frambjóðandi hlýtur meirihluta atkvæða.

xB

### Viðreisn

- Samkomulag sé um heildstætt, skýrt og tímasett ferli sem hefur að markmiði að til verði ný stjórnarskrá.
- Ferlið taki mið af tillögum stjórnlagaráðs og annarri vinnu að breytingum á síðari stigum.

xC

### Sjálfstæðisflokkurinn

- Vandað verði til verka og forðast að kollsteypur verði á stjórnarskránni.
- Breytingar verði gerðar í víðtækri pólitískri sátt og ekki knúnar áfram í krafti meirihluta hverju sinni.
- Við breytingar á stjórnarskrá sé stöðugleiki í stjórnskipun landsins tryggður.

xD

### Íslenska þjóðfylkingin

- Engin stefna verið mótuð varðandi breytingar á stjórnarskránni.
- Núgildandi stjórnarskrá í meginatriðum góð.

xE

### Flokkur fólksins

- Vilja líta til vilja kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni.
- Eru fylgjandi beinu lýðræði og dregið verði úr vægi valdhafanna.
- Vilji almennings um stjórnarskrárákvæði varðandi sameign á náttúruauðlindum verði virtur.

xF

### Húmanistaflokkurinn

- Vilja að stjórnarskrárfrumvarp stjórnarskrárnefndarinnar verði að lögum.
- Telja að stjórnarskrárfrumvarp stjórnlagaráðs gangi þó ekki nógu langt.
- Vilja að hægt sé að greiða atkvæði um ríkisfjármál og skatta.
- Aukin áhersla verði á beint lýðræði.
- Beint lýðræði á vinnustað verði aukið.

xH

### Píratar

- Ný stjórnarskrá verði samþykkt á grundvelli vinnu stjórnlagaráðs.
- Dregið verði úr miðstýringu valds á öllum sviðum og lýðræði eflt í þeim formum sem bjóðast.

xP

### Alþýðufylkingin

- Ekki forgangsmál að breyta stjórnarskránni til að koma á samfélagslegum breytingum.
- Vilja aukna aðkomu almennings að málum gegn um þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Styðja ákvæði í frumvarpi stjórnarskrárnefndar um náttúruauðlindir.
- Setja mætti í stjórnarskrá ákvæði um hámarks launamun, félagslegan rekstur á innviðum samfélagsins og fleira sem setur auðstéttinni skorður en bætir réttarstöðu alþýðunnar.

xR

### Samfylkingin

- Stjórnarskránni verði breytt á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs sem meirihluti landsmanna studdi í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Eftir kosningar setji Alþingi af stað vinnu við að fullbúa nýja stjórnarskrá og bera hana undir þjóðina.

xS

### Dögun

- Ný stjórnarskrá verði samþykkt fyrir þjóðina. Byggt verði á niðurstöðum í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012.
- Tryggt verði auðlindaákvæði þar sem þjóðinni er tryggður eignarrétturinn á auðlindum Íslands.
- Ákvæði verði um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur óski 10 prósent kjósenda þess.
- Ný stjórnarskrá tryggi almenningi aðgang að öllum upplýsingum sem opinberir aðilar safna í samræmi við persónuverndarlög.

xT

### Vinstri græn

- Lokið verði við heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands til að þjóðin eignist framsækna stjórnarskrá.
- Staðið verði við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu um að byggja á grunni vinnu stjórnlagaráðs.
- Sett verði áætlun um það hvernig þráðurinn verði tekinn upp að nýju.
- Efnisleg umræða verði um tillögur stjórnlagaráðs um allt land áður en þær verða teknar til þinglegrar meðferðar aftur.

xV

# Tillögum stjórnlagaráðs verði fylgt

**Flestir sem bjóða fram í alþingiskosningunum hinn 29. október næstkomandi vilja að unnið verði að breytingum á stjórnarskrá með tillögur stjórnlagaráðs að leiðarljósi. Sjálfstæðisflokkurinn vill forðast kollsteypur á stjórnarskránni og leggur áherslu á sátt.**

Kosningar 2016



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Stjórnlagaráð, sem fyrst hét stjórnlagaþing, hafði það hlutverk að skrifa frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Vinnunni lauk í júlí 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flestir þeir sem hyggjast bjóða fram í kosningunum til Alþingis í október vilja að stjórnarskráin verði endurskoðuð og frumvarp stjórnlagaráðs lagt til grundvallar.

Eftir alþingiskosningar 2009 var ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ákveðið var að kosið yrði til stjórnlagaþings sem skyldi koma saman og semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Kosið var hinn 27. nóvember 2010. Þó fór svo að kosningar til stjórnlagaþings voru kærðar til Hæstaréttar Íslands sem ógilti kosningarnar vegna ágalla. Þá var sett á fót stjórnlagaráð, skipað sömu aðilum og hlutu kosningu til stjórnlagaþings, sem myndu skrifa frumvarpið. Stjórnlagaráð skilaði svo Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, þáverandi forseta Alþingis, nýju frumvarpi að stjórnarskrá hinn 27. júlí 2011. Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögurnar fór svo fram 20. október 2012.

Í nóvember 2013, eftir að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn höfðu myndað meirihluta, skipaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, stjórnarskrárnefnd. Hún var fyrst undir forystu Sigurðar Líndal, prófessors emeritus, en síðar tók Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, við formennsku.

Við vinnu sína var nefndinni meðal annars ætlað að hafa til hliðsjónar tillögur stjórnlagaráðs og stjórnlaganefndar, niðurstöður ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og starf þeirrar stjórnarskrárnefndar sem starfaði 2005-2007. Sú nefnd skilaði af sér þremur frumvörpum í júlí síðastliðnum, sem Páll Þórhallsson taldi að myndi endurspegla það sem næst yrði komist málamiðlun milli flokkanna um umdeild atriði. Frumvörpin fjölluðu um þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd og þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda. Sigurður Ingi Jóhannsson lagði svo fram frumvarp til laga, í eigin nafni, um breytingu á stjórnarskránni sem enn er í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eftir 1. umræðu.

> **Við viljum setja niður áætlun um það hvernig við tökum upp þennan þráð og förum í efnislega umræðu.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

Smári McCarthy, frambjóðandi Pírata, segir að flokkurinn leggi áherslu á að ný stjórnarskrá verði samþykkt á næsta kjörtímabili. „Við leggjum til grundvallar þá stjórnarskrá sem var samþykkt af stjórnlagaráði og samþykkt í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir hann. Þetta mál sé eitt af aðaláherslumálum Pírata, einn af fimm stóru þáttunum sem framboðið leggur áherslu á.

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir flokkinn líka vilja klára stjórnarskrá sem er á grundvelli tillagna stjórnlagaráðsins.

Í sama streng tekur Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. „Við viljum setja niður áætlun um það hvernig við tökum upp þennan þráð og förum í efnislega umræðu um þessar tillögur út um allt land á meðal fólks, áður en þær verða teknar til þinglegrar meðferðar.“ Hún segir að VG líti svo á að það sé skylda allra stjórnmálaflokka að vinna út frá niðurstöðum stjórnlagaráðs.

Sjálfstæðismenn leggja áherslu á að vandað verði til verka og forðast að verði kollsteypur á stjórnarskránni. Flokkurinn vill að breytingar verði gerðar í víðtækri pólitískri sátt og ekki knúnar áfram í krafti meirihluta hverju sinni. Við breytingar á stjórnarskrá verði stöðugleiki í stjórnskipun landsins tryggður.




# Saumaðu á barnið

SÝNIKENNSLA Í BARNAFATASAUM ÚR EFNUM FRÁ FÖNDRU
LAUGARDAGINN 1. OKTÓBER KL. 11-16

LJÓS OG LÍFSSTÍLL Í 85 ÁR

**Komdu á barnafatadaga hjá Pfaff 30. september til 3. október** og lærðu að sauma á börnin eða fáðu frábærar nýjar hugmyndir að fallegum fötum sem krakkarnir vilja vera í. Nýjustu sniðin og skemmtilegu efnin frá Föndru verða notuð í sýnikennslunni.






20% AFSLÁTTUR af öllum saumavélum nema útsaumsvélum




**PFAFF** - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 414 0400 - www.pfaff.is

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-18 OG Á LAUGARDÖGUM KL. 11-16



Kristinn D. Grétarsson er forstjóri ORF líftækni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Bioeffect tapaði 11 milljónum

Tap var á rekstri félagsins Bioeffect ehf. um 11 milljónir króna árið 2015. Viðsnúningur var hjá félaginu en árið áður nam hagnaður félagsins 3,1 milljón króna.

Bioeffect framleiðir og selur snyrtivörur og innihaldsefni fyrir snyrtivörur. Auk þess rannsakar félagið innihaldsefni fyrir snyrtivörur og þróar afurðir úr þeim, að því er kemur fram í ársreikningi félagsins. Vörur Bioeffect eru seldar í yfir þúsund verslunum í yfir þrjátíu löndum. Eins og Markaðurinn greindi frá á dögunum voru vörur félagsins nýlega teknar til sölu í Harrods á Englandi.

Heildarvelta félagsins árið 2015 nam 713 milljónum króna, samanborið við 573 milljónir króna árið 2014, og jókst því um 24,5 prósent milli ára.

Eigið fé í árslok 2015 nam 44,4 milljónum króna, og dróst saman milli ára. Eignir í árslok námu 339 milljónum króna, samanborið við 289 milljónir króna í árslok 2015.

Bioeffect er í eigu ORF líftækni hf.
**– sg**

# Deutsche Bank á barmi falls

**Þýski bankarisinn Deutsche Bank stendur frammi fyrir himinhárri sekt bandarískra stjórnvalda sem nemur næstum því markaðsvirði bankans. Tvennum sögum fer af því hvort þýsk yfirvöld muni bjarga honum.**

Misvísandi frásagnir hafa verið í fjölmiðlum á undanförnum dögum vegna mögulegrar björgunaráætlunar þýskra stjórnvalda um þýska bankarisann Deutsche Bank, en bankinn stendur nú frammi fyrir því að greiða allt að 14 milljarða dollara, 1.600 milljarða íslenskra króna, sekt til bandarískra stjórnvalda. Sektin jafngildir nærri því markaðsvirði bankans, sem nam 18 milljörðum dollara, 2.000 milljörðum króna, í byrjun viku.

Gengi hlutabréfa í bankanum hafa lækkað um 51,5 prósent það sem af er ári. Lækkunin hófst í byrjun árs sökum þess að fjárfestar óttuðust eiginfjárstöðu bankans og að hann væri of tengdur orkugeiranum. Á síðustu þremur dögum hefur gengi hlutabréfa í bankanum hins vegar lækkað um fjögur prósent, meðal annars vegna þess að bandarísk stjórnvöld tilkynntu um sekt á hendur bankanum að fjárhæð 1.600 milljarðar króna vegna ásakana bandarískra stjórnvalda um að bankinn hafi selt undirmálslán sem öruggari lán en þeir vissu að þau væru fyrir um áratug.

Í gær var tilkynnt um það að Deutsche hefði selt breska tryggingafélagið Abbey Life til Phoenix Group Holdings. Söluverðið er 1,22 milljarðar dollara, jafnvirði 140 milljarða íslenskra króna. Þetta ýtti undir hækkun hlutabréfa í Deutsche.

**51,5%**
**lækkun hefur orðið á hlutabréfum í Deutsche Bank það sem af er ári.**

**1.600**
**milljörðum króna nemur sekt bandarískra yfirvalda.**

Forsvarsmenn Deutsche Bank hafa á síðustu dögum lýst því yfir að þeir hafi engar áætlanir um að greiða heildarsektina, en sögulega eru dæmi um að bankar, til að mynda Goldman Sachs, hafi getað samið um lægri fjárhæðir.

Í gærmorgun sagði framkvæmdastjóri bankans, John Cryan, í samtali við þýska blaðið Bild að ekki væri þörf á fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum. Þvert á þessa yfirlýsingu greindi Die Ziet frá því að þýska ríkisstjórnin og fjármálayfirvöld væru að setja saman björgunaráætlun fyrir bankann. Reuters greindi svo frá því að þetta væri ekki rétt.




John Cryan, framkvæmdastjóri Deutsche, sagði í gær að ekki væri þörf á fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Die Zeit mun fjalla um björgunaráætlunina á morgun en hún felur meðal annars í sér að hlutar bankans yrðu seldir til annarra fjármálastofnana ef hann gæti ekki greitt sektina á hagkvæmu verði. Í versta falli myndi hins vegar ríkið eignast allt að 25 prósenta hlut í bankanum. Þetta myndi auðvelda sameiningu við Commerzbank, sem er að 15 prósenta hluta í eigu ríkisins.

Forbes greinir frá því að Deutsche Bank hafi í raun aldrei jafnað sig af efnahagskreppunni árið 2008, bankinn standi ennþá veikum fótum, sé undirfjármagnaður og standi enn frammi fyrir alls kyns sektum. Í raun hafi hlutabréfaverðið verið á niðurleið frá árinu 2009, en aldrei fallið jafn hratt og í ár.

Deutsche átti í upphafi von á 2,4 milljarða sekt. Forbes greinir frá því að í ljósi þess verði lokafjárhæðin sem bankinn greiði í sekt á milli 2,4 og 14 milljarða dollara.

saeunn@frettabladid.is





Byggingaraðili á Garðatorgi er ÞG Verk ehf. sem ábyrgist traust, gæði og áreiðanleika í viðskiptum

Glæsilegar 99,8 - 195f fm útsýnisíbúðir
Aukin lofthæð í öllum íbúðum
Sér bílastæði í upphituðu bílahúsi
Sérlega vandaðar innréttingar og tæki
Húsin einangruð að utan og klædd með álklæðningu
Allar íbúðir í Garðatorgi 4 eru seldar 3 íbúðir eftir í 2a

Nánari upplýsingar veita:



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Jason Ólafsson
aðstm.fasteignasala
Sími: 775 1515
jason@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# HERTZBÍLAR Á BETRA VERÐI HEILSÁRSDEKK Í SKOTTINU

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

UB



Toyota Auris h/b Live
Bensín beinsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 69.000 km.
Verð 2.430.000,-
Betra verð 2.090.000,-

UB



Toyota Yaris h/b Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 54.000 km.
Verð 2.050.000,-
Betra verð 1.790.000,-

UB



Toyota Landcruiser 150 GX Leður
Dísil Sjálfsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 84.000 km.
Verð 7.950.000 kr,-
Betra verð 7.490.000,-

UB



Toyota Corolla live
Dísil Beinsk.
Á götuna 04.15 Ekinn 49.000 km.
Verð 2.590.000,-
Betra verð 2.390.000,-

UB



Toyota RAV4 GX Plus
Bensín Sjálsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 75.000 km.
Verð 4.550.000,-
Betra verð 4.190.000,-

UB



Toyota Auris w/g Live
Dísil Beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 53.000 km.
Verð 2.680.000,-
Betra verð 2.390.000,-

UB



Toyota Aygo x-play
Bensín Beinsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 53.000 km.
Verð 1.670.000,-
Betra verð 1.590.000,-

UB



Toyota Auris Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 05.12 Ekinn 117.000 km.
Verð 1.990.000,-
Betra verð 1.590.000,-

UB



Toyota RAV4 GX Plus
Dísil Sjálsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 82.000 km.
Verð 4.650.000,-
Betra verð 4.390.000,-

UB



Toyota Avensis w/g Active
Bensín Sjálsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 78.000 km.
Verð 3.480.000,-
Betra verð 3.190.000,-

UB



Toyota RAV4 GX
Bensín Sjálsk.
Á götuna 06.07 Ekinn 200.000 km.
Verð 1.690.000,-
Betra verð 1.370.000,-

UB



Toyota Landcruiser 150 GX
Dísil Sjálsk. Aukasæti
Á götuna 05.15 Ekinn 75.000 km.
Verð 8.590.000,-
Betra verð 8.070.000,-

## HEILSÁRSDEKK FYLGJA ÖLLUM HERTZBÍLUM

Fjöldi frábærra Hertzbíla á betra verði auk þess sem nýr gangur af heilsársdekkjum fylgir öllum seldum Hertzbílum.

Umboðssölubílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

Hertz®

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

# Sárþjáð kerfi



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Það er árangursrík aðferð til að svæfa mann hratt að ræða við hann um muninn á einkarekstri og einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það er hins vegar mjög kynþokkafullt umræðuefni út frá mælikvörðum pólitískrar rökræðu.

Nú er svo komið að Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra er að innleiða breytingar á rekstrarfyrirkomulagi heilsugæslunnar sem hafa staðið lengi fyrir dyrum. Opnaðar verða þrjár nýjar heilsugæslustöðvar sem reknar verða af fyrirtækjum í einkaeigu og þær breytingar verða gerðar á fjármögnun heilsugæslunnar að fjármagn mun fylgja hverjum sjúklingi með það fyrir augum að auka rekstrarskilvirkni og hagkvæmni.

Fram kemur í skýrslu McKinsey & Company um íslenska heilbrigðiskerfið sem kom út fyrr í þessum mánuði að fjöldi heimilislækna á Íslandi sé svipaður og annars staðar á Norðurlöndunum. Hins vegar er biðtími eftir heimilislækni mun lengri hér en í Svíþjóð svo dæmi sé tekið. Þetta er vísbending um að eitthvað sé að kerfinu og þess vegna er innleiðing nýrrar stefnu að sænskri fyrirmynd jákvæð stefnubreyting. Vandamálið við hina nýju stefnu er að heilbrigðisráðherrann hefur ekki tamið sér nægilega mikla heimtufrekju. Af virðingu við sinn gamla mótherja á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktsson, hefur gamli togaraskipstjórinn ákveðið að vera þægur og góður og nýta það fjármagn sem þegar er í kerfinu til að fjármagna stöðvarnar fremur en að fara að fordæmi Svíanna sem hann lítur svo upp til og auka útgjöld til heilsugæslunnar samhliða breytingum á rekstrarfyrirkomulaginu.

Ásetningur heilbrigðisráðherra er góður og leiðin að markmiðinu er góð. Það er hins vegar dýrt að reka góða heilsugæslu og menn gera það ekki með hangandi hendi. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi heilsugæslunnar í þágu skilvirkni bera þess merki að kreista eigi afköst úr kerfi sem er illa fjármagnað fyrir. Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, fagstjóri lækninga hjá heilsugæslunni í Grafarvogi, er ekki maður sem hleypur í fjölmiðla af því að það er skemmtilegt sport. „Ég get nefnt sem dæmi að í Gautaborg, þaðan sem þetta kerfi er tekið og staðfært hér, þar settu menn inn í kerfið töluverða aukapeninga, aukafjármögnun upp á allt að 37 prósent til þess að búa til nýtt og öflugra kerfi,“ sagði Ófeigur í fréttum Stöðvar 2 um breytingarnar. Heilbrigðisráðherrann vill verða sænskur en ætlar samt að vera íslenskur áfram.

Í Vopnin kvödd eftir Hemingway bryður aðalsöguhetjan Hinrik kaffibaunir áður en hann gengur á fund ástkonunnar Katrínar Barkley því hann vill hressa sig við og eyða þeim hughrifum að hann hafi setið að sumbli. Viðleitni stjórnvalda til að laga heilbrigðiskerfið minnir á tilraunir af þessu tagi. Þær hrökkva ákaflega skammt. Maður getur logið að sjálfum sér og öðrum og fengið sér kaffi. Það haggar því hins vegar ekki að timburmennskan er staðreynd. Það má taka upp nýtt rekstrarfyrirkomulag heilsugæslunnar. Það breytir því ekki að undir niðri er kerfi sem er sárþjáð af fjárskorti og sinnuleysi þeirra sem bera ábyrgð á fjármögnun þess.

**Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi heilsugæslunnar í þágu skilvirkni bera þess merki að kreista eigi afköst úr kerfi sem er illa fjármagnað fyrir.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Miklu kostað til**
**Greinilegt er að það er farið að hitna í kolunum í formannskjörinu í Framsóknarflokknum. Stuðningsmenn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafa sett tvær vefsíður í loftið og dreifa hlekk á þær sem víðast á samfélagsmiðlum. Þetta eru annars vegar panamaskjolin.is og islandiallt.is. Stuðningsmenn Sigurðar Inga splæstu hins vegar í Capacent-könnun og það er því ljóst að miklu er til kostað við að komast í formannsstólinn.**

**Framsóknarmenn vilja formanninn**
**Könnunin sem gerð var fyrir stuðningsmenn Sigurðar Inga var forvitnileg. Þar kom í ljós að meðal kjósenda Framsóknarflokksins er Sigmundur með 4 prósentustiga forskot. Enda hefur Sigmundur verið að sækja sitt fylgi í Framsóknarflokkinn. Það hljómar rökrétt. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins skipta ekki máli í þessu, eða kjósendur VG. Það eru kjósendur Framsóknarflokksins sem skipta öllu og þar er Sigmundur með meira fylgi. Sigurður Ingi höfðar til fjöldans en Sigmundur til flokksmanna. Hvor hefur kosningarétt um helgina?**
**benediktboas@frettabladid.is**

# Brothætt byggð?



**Starri Reynisson**
skipar 3. sæti á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður

Brothætt byggð? Hendum bara niður álveri!“ hefur verið byggðastefna (ef byggðastefnu má kalla) allra flokka sem setið hafa í ríkisstjórn síðustu áratugi (já, líka VG). Þessi stóriðjustefna hefur engu skilað nema ótal láglaunastörfum og einsleitu atvinnulífi hringinn í kringum landið. Hún kostar líka gífurlega fjármuni. Landsvirkjun skuldsetur sig upp fyrir haus til þess að byggja virkjanir sem sjá stóriðjunni fyrir rafmagni langt undir markaðsverði og ofan á það fá stóriðjufyrirtækin miklar skattaívilnanir. Svo skila þau sáralitlum gróða til íslensks samfélags, hvort sem er ríkissjóðs eða sveitarfélaga. Rökstuðningurinn fyrir þessu er svo að það sé mikilvægt að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og að stóriðja sé forsenda allrar uppbyggingar á landsbyggðinni.

Þeir stjórnmálamenn sem tala hvað mest og hvað hæst um mikilvægi fjölbreytts atvinnulífs virðast sjálfir almennt ekki botna neitt í merkingu þessara orða. Þegar þeir tala um fjölbreytt atvinnulíf eru þeir yfirleitt að meina að það þurfi að vera störf bæði í sjávarútvegi og stóriðju í boði. Það er náttúrlega nauðsynlegt að fólk geti valið á milli og ef bara annar af þessum kostum væri í boði væri atvinnulífið augljóslega allt of einsleitt. Þetta er vægast sagt ofureinföldun og margt sem bendir til þess að þeir séu hreinlega að nota orðið fjölbreytni sem einhvers konar fallegt forskeyti, skraut til þess að breiða yfir stefnuleysi í atvinnuuppbyggingu og byggðamálum.

Sannleikurinn er sá að þetta er miklu flóknara og yfirgripsmeira. Uppbygging í tveimur atvinnugreinum, hvaða atvinnugreinar sem það eru, getur ekki talist fjölbreytni. Fjölbreytt atvinnulíf þarfnast hálaunastarfa, láglaunastarfa, starfa fyrir menntað fólk, starfa fyrir ómenntað fólk og allt þar á milli. Fjölbreytt atvinnulíf þarf nýsköpun, listgreinar, sjávarútveg, landbúnað, verslunarrekstur, hreingerningastafsemi, heilbrigðisstarfsemi og helling af alls konar öðru. Fjölbreytni er nefnilega fleira en bara tvennt, fjölbreytni er fullt.

**Uppbygging í tveimur atvinnugreinum, hvaða atvinnugreinar sem það eru, getur ekki talist fjölbreytni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Undir högg að sækja

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Ef Bandaríkin ein eru undan skilin var hvergi nokkurs staðar í heiminum að finna lýðræði fyrr en um 1850 þegar byltingaralda reið yfir Evrópu og fæddi m.a. af sér Þjóðfundinn í Lærða skólanum 1851. Byltingarnar voru að vísu barðar niður allar sem ein, en þær skiluðu eigi að síður drjúgum árangri þegar frá leið. Lýðræðisríkjum heimsins fjölgaði smám saman í 25 milli heimsstyrjaldanna, en þeim fækkaði síðan niður fyrir tíu í síðari heimsstyrjöldinni. Þessar tölur eru reistar á viðtekinni flokkun stjórnmálafræðinga. Frá 1945 til 1960 fjölgaði lýðræðisríkjum upp í 35 eða þar um bil, en þeim fjölgaði ekki frekar 1960-1980.

Árin 1980-2000 rauk fjöldi lýðræðisríkja upp í 90 sem nam þá næstum helmingi allra landa heimsins. Þarna munaði einna mest um hrun kommúnismans um 1990. Eftir aldamótin 2000 hægði á útbreiðslu lýðræðis. Engin fjölgun hefur átt sér stað í hópi lýðræðisríkja frá 2006 eins og ég lýsti á þessum stað 5. marz 2015. Mörg lönd hafa dregið úr eða snúið baki við lýðræði undangengin ár, t.d. Rússland og Tyrkland og einnig Bangladess og Taíland. Einræðisríkjum fækkar, rétt er það, en fáræðisríkjum þar sem hvorki ríkir einræði né lýðræði fjölgar að sama skapi. Jafnvel ESB-ríkin Ungverjaland og Pólland sýna merki um dvínandi virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum í blóra við grundvallarhugsjónir ESB. Bandaríkin voru m.a.s. felld úr efsta flokki í nýrri skýrslu frá Freedom House um lýðræði og frelsi og standa nú að baki ESB-þjóðanna í lýðræðislegu tilliti. Svo bregðast krosstré sem önnur tré.

### Að breyta rétt

Í þessu ljósi er vert að skoða þá staðreynd að Alþingi hafa ekki enzt fjögur ár til að staðfesta niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýju stjórnarskrána 2012, stjórnarskrá sem 2/3 hlutar kjósenda lýstu stuðningi við. Stjórnmálamenn og aðrir virðast reyna að skýla sér á bak við veiklun lýðræðis í öðrum löndum til að réttlæta virðingarleysi þeirra sjálfra gagnvart leikreglum lýðræðisins hér heima. Við ættum heldur öll sem eitt að gæta þess að einmitt núna fer einstaklega illa á að senda lýðræðinu langt nef. Nú þegar lýðræði á undir högg að sækja í Evrópu og Bandaríkjunum af öllum stöðum ber brýna nauðsyn til að Alþingi breyti rétt og víki í engu frá djúpstæðri virðingu Íslendinga fyrir lýðræði.

Alþingi þarf að sýna umheiminum að Íslendingum var alvara þegar þeir brugðust við bankahruninu 2008 með því að semja lýðræðislegustu stjórnarskrá sem sögur fara af að allra dómi sem gerst þekkja, og er þá átt bæði við inntak nýju stjórnarskrárinnar og aðferðina sem var notuð við samningu hennar. Ísland er nú í aðstöðu til að senda umheiminum örvandi boð um fegurð og notagildi lýðræðis, boð sem vinir lýðræðis og mannréttinda um allan heim myndu fagna. Sú staðreynd að Alþingi hafa ekki enzt fjögur ár til að senda frá sér svo sjálfsögð boð vekur eftirtekt, undrun og einnig áhyggjur ekki bara hér heima heldur einnig í útlöndum.

### Fyrirmyndir að utan

Fyrirmyndir utan úr heimi eru skýrar. Þjóðaratkvæðagreiðslan um útgöngu Breta úr ESB í vor leið var ráðgefandi, en engum lýðræðissinna á Bretlandi eða annars staðar dettur í hug að ganga fram hjá niðurstöðunni nema þá kannski Skotum takist fyrir dómstólum að sýna fram á lögmætt neitunarvald sér til handa. Bandaríkjaþing breytti ekki stafkrók í stjórnarskránni sem stjórnlagaþingið í Fíladelfíu samdi á fjórum mánuðum 1787. Þingmenn skildu að þeim var ekki ætlað að skipta sér af málinu enda varðar stjórnarskráin þá sjálfa og starfshætti þeirra. Þingið sendi stjórnarskrána því áfram óbreytta til afgreiðslu í fylkjunum sem þá voru 13 talsins. Þegar níu fylki höfðu samþykkt textann varð hann að landslögum.

### ... sem afturhaldsöflin geta fallizt á

Óvíða hefur það komið skýrar fram en hér heima hversu illa fallin þjóðþing eru til að skipta sér af stjórnarskrám. Vandinn er að sönnu vel þekktur úti í heimi. Stjórnlagaráð samdi fullbúna stjórnarskrá fyrir opnum tjöldum á innan við fjórum mánuðum 2011 þannig að hvergi bar skugga á starfið, engin minnihlutaálit voru lögð fram og engar bókanir, enda komu þingmenn og stjórnmálaflokkar hvergi nærri verkinu. Stjórnarskrárnefnd Alþingis hélt 53 fundi fyrir luktum dyrum sl. þrjú ár til að fjalla um og úrbeina þrjár af 114 greinum í frumvarpi Stjórnlagaráðs. Nefndin reyndist að endingu þríklofin eins og bókanir brotanna þriggja á vefsetri forsætisráðuneytisins vitna um. Einn fv. nefndarmaður, tilnefndur af Framsókn, lýsti verki nefndarinnar í heyranda hljóði sem handónýtu á ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri um síðustu helgi. Annar nefndarmaður hefur lýst verki nefndarinnar svo: „Útkoman er sú sem afturhaldsöflin geta fallist á.“ Ólíklegt verður að teljast að frumvarp forsætisráðherra sem er byggt á verki nefndarinnar eftir 53 fundi nái fram að ganga fyrir þinglok.

Kaffivélar handa íslenskum kaffiunnendum.
Kaffidagar hjá Smith & Norland




Í tilefni af alþjóðlegum kaffidegi í dag, 29. september, bjóðum við **20% afslátt** af öllum Siemens og Bosch kaffivélum.

Tilboðið gildir dagana 29. september, 30. september og 1. október eða á meðan birgðir endast.
Á ekki við um önnur tilboð.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


KRÓNAN
Gott verð!
-30%
379 kr. pk.
Verð áður 549 kr. pk.
Jarðarber Driscolls 250g, Belgía
Ber í dag!
-25%
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
299 kr. pk.
Verð áður 399 kr. pk.
Plómur 1kg, Spánn
TILBOÐIN GILDA TIL 2. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Gott verð!
-37%
2999 kr. kg
Verð áður 4770 kr. kg
Ungnauta entrecote, Nýja Sjáland
Lambakjöt af nýslátruðu
1599 kr. kg
Lambalæri
-30%
Gott verð!
1399 kr. kg
Verð áður 1999 kr. kg
Lambalærissneiðar, blandaðar
Lime og smjör marinering
-28%
3899 kr. kg
Verð áður 5399 kr. kg
Lambalundir
Beinhreinsuð fersk laxaflök
2699 kr. kg
Laxaflök beinhreinsuð
TILBOÐIN GILDA TIL 2. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Gott verð!

- 20%

# Libero bleyjur fyrir litla bossa!




**2079** kr. pk.

Verð áður ~~2599~~ kr. pk.

Libero Mega Pack 4 stærðir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN




Ódýrt

Gestus spagettí bolones, frosið 400g

**299** kr. pk.




Ódýrt

Billys Pan pizza pepperoni, orginal og Hawaii. Frosið - 170g stk.

**199** kr. stk.




Ódýrt

Ódýrt

First Price hvítlauksbrauð með smjöri, frosið - 3 stk.pk.

**239** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# Beint lýðræði í stjórnarskrá



Einar Hugi Bjarnason
hæstaréttarlögmaður og nefndarmaður í stjórnarskrárnefnd

Á síðustu árum hefur ítrekað verið kallað eftir aukinni aðkomu almennings að ákvarðanatöku í samfélaginu. Í frumvarpi forsætisráðherra til stjórnarskipunarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi er þessu ákalli svarað og farvegur skapaður fyrir kjósendur til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. Frumvarpið er efnislega samhljóða tillögum þverpólitískrar stjórnarskrárnefndar sem afhentar voru ráðherranum í júlí síðastliðnum.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur**

Í frumvarpinu felst í fyrsta lagi að fimmtán af hundraði kosningabærra manna geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um nýstaðfest lög með þeirri undantekningu að fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum eru undanskilin. Í öðru lagi getur sama hlutfall kjósenda krafist atkvæðagreiðslu um ályktanir Alþingis er lúta að samþykki þjóðaréttarsamninga. Í þriðja lagi getur Alþingi með lögum, sem samþykkt eru með auknum meirihluta á þinginu, ákveðið að þingsályktanir, sem hafa réttaráhrif eða fela í sér mikilvæga stefnumörkun, geti orðið andlag þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Með því að festa í sessi beint lýðræði eykst aðhald með kjörnum fulltrúum og völd og áhrif borgaranna aukast.**

**Lengra gengið hér**

Tillögurnar fela í sér mikilvægt skref í þá átt að auka áhrif almennings á ákvarðanatöku í mikilvægum málum og er í því efni gengið lengra en þekkist annars staðar á Norðurlöndunum. Í norsku, sænsku og finnsku stjórnarskránum er ekki mælt fyrir um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur og í þeirri dönsku er rétturinn til að synja lögum staðfestingar með þjóðaratkvæðagreiðslu ekki hjá kjósendum heldur hjá minni hluta þingmanna. Þá er hvergi á Norðurlöndunum að finna heimildir til handa kjósendum að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um þingsályktanir líkt og mælt er fyrir um í frumvarpi stjórnarskrárnefndar. Raunar er staðreyndin sú að aðeins þrjú Vestur-Evrópuríki – Sviss, Liechtenstein og Ítalía – hafa ákvæði í stjórnarskrám sínum sem ganga jafn langt og tillögur stjórnarskrárnefndar.

**Þröskuldar**

Lagt er til að fimmtán af hundraði kjósenda þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er sama hlutfall og stjórnlaganefnd gerði að tillögu sinni en stjórnlagaráð lagði til að sambærileg heimild yrði háð undirskriftum tíunda hluta kjósenda. Fimmtán prósent kosningabærra manna eru ríflega 35 þúsund einstaklingar. Reynslan hérlendis sýnir að raunhæft er að safna slíkum fjölda undirskrifta á tiltölulega skömmum tíma. Sem dæmi má nefna að rúmlega 56 þúsund undirskriftir bárust forseta Íslands vegna Icesave I og rúmlega 40 þúsund vegna Icesave III.



Til þess að hnekkja lögum eða ályktunum þarf meiri hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu, þó minnst fjórðungur kosningarbærra manna, að synja þeim samþykkis. Fjórðungur kosningabærra manna eru tæplega 60 þúsund einstaklingar. Á lýðveldistímanum hafa tvisvar sinnum farið fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. um gildi laga um ríkisábyrgð á svonefndum Icesave-samningum. Í fyrri atkvæðagreiðslunni synjuðu tæplega 135 þúsund kjósendur, um 60% kosningabærra manna, lögunum samþykkis. Í þeirri síðari rúmlega 100 þúsund eða liðlega 45% þeirra sem voru á kjörskrá. Þó að einhverjum kunni að þykja 25% þröskuldurinn hár er ljóst að hann er fjarri því óyfirstíganlegur þegar um umdeild mál er að tefla.

**Fest í sessi**

Tillögur stjórnarskrárnefndar eru vissulega málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að ef þær verða að stjórnskipunarlögum hafa náðst fram mikilsverðar lýðræðisumbætur sem fela í sér mikilsverð réttindi fyrir kjósendur sem ekki eru fyrir hendi í núverandi stjórnskipan. Með því að festa í sessi beint lýðræði eykst aðhald með kjörnum fulltrúum og völd og áhrif borgaranna aukast.

Forseti Íslands hefur að mínum dómi tjáð sig skynsamlega um þá stöðu sem uppi er í málinu og minnt á gildi áfangasigra og málamiðlana og bent á að ráð sé að einblína núna á þá réttarbót sem lýtur að beinu lýðræði og rétti fólks til að segja hug sinn milliliðalaust í mikilvægum málum. Þá hefur forsetinn bent á að hóflegar breytingar á stjórnarskránni núna útiloka ekki róttækari skref síðar.

Þó að ekki séu allir á eitt sáttir um hversu langt skuli ganga við breytingar á stjórnarskrá er ljóst að raunverulegt tækifæri er fyrir hendi nú til að ná fram veigamiklum breytingum á stjórnarskránni. Tækifæri sem óvíst er hvenær kemur aftur. Það væru mikil vonbrigði ef Alþingi léti þetta tækifæri úr greipum renna þvert gegn yfirlýstri stefnu þeirra flokka sem sæti eigi á Alþingi og vilja meirihluta kjósenda, ef mið er tekið af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um tillögur stjórnlagaráðs haustið 2012.

# Stokkum upp bankakerfið



Össur Skarphéðinsson
alþingismaður

Ein helsta orsök bankahrunsins var að bankarnir voru í senn viðskiptabankar sem geymdu sparifé landsmanna en um leið áhættusæknir fjárfestingabankar. Þeir notuðu sparifé landsmanna til að gíra sig upp, tóku vildarvini bankans með sér í víking, lánuðu þeim fé sparifjáreigenda í áhættusöm viðskipti sem gerði þá ofurríka – uns allt brann upp. Um leið settu þeir Ísland á hausinn.

**Ekki nýtt bankahrun**

Hafa menn ekkert lært? Viðtöl við Bjarna Benediktsson eftir flokksráðsfund Sjálfstæðisflokksins benda til að helsta áhersla flokksins á næsta kjörtímabili verði að endurtaka einkavæðingu bankanna – án þess að stokka bankakerfið upp. Sama vitleysan er að byrja aftur. Til marks um það eru bónusar bankanna, tilraunir Bjarna sjálfs á þessu kjörtímabili til að fá Alþingi til að samþykkja heimildir til miklu hærri bónusa, sjúskið kringum sölu Arion á hlutum í Símanum, að ógleymdri hinni óuppgerðu og óskýrðu sölu Landsbankans á Borgun. Bankastjórinn sem ber ábyrgð á því situr enn – í skjóli Sjálfstæðisflokksins. Nú virðist Bjarni Ben staðráðinn í að skapa aftur sama umhverfið og olli kollsteypunni þegar brýnast er að stokka upp bankakerfið á grundvelli lexíunnar úr bankahruninu.

**Skiptum bönkunum upp**

Á meðan ríkið á bankana væri heillavænlegast að nota tækifærið og skipta þeim upp í hefðbundna viðskiptabanka, en selja frá þeim fjárfestingahlutann. Eigendur nýrra fjárfestingabanka gambla þá með eigið fé og taka einir skellinn ef illa fer. Ekki skattgreiðendur eða sparifjáreigendur. Enginn Seðlabanki til þrautavara.

Í kjölfar þess að bönkunum verður skipt upp og Landsbankinn þannig gerður að hreinum viðskiptabanka á Alþingi að marka skýra stefnu um að almenningur í gegnum hið opinbera eigi að lágmarki ráðandi hlut í bankanum. Íbúðalánasjóður á nýju formi gæti runnið saman við og orðið burðarás í hinum nýja Landsbanka, og haft það hlutverk að greiða fyrir kaupum ungs fólks á fyrstu íbúð með nýjum leiðum nýrrar ríkisstjórnar.

Landsmenn ættu þá kost á að varðveita sparifé sitt og eiga almenn viðskipti við traustan banka þar sem engin hætta væri á að gríðarleg veðmál í áhættusömum fjárfestingum settu innistæður, húsnæðislán og sjálfan ríkissjóð í hættu.

**Landsbankinn – kjölfestubanki**

Í litlu samfélagi eins og okkar þarf að vera kjölfestubanki sem er nógu burðugur til að veita harða samkeppni um lægstu vexti. Landsbankinn á nýju formi hreins viðskiptabanka og án áhættusækinnar fjárfestingastefnu er kjörin kjölfesta. – Bjarni Ben og Sjálfstæðisflokkurinn ættu frekar að taka undir þessar hugmyndir um uppstokkun bankakerfisins en að endurspila einkavæðingu bankanna með gamla laginu. Það ferðalag gæti endað með ósköpum einsog bankahrunið kenndi okkur.

# Ég og stjórnmálin



Ína Owen Valsdóttir
sendiherra Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

**Svo má huga að því að hlusta á það sem við höfum að segja um okkar líf. Það væri áhugavert ef manneskja með þroskahömlun fengi tækifæri til að fara í starfsþjálfun á Alþingi.**

Ég hef haft áhuga á stjórnmálum í mörg ár eða síðan að ég var formaður hjá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun. Ég hef áhuga á að berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.

Í 29. grein í Samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um þátttöku í stjórnmálum og opinberu lífi. Fólk með þroskahömlun hefur hingað til ekki tekið mikinn þátt í stjórnmálum og mér vitandi hefur manneskja með þroskahömlun aldrei setið á þingi. Við þurfum því að berjast fyrir því. Við þurfum að geta haft áhrif á málefni fatlaðs fólks á þingi. Fatlað fólk og eldri borgarar fá of oft að finna fyrir niðurskurði og því þarf að breyta. Það þarf að hafa í huga að við erum líka manneskjur, við erum ekki annars flokks kjötvara sem hangir uppi á vegg. Það þarf því að laga margt.

Svo má huga að því að hlusta á það sem við höfum að segja um okkar líf. Það væri áhugavert ef manneskja með þroskahömlun fengi tækifæri til að fara í starfsþjálfun á Alþingi. Og talandi um Alþingishúsið þá þarf að laga margt þar. Fólk sem notar hjólastól á til dæmis erfitt með að komast þar um. Ég fór í heimsókn með sendiherrunum í þinghúsið í Berlín. Þar var aðgengið mjög gott. Þar var ræðupúltið til dæmis þannig að allir geta notað það, líka fólk sem notar hjólastól. Þar voru líka brautir og lyftur. Alþingi Íslendinga mætti taka sér þetta til fyrirmyndar.

Í 29. grein Samningsins kemur fram að allar upplýsingar í sambandi við kosningar eigi að vera á auðskildu máli. Kjörseðlar og kosningablöð þurfa til dæmis að vera þannig að allir skilji þau. Það er því mikilvægt að nota ekki erfið orð. Það tók mig til dæmis mjög langan tíma að skilja hvað orðið hvívetna þýðir. Við sem erum með þroskahömlun eigum að fá upplýsingar á auðlesnu máli. Stjórnmálamenn mega líka hafa það hugfast að tala skýrara mál en þeir oft gera. Stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn mega því fara að bæta sig í að koma frá sér efni, bæði í rituðu og töluðu máli þannig að allir skilji.

Fólk sem þarf aðstoð til að kjósa á að fá að velja sér aðstoðarmann til að fara með inn á kjörklefana. Það á ekki að vera í boði að þurfa að fá aðstoð frá starfsmanni á kjörstað sem ekki einu sinni þekkir manneskjuna sem verið er að aðstoða.

Það er framfaraskref að nú sé loksins búið að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Nú hvet ég Alþingi til góðra verka í aðdraganda kosninga og minni sérstaklega á 29. greinina og mikilvægi þess að fara eftir henni.

# Hið smáa



Logi Einarsson
varaformaður Samfylkingarinnar

Hugsum okkur grafískan hönnuð á Kópaskeri, forritara á Húsavík og þýðanda á Breiðdalsvík. Fólk sem hefur fjárfest í góðri menntun, fylgt hjartanu við starfsval, er líklegt til að vinna í litlu fyrirtæki og getur, ef vel er haldið á spöðunum, starfað að hugðarefnum sínum hvar sem er á landinu.

Örvun smáfyrirtækja hefur ótvíræða kosti; uppbyggingin er ódýr, áhættulítil, þarfnast lítillar yfirbyggingar og gerist hægt eða hratt, eftir smekk, vilja eða nauðsyn. Fólk getur starfað við það sem hugurinn girnist, fyllt líf sitt af meiri hamingju sem er gott fyrir fjölskyldulífið og smitar út í samfélagið.

Með því að greiða fyrir atvinnuuppbyggingu sem krefst ekki sérstakrar staðsetningar, með almennum aðgerðum sem gagnast alls staðar, ekki síst smáum fyrirtækjum, erum við líkleg til að styrkja byggðir landsins; reisa þeim öflugar stoðir og glæða lífi.

Það er því skynsamlegt að búa slíkum fyrirtækjum hagstæðan rekstrargrundvöll. Til þess þarf að tryggja næga raforku um allt land og háhraða nettengingu. Þá þurfa hefðbundnar samgöngur að vera greiðar og öruggar. Loks er mikilvægt að lækka tryggingagjald, enda er það skattur sem er reiknaður út frá launakostnaði og bitnar því harðast á starfsemi sem byggist einkum á hugviti.

Það er brýnt að hlúa vel að hinu fíngerða í gangverki atvinnulífsins.

# LÆRÐU UM LANDIÐ

VILDARVERÐ:
**3.599.-**
Verð:
4.499.-




ÚTGÁFUBOÐ
Í DAG
KL. 17:00 Í
AUSTURSTRÆTI

Íslandsbók barnanna




NÝ BÓK

**Norma**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




NÝ BÓK

**Leikvöllurinn**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




NÝ BÓK

**Sykurpúðar í morgunverð**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




NÝ BÓK

**Vögguvísa**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda 29. september til og með 3. október. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Eflum tengslin



Michael Nevin
sendiherra Bretlands á Íslandi

Í því flóði frétta frá Bretlandi sem fylla fjölmiðlana má vera að það hafi farið framhjá ykkur að nýr sendiherra Bretlands er tekinn við á Íslandi. Sá maður er ég, sem kem í stað Stuarts Gill. Það var mér heiður að fá að afhenda forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, trúnaðarbréf mitt þann 20. september.

En hvers vegna er ég hér? Fyrir því eru bæði persónulegar og embættistengdar ástæður. Ég ólst upp á Norður-Írlandi, sem deilir með Íslandi sögu eyþjóðartilveru og efnahags sem byggst hefur á landbúnaði (þótt efnahagslífið sé nú á dögum byggt á öllu fleiri stoðum). Allir þekkja hin sterku keltnesku víkingaaldartengsl milli Írlands og Íslands. Og veðurfarið er svipað!

Það vill meira að segja svo til að N-Írland og Ísland deila svipaðri farsæld á fótboltasviðinu. Bæði Norður-Írar og Íslendingar voru hamingjan uppmáluð yfir því að komast í úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu karla í sumar (af diplómatískum ástæðum sleppi ég því að nefna hvernig fór fyrir landsliði annars lands sem ég er fulltrúi fyrir, Englands…). Í síðasta starfi mínu sem sendiherra í Malaví hafði ég líka íslenskar tengingar, þar sem bæði Bretland og Ísland veita Malavíbúum mikilvæga þróunaraðstoð.

**Ég tel mig hafa komið á réttum tíma. Gagnkvæmur áhugi þjóðanna hvorrar á annarri hefur sennilega aldrei verið meiri.**

Þannig að það er nánast eins og forlögin hafi ætlað mér að koma til Íslands. Við hjónin áttum þess kost að kynnast töfrum þessa fallega lands lítillega þegar við heimsóttum vinafólk í Reykjavík árið 2006. Sú gæfa að fá að þjóna hér sem sendiherra mun gera okkur báðum kleift að breikka og dýpka til muna tengsl okkar við landið.

### Fjölþætt erindi

Hvað varðar embættiserindi mitt hingað þá er það fjölþætt: Að byggja upp enn sterkari, dýpri og víðtækari tengsl milli Bretlands og Íslands. Þegar embættistíð minni hér lýkur vil ég geta bent á aukningu í viðskiptum og gagnkvæmri fjárfestingu; eflt samstarf um það helsta sem er á dagskrá heimsmálanna: loftslagsbreytingar, hagvöxt og þróun, fólksflutninga, öryggi, heilbrigðismál; fleiri ferðamenn og námsmenn á báða bóga; og að almenningur á Íslandi skynji betur nærveru Bretlands og áhrif þess á Íslandi og á heimsvísu.

Ég tel mig hafa komið á réttum tíma. Gagnkvæmur áhugi þjóðanna hvorrar á annarri hefur sennilega aldrei verið meiri. Ásamt úrvalsdeildinni (sjálfur styð ég Manchester United) sýna Íslendingar mikinn áhuga á þróuninni sem úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar í sumar um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu hefur í för með sér, líka hér á Íslandi.

Einfalda svar mitt við þessu síðastnefnda er að það býður upp á tækifæri fyrir bæði lönd. Að Bretland segi sig úr ESB þýðir ekki að Bretar yfirgefi Evrópu og bandamenn sína eins og Ísland. Við erum staðráðnir að segja enn staðráðnari en áður í að láta að okkur kveða á alþjóðavettvangi: framsækið ríki sem er opið fyrir viðskiptum, beitir sér fyrir umgjörð alþjóðaviðskipta sem skilar öllum ávinningi, í gegnsærra alþjóðakerfi byggðu á sanngjörnu regluverki. Við munum eftir sem áður vera í forystuhlutverki við að takast á við helstu áskoranir samtímans, eins og ég taldi upp hér að framan.

Bretland er ekki að draga sig í hlé frá Evrópu og umheiminum, heldur þvert á móti. Bretland verður virkara á alþjóðavettvangi. Ekki einangrunarsinnað heldur samstarfsfúst.

Það eru ekki hagsmunir Bretlands að setja heftandi reglur um viðskipti eða gera aðrar breytingar sem hafa hugsanleg neikvæð áhrif á efnahagslega farsæld landa okkar. Né heldur að draga sig út úr öryggis- og alþjóðasamstarfi. Bretland vill því ekki minna af Íslandi. Bretar vilja meira af því. Ég vonast eftir stuðningi ykkar við þá viðleitni.

# Sigurvegarar í heilbrigðisþjónustu



Elín Hirst
alþingismaður

Það er mjög gott er að heyra að þjóðin vill heilbrigðismál númer eitt á forgangslistanum fyrir þessar kosningar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því að hann sé sömu skoðunar og það er frábært. Einhver besta umbót sem gerð hefur verið á heilbrigðiskerfinu hér á landi á síðustu árum að mínum dómi er stofnun Leiðarljóss, stuðningsmiðstöðvar fyrir börn með sjaldgæfa, ólæknandi og lífshættulega sjúkdóma. Forstöðumaður þess er Bára Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun og baráttumaður fyrir þessi börn um árabil. Persónumiðuð þjónusta er þar þungamiðjan, enda einmitt það sem við þurfum að efla í okkar heilbrigðisþjónustu.

Ég hlakka til að horfa á Leiðarljós, sem þjóðin safnaði fyrir 70 milljónum í landssöfnun á RÚV, inn í framtíðina sem styrka stoð að bættu heilbrigðiskerfi. Hér verðum við að standa saman þjóðin, til að tryggja áframhaldandi persónulega þjónustu í þessa veru. Draumur okkar er næst að aðstoða börn með kvíða- og geðraskanir með sama módeli og Leiðarljós notar, draumur sem auðvitað á að verða að veruleika miðað við velgengni Leiðarljóss.

# Arkitektúr og túrismi – þriðji hluti



Dagur Eggertsson
prófessor í arkitektúr og rekur arkitektastofuna Rintala Eggertsson arkitektar í Ósló og Bodö í Noregi

Í fyrri greinum um efnið var farið í gegn um mikilvægi þess að hlúa vel að ferðamannastöðum með faglegum vinnubrögðum og hvernig það skilaði sér í auknum tekjum og bættri ímynd landsins.

### Aðdráttarafl staða

Með aukinni hnattvæðingu er farið að bera á því að samfélög taki sig saman um að þróa sérkenni staða í þeim tilgangi að þeir veki athygli og standi upp úr í stöðugt stærri hringiðu upplýsinga í heiminum. Markmiðið er einatt að laða fólk að, bæði ferðamenn og þá sem hafa hug á að setjast að. Það hefur einnig sýnt sig að sérkenni staða hafa oft jákvæð áhrif á staðarval fyrirtækja. Ástæðan er hin einfalda staðreynd að vel hannað umhverfi hefur jákvæð áhrif á vellíðan fólks. Á fagmáli skipulagsfræðinga er þetta kallað attractivity[vi], eða aðdráttarafl[vii] eins og það gæti útlagst á íslensku. Er það þá sett í samhengi við aukinn hagvöxt á svæðum sem verið er að þróa. Sérkenni staða er hægt að þróa út frá staðháttum, menningu, hefðum eða öðrum þáttum sem geta leitt til aukinnar búsetu, skapað atvinnutækifæri og þar af leiðandi eflt hagvöxt þegar til lengri tíma er litið.

Hér á landi mættu menn kynna sér þá þætti sem lúta að aðdráttarafli innan ferðamannageirans fyrst og fremst til að sporna við niðurníðslu, en einnig til að auka sjálfbærni ferðamannastaða. Þetta á bæði við um vistrænar og fjárhagslegar hliðar málsins vegna þess að ferðamannastaðir verða óhjákvæmilega að geta staðið undir sér. Hér þurfa stjórnvöld að útbúa kerfi til fjármögnunar á góðum og sjálfbærum verkefnum með hvötum sem verðlauna metnaðarfull áform, og sýna fordæmi í tengslum við þróun mikilvægra áfangastaða, meðal annars með því að nota góða hönnuði í verkin. Fjárfestingar af þessu tagi eru furðu fljótar að skila sér aftur til ríkissjóðs því að viðhaldskostnaður lækkar mikið í vel skipulögðu umhverfi og ánægðir ferðamenn skila auknum tekjum þegar upp er staðið.

### Vörumerking

Mig langar til að enda þetta á litlli frásögn af þorpinu Krumbach í fjallahéraðinu Vorarlberg í vesturhluta Austurríkis. Fyrir nokkrum árum ákváðu menn þar í bæ að ganga skrefi lengra en flestir í að vekja athygli á sér og hversu aðlaðandi staðurinn er. Svæðið er þekkt fyrir aldagamla byggingarhefð og notkun á sjálfbæru og staðbundnu byggingarefni. Haft var samband við forstöðumann arkitektasafns Austurríkis og var hann beðinn um að koma með tillögur að því hvernig menn gætu endurnýjað byggingarhefð staðarins. Eftir stutta umhugsun stakk hann upp á því að erlendir arkitektar yrðu ráðnir til að hanna strætóskýli sem gætu sýnt almenningi að hefð er ekki fast og óhagganlegt hugtak, heldur afurð stöðugrar þróunar. Með þessu sá hann að þorpið gæti styrkt ímynd sína sem sjálfbært og kolefnishlutlaust samfélag og gert það nánast að „vörumerki“ sínu. Var teiknistofa okkar þess aðnjótandi að taka þátt í þessu verkefni[i].

Hugmyndin um „vörumerkingu“ eða branding[ii] er ekki ný, en er farin að skjóta æ oftar upp kollinum í arkitektúr síðustu árin. Eru menn þá iðulega að notfæra sér arkitektinn í að túlka umhverfið beint eða óbeint innan fyrirfram ákveðins ramma. Aðferð þessa mætti einnig nota við þróun svæða á Íslandi enda búa flestir staðir á landinu yfir ógrynni af efniviði sem upplagt væri að miðla með aðstoð byggingarlistar. Vestfirðir hafa þegar farið af stað með að tengja svæðið við náttúrulaugar með aðstoð samstarfshópsins Vatnavina. Fleiri héruð mættu spreyta sig á svipuðu í framtíðinni og þar með gera menningu og náttúru Íslands aðgengilega og í senn aðlaðandi fyrir umheiminn.

Í þessum þremur greinum hefur mikilvægi fjárfestinga í innviðum ferðamannaþjónustunnar á Íslandi verið rakið. Eins og mál standa eru gæði ferðamannastaða lítið í brennidepli og heildræna menningarstefnu ferðamannaiðnaðarins vantar. Snúa þarf áherslunum frá magni í gæði svo að gestir og gangandi öðlist betri þekkingu á djúpstæðum tengslum náttúru okkar og menningar.

*[vi] www.telemarksforsking.no/publikasjoner/filer/2301.pdf*
*[vii] Making our cities attractive and sustainable, How the EU contributes to improving the urban environment; ec.europa.eu/environment/europeangreencapital/wp-content/uploads/2011/08/Making-our-cities-attractive-and-sustainable.pdf*
*[i] www.kulturkrumbach.at/*
*[ii] en.wikipedia.org/wiki/Place_branding*

# Tryggjum eðlilega fjármögnun heilsugæslunnar



Óskar Reykdalsson
starfandi framkvæmdastjóri lækninga Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Eins og öllum er ljóst á heilsugæslan að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu. Til þess að svo megi verða þarf heilsugæslan að fá möguleika á að sinna því hlutverki. Á undanförnum misserum hafa starfsmenn ráðuneytis heilbrigðismála og Sjúkratrygginga Íslands í samstarfi við starfsmenn í heilsugæslunni unnið að því að taka í notkun reiknimódel sem tryggja á réttláta skiptingu þess fjármagns sem fer í málefnið. Svo virðist sem það gangi nokkuð vel þó að enn sé eftir að ljúka verkinu þannig að fullkomið réttlæti náist. Bjartsýni er um að með þessum hætti muni þjónusta heilsugæslustöðva verða jafnari eftir svæðum. Vonandi tekst að styrkja framþróun, gæðastarf og samstarf milli heilsugæslustöðva og ekki síður samstarf þessara aðila við Landspítalann.

Við notkun á reiknilíkani og kröfulýsingu í rekstrinum er stuðst við sænska fyrirmynd sem er staðfærð að okkar kerfi. Laun starfsmanna eru nokkuð sambærileg milli landanna og er þó einhver munur þar milli stétta en t.d. eru laun lækna nokkuð svipuð. Þrátt fyrir það er áætlað hérlendis mun minna fjármagn til heilsugæslunnar en reiknilíkanið (í Svíþjóð) gerir ráð fyrir og munar líklegast um 30%. Þó svo að nú 2016 hafi fjármagnið verið aukið þá vantar mikið upp á til að ná draumastöðunni, þ.e. þeirri upphæð sem Svíar leggja í heilsugæslu sína. Árið 2008 var fjármagnið sem við leggjum heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu til 9% hærra en nú (framreiknað) þó svo að íbúum hafi fjölgað um 17 þúsund manns. Það má því velta fyrir sér hvort það komi ekki niður á heilsugæslunni og þeirri þjónustu sem hún veitir.

**Við viljum ekki bara halda í horfinu, við verðum að styrkja þessa grunnþjónustu þannig að Landspítalinn geti frekar sinnt sínum sjúklingum og heilsugæslan sínum.**

### Rétt fjármagn

Nú eru spennandi tímar og búið er að semja við einkaaðila um rekstur tveggja nýrra heilsugæslustöðva. Við sem störfum við heilbrigðisþjónustuna bíðum eftir að sjá viðbótarfjárveitingu vegna þessara stöðva þannig að um raunverulega viðbót sé að ræða. Reikna má með að rekstur á einni heilsugæslustöð í dag sé 200-400 milljónir króna og með þessum tveimur nýju stöðvum hlýtur því að koma aukið fjármagn sem þarf til viðbótar, hér er jú um að ræða tvær heilsugæslustöðvar. Það væri einsdæmi að hefja rekstur tveggja heilsugæslustöðva án þess að leggja þeim til rekstrarfé og því hljótum við að treysta því að svo verði. Það er væntanlega forsenda þess að þetta sé styrking fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Við viljum ekki bara halda í horfinu, við verðum að styrkja þessa grunnþjónustu þannig að Landspítalinn geti frekar sinnt sínum sjúklingum og heilsugæslan sínum. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður í heilsugæslunni og með nýju greiðslumódeli verður dreifing fjármagns réttlátari og með því að hafa það fjármagn rétt mun heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu batna til muna og þannig heilbrigðisþjónustan í heild. Samstarf heilsugæslu og Landspítala hefur aukist, gæði þjónustunnar eru meiri með auknum fjölda starfsmanna og mikilvægt að þeirri þróun verði haldið áfram okkur öllum til hagsbóta.

Stöndum vörð um heilsugæsluna, tryggjum henni eðlilega fjárveitingu.

# HANNAÐU EIGIÐ ÚR Á 24ICELAND.IS

**24Iceland kynnir** Nú geta viðskiptavinir 24Iceland valið útlit skífunnar, umgjarðarinnar og ólarinnar og sett þannig saman eigið armbandsúr. Pöntunarferlið er einfalt og fljótlegt og nýtt armbandsúr er komið heim 3-4 dögum síðar.









„Pöntunarferlið er mjög einfalt og þægilegt þar sem viðskiptavinurinn velur sjálfur útlit skífunnar, umgjarðarinnar og ólarinnar," segir Valþór Sverrisson framkvæmdastjóri 24Iceland. MYND/STEFÁN KARLSSON

Fallegu armbandsúrin frá 24Iceland hafa vakið mikla athygli hér á landi undanfarið ár fyrir skemmtilega og litríka hönnun. Úrin hafa slegið í gegn bæði hjá heimamönnum og erlendum ferðamönnum en mynd af Íslandi prýðir flestar skífur úranna. Nýlega fór 24Iceland að bjóða upp á þá nýjung að gefa viðskiptavinum kost á að setja saman eigið úr á vefnum 24iceland.is. Þetta er alveg nýtt hér á landi og þekkist varla erlendis að sögn Valþórs Sverrissonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Pöntunarferlið er mjög einfalt og þægilegt þar sem viðskiptavinurinn velur sjálfur útlit skífunnar, umgjarðarinnar og ólarinnar. Um leið sér hann úrið fæðast á skjánum fyrir framan sig. Það er fljótlegt að ganga frá pöntuninni og afgreiðslutími innanlands er yfirleitt 3-4 dagar."

**MIKIL SÖLUAUKNING**

Fyrstu úrin frá 24Iceland komu til landsins fyrir tæpu ári og fór salan rólega af stað. Valþór hafði samband við nokkrar verslanir en áhuginn var lítill. Snemma á þessu ári varð þó mikil söluaukning að sögn Valþórs. „Verslanir um allt land höfðu þá samband við mig og vildu kaupa úrin af okkur. Síðan þá hefur salan bara verið upp á við hjá okkur. Bráðlega verða þau einnig seld erlendis en það skýrist betur á næstu vikum enda stutt síðan þessi möguleiki opnaðist."

**FJÖLBREYTT FLÓRA**

Hönnuðurinn Pétur hjá Jökulá er á bak við hönnun úranna og er snillingur í sínu fagi að sögn Valþórs. „Hann datt í þetta verkefni með mér á sínum tíma þótt ég hefði ekki fulla vasa fjár. Samstarfið hefur gengið mjög vel hjá okkur og afraksturinn er fjölbreytt flóra fallegra úra sem fara vel bæði konum og körlum."

Á 24iceland.is er hægt að skoða allar gerðir úra frá fyrirtækinu, sjá lista yfir sölustaði og auðvitað hanna eigin armbandsúr á skömmum tíma. Einnig má skoða úrin af Facebook og Instagram.



GERRY-WEBER OG TAIFUN HAUSTLÍNUR

20% AFSLÁTTUR

FIMMTUDAG-MÁNUDAGS

Skoðið
laxdal.is/yfirhafnir Facebook.Laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook








Sara Anita Scime, hársnyrtir hjá Kompaníinu. MYND/EYÞÓR

# LOSNAR UM FLÉTTURNAR 2017

**Þegar vor- og sumartískan 2017 var kynnt fyrr í þessum mánuði vakti athygli að margar fyrirsætur voru með tvær „gamaldags“ fléttur, ekki fastar eins og mikið hefur verið um á liðnum mánuðum. Sara Anita Scime hársnyrtir segir að föstu flétturnar séu enn vinsælar hér á landi.**


Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Sara Anita segir að vinsælt sé að flétta hárið í tvær fastar fléttur sem síðan liggi niður með öxlum. Þannig greiðslu má reyndar sjá á mörgum tískumyndum svo trúlega halda konur áfram að greiða sér þannig. „Tískan er sportleg og ungar stúlkur leggja meiri áherslu á förðun en hárgreiðsluna. Þær vilja hafa hárið frjálslegt og þægilegt en eru aftur á móti mjög mikið málaðar,“ segir hún. „Ungar stúlkur eru mjög hrifnar af fléttunum.“

Sara útskrifaðist sem hársnyrtir vorið 2015 og helstu viðskiptavinir hennar eru ungar stúlkur. „Mér finnst þær leita aftur til áranna 1990-1994 í hárgreiðslu en þá voru fléttur mjög vinsælar,“ útskýrir hún. „Ég hef ekki enn séð þessar venjulegar fléttur en aldrei að vita hvað kemur næsta vor. Stelpurnar eru rosalega mikið í balayage-litun en hún getur verið bæði ljós og dökk. Balayage eru þrímálaðar strípur, þær eru ekki settar ofan í rótina en hárið lítur út fyrir að vera upplitað, eins og þær hafi verið á sólarströnd. Þar sem þessi litun gefur hárinu náttúrulegan blæ geta stelpurnar látið líða langt á milli litana, allt að hálfu ári eða meira. Ég geri þessa litun oft á dag,“ segir Sara Anita. „Litun í rót og grátt yfir er líka enn töluvert eftirsótt.“

Sara Anita segist oft vera beðin um að flétta fastar fléttur. „Oftast vilja þær hafa tvær fastar fléttar en kannski losnar um þær næsta vor.“ Hún bætir við að síða hárið sem hefur verið afar vinsælt undanfarin ár sé á undanhaldi og axlasídd að koma sterkt inn. „Stelpur á aldrinum 15-17 ára eru samt mjög fastar í síða hárinu og það má ekkert klippa þær,“ segir hún og hlær. „Þegar þær nálgast tvítugt eru þær frekar til í að stytta hárið. Svo eru mjög margar stelpur farnar að snoða sig, það kemur svolítið frá þessari tísku á tíunda áratugnum. Það eru vissulega sérstakir karakterar sem þora að snoða sig en ég hef tekið mikið eftir þessu undanfarið og þetta fer sumum stelpum svakalega vel.“

Þótt Sara Anita sé mikið með ungar stúlkur sem kúnna kemur fólk á öllum aldri á stofuna. „Kompaníið er stærsta stofa landsins með nítján starfsmenn. Stofan hefur verið starfrækt í 25 ár og hefur marga fastakúnna.“



Zoe Metthez er þekktur tískubloggari. Hún mætti með fléttur á tískuvikuna í París þar sem vor- og sumartískan 2017 var kynnt.

Ljósmyndarinn og tískubloggarinn Hanneli Mustaparta var með fléttur þegar hún kom á sýningu Michael Kors þegar hann kynnti vor- og sumartísku 2017.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

# DEBENHAMS




## UPPLIFÐU **PARIS** Á NÝJAN HÁTT
### NÝR ILMUR FYRIR HANA

## YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í DEBENHAMS 29. SEPTEMBER – 5. OKTÓBER



**COUTURE CONTOURING**
**skyggingarpalletta fyrir andlit.**

Fullkomin samsetning á dökkum og ljósum lit til að móta, skerpa og gefa húðinni geislandi ljóma.

**Fáanleg í 2 litatónum, Golden contouring og Rosy contouring.**

**20% AFSLÁTTUR Á KYNNINGU**



**COUTURE BROW PALETTE**

Allt sem þú þarft fyrir fullkomnar augabrúnir.

Þrískiptur litur fyrir augabrúnir ásamt skáskornum bursta og plokkara sem gerir þér kleift að skapa, móta og breyta augabrúnunum nákvæmlega eins og þú vilt hafa þær.

**Fáanleg í 2 litatónum.**

**20% AFSLÁTTUR Á KYNNINGU**

PANTAÐU TÍMA Í 30 MÍN. RÁÐGJÖF EÐA FÖRÐUN ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Í SÍMA 522-8054 (FIMMTUDAG – SUNNUDAG)

KAUPAUKI FYLGIR MEÐ TVEIMUR EÐA FLEIRI KEYPTUM VÖRUM FRÁ YSL MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**












Cotillard þótti einstaklega glæsileg í þessum gullkjól úr hátískulínu Dior á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor.

Í fallegum kjól frá Christian Dior í hádegisverði ætluðum þeim, sem tilnefndir eru til Óskarsverðlauna, í febrúar 2015.

Cotillard er fastagestur á Cannes-kvikmyndahátíðinni. Hér er hún í fyrra í röndóttum samfestingi frá Ulyana Sergeenko.

# STÆLLEG STJARNA

Óskarsverðlaunaleikkonan franska **Marion Cotillard** dróst á dögunum inn í umræðuna um skilnað Brads Pitt og Angelinu Jolie en sagt var að þau Pitt hefðu átt í ástarsambandi. Líklegt er þó að Gróu á Leiti hafi orðið fótaskortur á tungunni í því máli. Cotillard þykir með eindæmum smekkleg til fara og klæðist iðulega íðilfögrum flíkum frá Christian Dior.



Í glæsilegum gráum pífukjól frá Dior við frumsýningu L'Homme qu'on Aimait Trop í Cannes 2014.



Marion Cotillard á frumsýningu Two Days, One Night á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2014. Hún klæddist sérstökum kjól frá Christian Dior.


20%
afsláttur af ÖLLUM vörum!
Við gefum 5% af sölu til Bleiku slaufunnar!
Góðgerðardagurinn, 5% af sölu dagsins í dag, 29.sept rennur til Bleiku slaufunnar
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 6.392
st. S-XXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 5.592
st. S-XXXL
SKYRTA
ÁÐUR 6.990
NÚ 5.592
st. S-XXXL
JAKKI
ÁÐUR 7.990
NÚ 6.392
st. 36-56
Einnig til í rauðu, fjólubláu og bláu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 10.392
st. 36-56
TÚNIKA
ÁÐUR 6.990
NÚ 5.592
st. S-XXXL
PEYSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. S-XXXL
Einnig til í svörtu, fjólubláu og rauðu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 10.392
st. 36-56
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. 36-48
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. S-XXXL
20% afsláttur af ÖLLUM vörum í dag, fimmtudaginn 29. sept.
Við gefum 5% af sölu dagsins til Bleiku slaufunnar!
BLEIKA SLAUFAN
Tilboðsverð
7.192,-
Áður 8.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
7.192,-
Áður 8.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
7.192,-
Áður 8.990,-
st. 36-41
Tilboðsverð
9.592,-
Áður 11.990,-
st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314







Guðrún Birna byrjaði að nota brúnkukremin frá St. Tropez þegar hún var ólétt að stelpunni sinni og féll alveg fyrir þeim.

Hluti af þeim snyrtivörum sem Guðrún Birna notar daglega.

„Ég hef alltaf verið hrifin af því að vera með flottan varalit, eyeliner og augnhár en ég elska rauða varaliti og verða þeir oft fyrir valinu.“

Litirnir á highlight, kinnalit og sólarpúðri sem Guðrún Birna velur sér fara eftir skapi og stuði.

Nýju maskarnir frá Loréal eru algjört æði að sögn Guðrúnar.

# DÖKKT Á HAUSTIN

Rauðir varalitir verða oft fyrir valinu hjá **Guðrúnu Birnu** þegar hún málar sig fyrir fínni tilefni. Hún leyfir lesendum að líta í snyrtibudduna.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is





Guðrún Birna ætlar að fá sér nýjan varalit fyrir veturinn, einhvern fallega dökkan og rómantískan. MYND/ERNIR

Snyrtivörur hafa alltaf heillað Guðrúnu Birnu Gísladóttur, förðunarfræðing og bloggara á Lady.is. „Ég held að þetta hafi allt byrjað þegar mamma fór með mig í MAC þegar ég var fimmtán ára. Ég var með mikið af bólum og slæma húð en við fórum saman í MAC og hún keypti fyrir mig meikstifti til að hylja bólurnar. Ég var alveg heilluð eftir það.“

### Hvaða snyrtivörur eru í uppáhaldi?

Face and Body meikið frá MAC, það er létt og ljómandi og hef ég ekki fundið sambærilegt meik sem ég er eins ánægð með. Pro Longwear hyljarinn frá MAC, hann er besti hyljari í heimi. Lash Sensational maskarinn frá Maybelline, ég hef prófað fullt af möskurum en þessi toppar allt sem ég hef prófað. Sand Tropez naglalakkið frá Essie, fullkomið nude-naglalakk. Brúnkukremin frá St. Tropez, ég byrjaði að nota þau þegar ég var ólétt að stelpunni minni og féll alveg fyrir þeim, froðan og instant-tanið eru í uppáhaldi.

### Hvaða vörur notar þú daglega?

Face and Body frá MAC, Fit Me hyljari frá Maybelline, Lash Sensational maskari frá Maybelline, Mineralize Skinfinish púður frá MAC, Brow Definer frá Anastasia Beverly Hills, svo nota ég oftast highlight, kinnalit og sólarpúður en litirnir fara eftir skapi og stuði.

### Hvernig málar þú þig þegar þú ætlar út á lífið?

Ef ég hef nægan tíma þá finnst mér mjög gaman að gera flotta augnförðun, jafnvel smokey og vera með nude varir við. Annars hef ég alltaf verið hrifin af því að vera með flottan varalit, eyeliner og augnhár en ég elska rauða varaliti og verða þeir oft fyrir valinu.

### Hvað er best að gera til að hugsa vel um húðina?

Alltaf að hreinsa húðina á kvöldin fyrir svefninn og á morgnana eftir nóttina. Passa sig að nota gott rakakrem og láta maska á sig einu sinni í viku. Ég er alveg sjúk í nýju maskana frá L'Oréal, þeir eru algjört æði. Svo er það þetta klassíska að drekka nóg af vatni, en það getur gert kraftaverk fyrir húðina.

### Áttu einhverja fyrirmynd þegar kemur að förðun?

Mér finnst mjög gaman að fylgjast með Desi Perkins og Katy (Lustrelux) á Youtube og Snapchat. Einnig finnst mér mjög gaman að fylgjast með íslenskum förðunarsnöppurum, við eigum svo marga klára förðunarfræðinga og fæ ég oft innblástur frá þeim.

### Hvaða snyrtivara verður keypt fyrir veturinn?

Mér finnst mjög gaman að kaupa mér nýjan varalit fyrir veturinn, einhvern fallega dökkan og rómantískan.

### Hvar kaupir þú snyrtivörur helst?

Ég reyni oft að nýta mér það þegar fjölskylda og vinir fara til útlanda og panta ég mér oft á netinu og sendi á þau. Ég elska Sephora en þau eru með mjög mikið af flottum merkjum. Ég er líka mikill MAC elskandi, hef alltaf verið og mun alltaf vera.

### Eyðir þú miklu í snyrtivörur?

Nei, ég myndi ekki segja það. Ég kaupi oftast þegar mig vantar eitthvað en auðvitað verður maður að leyfa sér stundum. Þá eru það oftast varalitir og naglalökk sem verða fyrir valinu.

### Hvað er nýtt/flott í haust?

Þegar ég hugsa um haustið sé ég alltaf fyrir mér hlýja tóna. Appelsínugulur, rauður og brúnn eru mjög vinsælir í augnförðunum og dökkar varir koma hægt og rólega inn í staðinn fyrir bjarta sumarliti.

Hægt er að fylgjast með Guðrúnu Birnu á Snapchat á gudrunbirnag.






## Ekki bara endurvinnsla

Fatasöfnun Rauða krossins er eitt mikilvægasta fjáröflunarverkefni Rauða krossins á Íslandi og hleypur hagnaðurinn sem af henni fæst á tugum milljóna króna á ári hverju. Hluti fjárins rennur til reksturs Hjálparsíma Rauða krossins, 1717, hluti til verkefna félagsins um allt land og hluti til hjálparstarfs erlendis.

Fatasöfnun Rauða krossins er því ekki einungis frábær endurvinnsla heldur leggja þeir sem koma fötum í söfnunargáma félaginu mikinn lið og styrkja neyðaraðstoð bæði hér heima og erlendis. Fatnaður, skór og annar textíll sem kemur í gámana er flokkaður. Hluti er gefinn þurfandi hér heima og erlendis, hluti er seldur í Rauðakrossbúðunum um land allt og hluti seldur beint til útlanda.

Á endurvinnslustöðvum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu eru fatagámar merktir Rauða krossinum. Auk þess eru grenndargámar á völdum stöðum. Eimskip flytur fatagáma félagsins milli landshluta og til útlanda á góðum kjörum.

Rauðakrossverslanirnar eru á fjórum stöðum í Reykjavík en auk þess í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Borgarnesi, Akureyri, Stöðvarfirði og á Egilsstöðum. Þar er oft að finna fallegar gersemar. Nánari upplýsingar um staðsetningu þeirra og söfnunargámanna er að finna á raudikrossinn.is.





## Ekki klæða börnin of mikið

Þegar kólnar í veðri á haustin hafa foreldrar tilhneigingu til að klæða börnin sín of mikið, segir norskur leikskólakennari í samtali við netmiðilinn VG. „Foreldrar gleyma því að börnin hreyfa sig miklu meira en þeir sjálfir og þess vegna verður þeim of heitt í öllum þessum klæðnaði. Ef börnin svitna úti í haustkulda er meiri hætta á að þau verði lasin. Best er að klæða þau í ull innst, það kemur í veg fyrir raka og einangrar vel," segir leikskólakennarinn. „Þegar kólnar enn meira í veðri ættu börnin að vera í peysu úr ull eða flísefni. Bómullarefni eru ekki nægjanlega hlý og það á einnig við um sokka. Ef það rignir eiga börnin að vera í ull undir regnfatnaði. Oft er kaldara á morgnana en eftir hádegi og þess vegna er gott að geta hent af sér úlpunni en verið samt hlýtt í góðri peysu og með húfu.

## SELJAST UPP UM LEIÐ

Melania Trump, eiginkona Donalds Trump, vekur athygli hvar sem hún kemur og er greinilegt að hún er fyrirmynd margra þegar kemur að tísku. Oft hafa þeir kjólar sem hún hefur klæðst opinberlega selst upp stuttu síðar.

Kjóllinn sem hún var í við fyrstu kappræður forsetaframbjóðendanna á mánudag var hinn sígildi „little, black dress", einfaldur, svartur kjóll frá Roland Mouret sem kostar rúmar þrjú hundruð þúsund krónur. Svo margar konur voru innblásnar af útliti fyrirsætunnar fyrrverandi, Melaniu, að kjóllinn seldist upp á nokkrum klukkutímum.

Það sama henti í sumar þegar frú Trump klæddist kjól frá hönnuðinum Roksanda Ilinic á landsþingi Repúblikanaflokksins. Sú flík kostaði yfir 250.000 krónur.







Brynhildur Bergþórsdóttir er mikil áhugamanneskja um litun. MYND/STEFÁN



Ull tekur vel við litun en passa þarf að hækka ekki of skarpt undir litunarpottinum. MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

# LAUKHÝÐI OG TÚRMERÍK GEFA GULAN LIT

**Brynhildur Bergþórsdóttir** viðskiptafræðingur er eldheit áhugamanneskja um taulitun. Hún segir ýmislegt geta nýst til litunar bæði úr garðinum og eldhússkápnum ef fólk langar til að fríska upp á fataskápinn. Hún ráðleggur hér hvernig best sé að bera sig að.

**HVAÐ ER HÆGT AÐ LITA?**

„Ull tekur best við lit en hún þolir illa snöggar hitabreytingar og má alls ekki sjóða. Því þarf að hita hana mjög hægt, í klukkutíma, upp í 80 gráður. Spunninn lopa, eins og léttlopa er hægt að fá mjög góðan lit á, sérstaklega ef við litum hvíta ullarflík eða ljósgráa. Bómull þolir aftur á móti vel hita og það er einfalt að lita hvíta bómullarboli. Liturinn verður þó ekki eins sterkur og í ull.“

**HVAÐ MÁ NOTA ÚR SKÁPUNUM?**

„Laukhýði, túrmerik, kaffi og te hentar vel til litunar og er þægilegt fyrir byrjendur þar sem ekki þarf að nota festi. Einnig má gera tilraunir með að lita með berjum en það festist illa í tauinu. Mér finnst eiginlega synd að nota ber í litun, það er miklu betri nýting að borða þau.

Laukhýði gefur merkilega sterkan lit. Bæði má nota þurrt hýði af venjulegum lauk og af rauðlauk. Rauðlaukurinn gefur ívið grænni lit en laukurinn skilar gulu og appelsínugulu og út í brúna tóna. Túrmerikkrydd er mikið notað til litunar og gefur gulan til appelsínugulan lit. Svart te og kaffi gefa drapplitaða tóna og gefur te ívið sterkari lit en kaffi.“

**HVERNIG Á AÐ BERA SIG AÐ?**

„Nota skal stærsta pottinn sem til er í eldhúsinu. Af laukhýði fara einfaldlega ein til tvær handfyllir af hýði í pottinn og vatn. Þetta er látið malla í klukkutíma og laukurinn svo síaður frá. Hlutföllin eru ekki hávísindaleg, vatnsmagnið hefur ekkert með það að gera hve sterkur liturinn verður heldur fer það eftir magni litarefnisins. Þumalputtareglan er sú að magn litarefnis er það sama og magn efnis, ef lita á 100 gramma bómullarbol þarf 100 grömm af til dæmis túrmeriki. Svo má leika með þessi hlutföll eftir því hversu sterkan lit á að fá. Þegar lita á með te eða kaffi er einfaldlega brugguð sterk lögun.“



Túrmerik hefur verið notað til taulitunar öldum saman. MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

**HRÆRA RÓLEGA ALLAN TÍMAN**

„Til að fá jafnan lit á flíkina sem á að lita á að láta hana liggja í bleyti í vatni í um klukkustund áður en hún fer út í litunarlöginn. Ef lita á ull þarf lögurinn að kólna áður, en bómull má fara beint út í heitan löginn. Þá þarf að standa yfir pottinum og hreyfa rólega við flíkinni með sleif svo hún fari ekki fellingar og til að halda henni ofan í litnum. Tíminn fer eftir því hversu sterkan lit á að fá en gott er að miða við klukkutíma. Þó ber að hafa í huga að liturinn verður alltaf daufari þegar efnið hefur þornað. Loks er flíkin tekin upp og látin kólna, þá skoluð í volgu vatni og hengd til þerris.“



„Laukhýði, túrmerik, kaffi og te hentar vel til litunar og er þægilegt fyrir byrjendur þar sem ekki þarf að nota festi,“ segir Brynhildur. MYND/STEFÁN

ud
URBAN DECAY
beauty with an edge®
URBAN DECAY Á ÍSLANDI ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Í HLUTASTARF, F.O.F. Í KVÖLD- OG HELGARVINNU.
ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SENDIÐ UMSÓKN OG FERILSKRÁ Á BARAS@TERMA.IS.



## Kynþokki frá Saint Laurent

Anthony Vaccarello, nýjum hönnuði Saint Laurent, þótti takast vel upp á sinni fyrstu tískusýningu fyrir merkið á tískuvikunni í París í vikunni þar sem sýnd voru föt fyrir sumarið 2017. Þessi belgísk-ítalski hönnuður þurfti að sanna sig enda kemur hann í kjölfar fjögurra ára velgengni Hedi Slimane sem þótti koma hinu klassíska tískumerki aftur á kortið.



Vaccarello tók þann pólinn í hæðina að líta til baka á tískusýningunni á þriðjudaginn. Þannig tók á móti gestum stórt neonskilti með lógói Yves Saint Laurent sem var upphaflega hannað snemma á sjöunda áratugnum.



Öll línan einkenndist af hinu goðsagnakennda lógói en það sást á skóm, eyrnalokkum og sokkabuxum fyrirsætanna. Hönnunin byggði einnig á fötum eftir Yves Saint Laurent sjálfan frá níunda áratugnum og þótti kynþokkinn svífa yfir vötnum. Svarti liturinn var áberandi svo og leður. Vaccarello sagði eftir sýninguna að hann hefði fengið innblástur af „hugmyndinni um Saint Laurent“.

## KARLAR ÞÉNA MINNA EN VINNA LENGUR

„Fyrirsætubransinn er líklega sá eini í heiminum þar sem karlar fá minna borgað en konur,“ segir Elizabeth Rose, umboðsmaður karlfyrirsæta hjá Premier models, í viðtali við BBC Newsbeat. Premier models er þekkt fyrir að hafa komið ofurfyrirsætunum Naomi Campbell og Cindy Crawford á kortið.

Talið er að karlfyrirsætur þéni um 75 prósentum minna en kvenfyrirsætur. Sem dæmi má nefna hæstlaunuðu fyrirsætu heims, Gisele Bündchen. Samkvæmt Forbes þénaði hún 34 milljónir punda á síðasta ári. Til samanburðar er talið að hæstlaunaða karlfyrirsætan, Sean O'Pry, hafi fengið 1,15 milljónir punda.

„Topp tíu kvenfyrirsæturnar þéna milljónir punda, en aðeins þrír launahæstu karlarnir þéna yfir milljón,“ segir Rose.

Þrátt fyrir þennan launamun eiga konurnar oft erfitt uppdráttar vegna aldursfordóma. Ferill þeirra er því iðulega styttri en karlanna. Rose bendir á að launahæstu karlarnir séu yfirleitt á fertugsaldri en kvenfyrirsætur þykja orðnar gamlar á þeim aldri.






# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLALIND BÍLASALA



AUDI Q7 QUATTRO TDI PREMIUM PLUS Árg. 2011, Ek 67 Þ.KM, Dísel, sjálfsk, leður, glerþak ofl ofl. Verð 7.980 þús. Rnr.402480.



HOBBY PREMIUM 650 UKFE Kojuhús, Nýskr 5/2016 Leður, fortjald, sólarsella, grjótgrind ofl. Mikið af aukahlutum. Ath skipti á bíl. Verð 6.800 þús. Rnr.402474.



AUDI Q7 QUATTRO V6T 334 HÖ 12/2010 Ek 66 þkm, V6 bensín, sjálfsk, 21" felgur, glæsilegur bíll hlaðinn búnaði. Verð 7.950 þús Rnr.401564.

**BÍLALIND**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 511-0000**
**www.bilalind.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



HYUNDAI Ix35 premium. Árgerð 2015, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.750.000. Rnr.302136. Á staðnum.



HONDA Civic 5dr. Árgerð 2015, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Tilboðsverð 2.590.000. Rnr.263344. Á staðnum.



FORD Explorer xlt. Árgerð 2012, ekinn 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.500.000. Rnr.302269. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



TOYOTA Rav4 gx plus. Árgerð 2015, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 4.890.000. Rnr.222199.



TOYOTA Auris sol. Árgerð 2015, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 2.990.000. Rnr.221917.



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2016, ekinn 32 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 2.090.000. Rnr.111432.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



FORD Transit Custom. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, beinskiptur. Nýr bíll. Tilboð staðgreitt. Verð án Vsk. 2.990.000. Rnr.210835.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



Honda CRV árg. '08 dísel beinsk. ek. 114þús. Vandaður bíll. Verð: 2,5mil S. 895 6160



VW Golf, Diesel, Árg 2011, Ekinn 77.þus, Beinskiptur, Næsta skoðun 2017, Ásett verð 1.950.000 kr. Uppl S: 844-8015

Til sölu renault Kangoo árg 05 ek 113 þús 1,6 5-dyra hvítur nýsk ný tímareim vetrardekk góður bíll verð 685 þús gsm 8927852

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Vörubílar



Mercedes Bens Axtros árgerð 2004, ekinn 520,000. Verð 2. miljónir + VSK. Góður bíll á góðu verði. Sími: 8942737.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

**FAGLEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA.**
Veitum einstaklingum með rekstur, litlum og meðalstórum lögaðilum alhliða bókhaldsaðstoð, jafnframt höfum við þjónustað einstaklinga með skattframtöl.
Uppl. í síma 824 3739 eða 820 9310

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890



HONDA

**Legend AWD**
Nýskráður 6/2008, ekinn 80 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Flaggskipið frá Honda.
**Verð kr. 3.890.000**



HONDA

**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2008, ekinn 157 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæsilegt eintak.
**Verð kr. 2.500.000**



HONDA

**CR-V Executive Dísil**
Nýskráður 10/2015, ekinn 9 þús.km., dísil, sjálfskiptur 9 gírar, hlaðinn búnaði.
**Verð kr. 6.990.000**



HONDA

**Jazz**
Nýskráður 6/2016, ekinn 14 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**



PEUGEOT

**208 Active**
Nýskráður 8/2016, ekinn 7 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.590.000**



PEUGEOT

**3008 Premium+ Dísil**
Nýskráður 11/2011, ekinn 102 þús.km., dísil, 6 gírar, gott eintak.
**Verð kr. 2.350.000**



PEUGEOT

**308SW Active**
Nýskráður 2/2016, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur, öflugur sparibaukur.
**Verð kr. 3.440.000**



PEUGEOT

**407 HDi Dísil**
Nýskráður 6/2007, ekinn 95 þús.km., dísil, 5 gírar, lítið ekinn.
**Verð kr. 1.190.000**



HONDA

**CR-V RVSi 4WD**
Nýskráður 8/1998, ekinn 232 þús.km., bensín, sjálfskiptur, mikið endurnýjaður.
**Verð kr. 550.000**



MITSUBISHI

**Colt 1.3 m/t**
Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, 5 gírar, góður skólabíll.
**Verð kr. 850.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Opið á laugardögum**
**milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**

Bæði frístandandi og á vegg S:842-2535




SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri




## HEILSA

## Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## tilkynningar

# OPIÐ SÖLUFERLI

**Glitnir Holdco ehf. – Klakki ehf.**
**– Gamli Byr Eignarhaldsfélag ehf.**

Lindarhvoll ehf., kt. 670416-0460, Arnarhvoli, 101 Reykjavík, auglýsir til sölu eignarhluti og tengdar kröfur vegna eftirfarandi lögaðila:

- Glitnir Holdco ehf.
- Klakki ehf.
- Gamli Byr Eignarhaldsfélag ehf.

Söluferlið byggir á samþykktum reglum um sölu eigna ríkissjóðs sem eru í umsýslu Lindarhvols ehf., þar sem kemur fram að við sölu eigna skuli leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar.

Söluferlið er opið öllum aðilum gegn undirritun þeirra á trúnaðaryfirlýsingu og skilmálabréf.

Þeim aðilum sem óska eftir frekari upplýsingum er vinsamlegast bent á að senda tölvupóst á netfangið soluferli@lindarhvolleignir.is og munu þeir í framhaldinu fá senda stutta kynningu ásamt frekari upplýsingum um söluferlið.

Fjárfestar sem þess óska verður boðið að taka þátt í söluferlinu gegn undirritun þeirra á trúnaðaryfirlýsingu og skilmálabréf þar að lútandi.

Áhugasömum bjóðendum er boðið að skila inn skuldbindandi tilboðum með sérstaklega tilgreindum fyrirvörum fyrir **kl. 16.00, föstudaginn 14. október 2016.**

Frekari upplýsingar um söluferlið má nálgast með því að senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið soluferli@lindarhvolleignir.is.


# VW e-GOLF

## REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA

### NÚ Á LÆGRA VERÐI – LÍTILL REKSTRARKOSTNAÐUR

VERÐ FRÁ KR.
3.790
ÞÚSUND

ÁRG. 2015
EKNIR FRÁ 350 KM

RÍKULEGA BÚNIR e-GOLFAR

- √ 8 tommu margmiðlunarskjár
- √ Bakkmyndavél
- √ Nálgunarvarar
- √ Bluetooth
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Álfelgur
- √ Kapall fyrir heimahleðslu og hleðslustöðvar
- √ Sjálfskiptir
- √ Hiti í framrúðu
- √ ... og margt fleira



Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Verktakafyrirtæki óskar eftir íbúðum fyrir starfsmenn á Suðurnesjum. Leigutími 15/10-31/3 2017. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 840-0609

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KJÖTHÖLLIN HÁALEITISBRAUT 58-60**
Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun og einnig starfskraft við kjötborð helst vanan, bílpróf æskilegt enn þó ekki nauðsyn.
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**



**MATREIÐSLUNEMI OG ÞJÓNUSTUFÓLK**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í sal. Kvöld og helgarvinna einnig getum við bætt við okkur nema í matreiðslu. Umsóknir sendist á 3frakkar@3frakkar.is

**BÍLSTJÓRI**
Bjössi ehf óskar eftir vörubílstjóra á 4 öxla vörubíl og á dráttarbíl. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Uppl. í s. 696 6676 Bjössi & 899 8201 Skúli eða bjossi@bjossi.is**

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 866 1083 og jarnaverk@internet.is

Vantar vana pappalagningamenn eða byggingaverkamenn. Uppl. í s. 896 4947 & 869 6442. Hamraborg ehf


**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



**Herjólfsgata 32-34**
220 HAFNARFJÖRÐUR
STÆRÐ: 92-115 fm
FJÖLBÝLI HERB: 3-4

Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í fjögurra hæða lyftuhúsi. Óskert sjávarútsýni. Aðeins 7 íbúðir eftir. Afhendast fullbúnar án gólfefna. Bílastæði í upphituðum bílakjalla fylgja öllum íbúðum. Áætluð afhending í mars 2017

**Frá 45,9-59,9M kr**



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is



*Heyrumst*
**Kristján Þórir Hauksson**
Löggiltur fasteignasali
› 696 1122
› kristjan@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Sturlaugur Jónsson & Co** — **TÚRBÍNUR**
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.



www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
**S: 519-6480**
**hreinarlagnir.is**

**Rennismíði • Nýsmíði • Viðhald**
**Smíðum úr:**
**Ryðfríustáli • Áli • Járni**
**MANNBERG** ehf
Vélsmiðja
www.mannberg.is • mannberg@mannberg.is
Akralind 1 • 201 Kópavogi • Sími 564 2002

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

GRAFARVOGS HJÓLBARÐA VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

EYJALIND
Yale — People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Rafstilling ehf**



startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is




**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Framnesvegur 40, 42 og 42a

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. september 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. september 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sólvallagötureits vegna lóðanna nr. 40, 42 og 42a við Framnesveg. Breytingin gengur út á að heimilt verði að rífa núverandi byggingar og gera nýbyggingar innan byggingarreita samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. september 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. september 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að byggt verði athafnahúsnæði á lóðunum þar sem áður var gert ráð fyrir bílastæði fyrir stóra bíla. Þá er gert ráð fyrir göngustíg meðfram lóðunum á milli Bæjarflatar og Gylfaflatar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 29. september 2016 til og með 10. nóvember 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 10. nóvember 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 29. september 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

---

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Mánatún 17, íb. 312, 105 Reykjavík




Nýleg glæsileg 2ja herb. 91,4 fm. íbúð á 3. hæð í Mánatúni 17, auk stæðis í bílageymslu. Mjög góð staðsetning í húsinu. Myndavéladyrasími, vandaðar flísar, Kronotex harðparket frá Birgisson og Gorenje eldhústæki. Svalir snúa í austur og suður. Lyfta. Húsið er klætt að utan og því viðhaldslétt. Gangstéttar við aðalinngang eru með hitlögnum að hluta. Frábær staðsetning, þar sem stutt er í miðborg Reykjavíkur, þjónustu og verslun.
**Opið hús fimmtudaginn 29. september milli kl 17:00 og 17:30.**
**V. 44,7 m.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---

## Lækjarbrún 20, Hveragerði.




**Opið hús, föstudaginn 30.09.2016 milli kl. 15 og 15:30**

Um er að ræða raðhús á einni hæð alls 99,5 fm með þjónustusamningi við NLFÍ. Afar snyrtilegt hús og umhverfi s.s. malbikuð bílastæði, hellulagðar stéttar og verandir með snjóbræðslu undir að hluta. Skjólveggir eru á eignaskilum milli íbúða. Þjónustusamningur er við heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands sem veitir m.a. eftirtalda þjónustu; næturvörð, aðgang að baðhúsi, bókasafni og tækjasal, sláttur lóða og öryggishnapp, svo eitthvað sé nefnt.
**Verð 33,9 millj.**

**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu.**
**Sími: 480 2900**

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali

---

nýtt heimili fasteignasala
Hlíðasmári 10 | 201 Kópavogur | sími: 414-6600
Reynir Erlingsson lögg.fasteignasali | nyttheimili@nyttheimili.is





## Stekkjarflöt, Garðabæ.

Einbýlishús við Stekkjarflöt í Garðabæ staðsett á stórri hornlóð í góðri rækt við lækinn, stór verönd og mikið útsýni.

Hafið samband við
Reyni Erlingsson
fasteignasala, sími 414 6600,
reynir@nyttheimili.is.



**Reynir Erlingsson**
Löggiltur fasteignasali
S: 820 - 2145

---

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Barmahlíð 49
**3ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mikið endurnýjuð 86,2 fm. íbúð í kjallara að meðtaldri 2,3 fm. sér geymslu í fjórbýlishúsi við Barmahlíð. Gólfefni eru endurnýjuð og íbúðin er nýmáluð auk þess sem búið er að draga nýtt rafmagn í alla íbúðina. Húsið er nýlega steinað að utan, þak er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll. Klóaklagnir eru endurnýjaðar. Sameign er nýmáluð ásamt því að gólf var flísalagt. **Verð 34,9 millj.**
**Verið velkomin.**

## Línakur 1c – Garðabæ
**4ra herbergja íbúð með sérinngangi.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð með sérinngangi á útsýnisstað við Línakur í Garðabæ. Nýtt eikarparket er á íbúðinni. Rúmgóð og björt stofa. Opið eldhús við stofu með stórri eyju. Þrjú herbergi. Skjólsæl verönd til suðurs. Mjög stutt er í leikskólann Akra, Hofstaðaskóla og stutt er út á aðalbraut. Næg bílastæði.
**Verð 47,9 millj. Verið velkomin.**

---

# Vindakór 5-7
203 Kópavogur



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 29.sept. kl.17:30-18:15**

Bókaðu skoðun



**Svan G. Guðlaugsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Rúmgóð og glæsileg 6 herbergja endaíbúð í lyftuhúsi
Um 60 fm alrými og fjögur stór svefnherbergi
Glæsilegar innréttingar – bílastæði í bílakjallara

Verð: **58,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Til sölu
## veitingarhúsið Kænan Hafnarfirði



Um er að ræða sölu á eigið húsnæði 325 fm, rekstri/viðskiptavild ofl. Miklir möguleikar fyrir réttan aðila.
Einstök staðsetning við höfnina Hfj. Nánari uppl. veitir Helgi J. Harðarson sölustj. s: 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

---

# LUNDUR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.**
**HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**



*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*



*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*



*Unnur Karen*
*Karlsdóttir*
*s. 698 9056*

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

**www.lundur.is • lundur@lundur.is**



Þó að Evrópa sé á útivelli er Norður-Írinn Rory McIlroy vinsæll hjá Bandaríkjamönnum og var mikið að gera í áritunum hjá honum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Pressan er á bandaríska liðinu

**Það er þjóðhátíð fram undan hjá golfáhugamönnum þar sem Ryder-bikarinn hefst á morgun. Þetta er uppáhaldsmót margra. Evrópa hefur unnið þrjú síðustu mót og Bandaríkjamenn ætla að vinna bikarinn til baka á heimavelli.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



**GOLF** Baráttan um Ryder-bikarinn fer fram á Hazeltine-golfvellinum í Minneapolis um helgina. Það er mikil pressa á Bandaríkjamönnum á heimavelli.

Evrópa hefur unnið síðustu þrjár keppnir um bikarinn eftirsótta og Bandaríkjamenn munu ekki sætta sig við enn eitt tapið. Þeir hafa tapað sex af síðustu sjö. Sérstaklega í ljósi þess að þeirra lið er mun sterkara á pappírnum góða og Evrópa mætir til leiks með heila sex nýliða.

Þetta skemmtilega golfmót er nefnt eftir enska kaupsýslumanninum Samuel Ryder sem gaf bikarinn góða sem keppt hefur verið um síðan 1927. Þetta mót er eins og Ólympíuleikarnir fyrir kylfinga, og margir þeirra nenntu ekki til Ríó, því enginn kylfingur fær greitt fyrir þátttöku á þessu móti.

Tiger Woods verður ekki í liði Bandaríkjanna að þessu sinni enda búinn að vera fjarverandi lengi vegna meiðsla. Hann verður þó á staðnum sem varafyrirliði liðsins. Tiger verður í því að peppa menn upp.

Þessi ótrúlegi kylfingur á árum áður virðist taka sínu nýja hlutverki af auðmýkt. Hann reyndi að lauma sér inn á liðsmyndatöku liðsins og fór ekki fyrr en ljósmyndarinn bað hann í annað sinn um að fara. Allt liðið hló hressilega að þessu uppátæki Tigers.

„Ég er svo ánægður með að sjá hversu vel undirbúinn og tilbúinn hann er í þetta. Við höfum átt frábær samtöl og hann er mjög nákvæmur í öllu. Ég er mjög hrifinn af því sem hann hefur verið að gera,“ sagði Phil Mickelson sem er að taka þátt í Ryder-bikarnum ellefta mótið í röð.

Bara nærvera Tigers mun hjálpa bandaríska liðinu mikið, segir Skotinn Colin Montgomerie sem var fyrirliði evrópska liðsins árið 2010.

„Það verður erfitt fyrir nýliðana okkar að sjá hann standa þarna á vellinum. Áhorfendur verða að kalla nafn hans og það er mikil nærvera af honum sem hefur jákvæð áhrif fyrir bandaríska liðið,“ sagði Montgomerie.

Stærsta stjarna Evrópu er Rory McIlroy og hann vill vinna bikarinn fyrir fyrirliða liðsins, Darren Clarke.

Þeir eru báðir frá Norður-Írlandi og Clarke var átrúnaðargoð McIlroy er hann var að alast upp. Draumurinn rættist síðan er hann hitti Clarke á tíu ára afmæli sínu. Þeir hafa haldið sambandi og verið vinir síðan.

„Ég hef alltaf viljað vinna fyrir fyrirliðann en aldrei eins mikið og nú því Darren er fyrirliði og samband okkar hefur alltaf verið frábært,“ sagði McIlroy sem hefur aldrei tapað í Ryder-bikarnum. „Ég man að Darren sagði við mig á tíu ára afmælinu að ég yrði að æfa og æfa. Ég hef aldrei gleymt þeim degi og minningar frá honum eru mér ofarlega í huga þessa dagana.

Eins og áður segir er leikið á hinum skemmtilega Hazeltine-velli en þetta er í fyrsta skipti sem Ryderinn er spilaður þar. Völlurinn er par 71 og var opnaður árið 1962. Hann er mjög langur og hentar því högglengri kylfingum. Þrjár par 5 holur eru yfir 550 metra langar.

Aðalhola vallarins er 16. holan en mörgum kylfingum finnst hún vera erfiðasta par 4 hola í heimi. Upphafshöggið þarf að fara 220 metra yfir vatn. Flötinni hallar síðan í allar áttir. Uppstillingu vallarins hefur aðeins verið breytt og 16. holan er því 7. holan á þessu móti.

Mótið verður sett í kvöld og hefst síðan í hádeginu á föstudag. Golfstöðin mun sýna beint frá mótinu alla keppnisdagana.

## Lið Evrópu

**Fyrirliði:** Darren Clarke
■ Val fyrirliða

**Rory McIlroy** NÍR
**Aldur:** 27 **Heimslisti:** 3
**Ryder-reynsla:** 3
**Árangur (S-T-J):** 6-4-4



**Danny Willett** ENG
**Aldur:** 28 **Heimslisti:** 10
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Henrik Stenson** SVÍ
**Aldur:** 40 **Heimslisti:** 5
**Ryder-reynsla:** 3
**Árangur (S-T-J):** 5-4-2



**Chris Wood** ENG
**Aldur:** 28 **Heimslisti:** 32
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Sergio Garcia** SPÁ
**Aldur:** 36 **Heimslisti:** 12
**Ryder-reynsla:** 7
**Árangur (S-J-T):** 18-9-5



**Justin Rose** ENG
**Aldur:** 36 **Heimslisti:** 11
**Ryder-reynsla:** 3
**Árangur (S-J-T):** 9-3-2



**Rafa Cabrera-Bello** SPÁ
**Aldur:** 32 **Heimslisti:** 30
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Andy Sullivan** ENG
**Aldur:** 30 **Heimslisti:** 50
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Matt Fitzpatrick** ENG
**Aldur:** 22 **Heimslisti:** 44
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Martin Kaymer** ■ ÞÝS
**Aldur:** 31 **Heimslisti:** 48
**Ryder-reynsla:** 3
**Árangur: (S-J-T):** 4-3-3



**Thomas Pieters** ■ BEL
**Aldur:** 24 **Heimslisti:** 42
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Lee Westwood** ■ ENG
**Aldur:** 43 **Heimslisti:** 46
**Ryder-reynsla:** 9
**Árangur (S-J-T):** 20-15-6



**Heimild:** PGA.com

## Lið Bandaríkjanna

**Fyrirliði:** Davis Love III
■ Val fyrirliða

**Dustin Johnson** BNA
**Aldur:** 32 **Heimslisti:** 2
**Ryder-reynsla:** 2
**Árangur (S-J-T):** 4-3-0



**Jordan Spieth** BNA
**Aldur:** 23 **Heimslisti:** 4
**Ryder-reynsla:** 1
**Árangur (S-J-T):** 2-1-1



**Phil Mickelson** BNA
**Aldur:** 46 **Heimslisti:** 15
**Ryder-reynsla:** 10
**Árangur (S-J-T):** 16-19-7



**Patrick Reed** BNA
**Aldur:** 26 **Heimslisti:** 8
**Ryder-reynsla:** 1
**Árangur (S-J-T):** 3-1-0



**Jimmy Walker** BNA
**Aldur:** 37 **Heimslisti:** 16
**Ryder-reynsla:** 1
**Árangur (S-J-T):** 1-1-3



**Brooks Koepka** BNA
**Aldur:** 26 **Heimslisti:** 22
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Brandt Snedeker** BNA
**Aldur:** 35 **Heimslisti:** 23
**Ryder-reynsla:** 1
**Árangur (S-J-T):** 1-2-0



**Zach Johnson** BNA
**Aldur:** 40 **Heimslisti:** 28
**Ryder-reynsla:** 4
**Árangur (S-J-T):** 6-6-2



**Rickie Fowler** ■ BNA
**Aldur:** 27 **Heimslisti:** 9
**Ryder-reynsla:** 2
**Árangur (S-J-T):** 0-4-4



**J.B. Holmes** ■ BNA
**Aldur:** 34 **Heimslisti:** 21
**Ryder-reynsla:** 1
**Árangur (S-J-T):** 2-0-1



**Matt Kuchar** ■ BNA
**Aldur:** 38 **Heimslisti:** 17
**Ryder-reynsla:** 3
**Árangur (S-J-T):** 4-5-2



**Ryan Moore** ■ BNA
**Aldur:** 33 **Heimslisti:** 31
**Ryder-reynsla:** Nýliði



**Myndir:** Getty Images

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni**

**A-riðill**
**Arsenal - Basel 2-0**
1-0 Theo Walcott (7.), 2-0 Theo Walcott (26.).

**Ludogorets - PSG 1-3**
1-0 Natanael (16.), 1-1 Blaise Matuidi (41.), 1-2 Edison Cavani (56.), 1-3 Edison Cavani (60.).

**Staðan:** PSG 4, Arsenal 4, Ludogorets 1, Basel 1.

**B-riðill**
**Besiktas - Dynamo Kiev 1-1**
1-0 Ricardo Quaresma (29.), 1-1 Viktor Tsigankov (65.).

**Napoli - Benfica 4-2**
1-0 Marek Hamsik (20.), 2-0 Dries Mertens (51.), 3-0 Arkadiusz Milik (54.), 4-0 Dries Mertens (58.), 4-1 Goncalo Guedes (71.), 4-2 Eduardo Salvio (86.).

**Staðan:** Napoli 6, Besiktas 2, Dynamo Kiev 1, Benfica 1.

**C-riðill**
**Gladbach - Barcelona 1-2**
1-0 Thorgan Hazard (34.), 1-1 Arda Turan (65.), 1-2 Gerard Pique (74).

**Celtic - Man. City 3-3**
1-0 Moussa Dembélé (3.), 1-1 Fernandinho (12.), 2-1 Raheem Sterling (20., sm.), 2-2 Raheem Sterling (28.), 3-2 Moussa Dembélé (47.), 3-3 Nolito (55.).

**Staðan:** Barcelona 6, Man. City 4, Celtic 1, Mönchengladbach 0.

**D-riðill**
**Atlético - Bayern 1-0**
1-0 Yannick Carrasco (35.).

**Rostov - PSV Eindhoven 2-2**
1-0 Dmitry Poloz (9.), 1-1 Davy Proepper (14.), 2-1 Dmitry Poloz (38.), 2-2 Luuk de Jong (45.).

**Staðan:** Atlético 6, Bayern 3, PSV Eindhoven 1, Rostov 1.

**Walcott heldur betur allt annar leikmaður en undanfarin ár, skemmtilegt að sjá hversu vel hann og Sanchez ná saman.**

Pétur Örn Gíslason
@peturgisla

**Olís-deild karla**

**Afturelding - FH 27-26**
**Mörk Afturelding**: Birkir Benediktsson 8, Mikk Pinnonen 7, Árni Bragi Eyjólfsson 6, Jón Heiðar Gunnarsson 3, Elvar Ásgeirsson 1, Kristinn Hrannar Elísberk 1, Gunnar Kristinn Malmquist 1.
**Mörk FH:** Einar Rafn Eiðsson 7, Ágúst Birgisson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 4, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Jóhann Birgir Ingvarsson 4, Arnar Freyr Ársæsson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Aftuelding | 8 | Selfoss | 4 |
| Grótta | 7 | Fram | 3 |
| Stjarnan | 6 | Valur | 2 |
| FH | 5 | Haukar | 2 |
| ÍBV | 5 | Akureyri | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.55 | Hapoel - So'ton | Sport |
| 19.00 | Bilbao - Rapid Vín | Sport3 |
| 19.00 | Man. Utd - Zorya | Sport |
| 19.00 | Dundalk - Maccabi | Sport2 |
| 21.00 | Ryder Cup | Golfstöðin |
| 18.30 | ÍBV - Stjarnan | Eyjar |
| 19.30 | Haukar - Fram | Schenkerh. |

# TÍMI BREYTINGA

Við kynnum nýtt form virkni og sveigjanleika. Nýja BeoVision Horizon sjónvarpið býður óaðfinnanlega einfaldan aðgang efnis með Android TV™, kristaltæra 4K UHD mynd og hin alkunnu Bang & Olufsen hljómgæði. Fáanlegt í 40“ og 48“ stærðum.

bang-olufsen.com



BEOVISION HORIZON

BANG & OLUFSEN

LIKE NO ONE ELSE

ORMSSON LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800






Pavel í leik með KR í Domino's-deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vil sýna mitt rétta andlit

**Pavel Ermolinskij ætlar að gefa allt í veturinn sem er fram undan í Domino's-deild karla. Hann segir að áhuginn og drifkrafturinn sé enn til staðar.**

> Kannski var það vegna þess að ég fékk tíma til að staldra við og skoða þetta utan frá. Það kviknaði í mér blossi að byrja að skara fram úr aftur.
>
> Pavel Ermolinskij

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinskij hefur fengið góðan tíma í sumar til að hvíla sig fyrir átökin sem eru fram undan í Domino's-deild karla. Hann hefur lítið æft í sumar vegna meiðsla og missti af þeim sökum af öllum leikjum Íslands í undankeppni EM í körfubolta, þar sem Ísland tryggði sér þátttökurétt í sinni annarri lokakeppni í röð.

Fréttablaðið ræddi við Pavel í gær og sagði hann að sér liði vel eftir sumarið og hefði náð að vinna á mörgum kvillum sem hafi hrjáð hann síðustu misseri. Pavel hefur verið lykilmaður í liði KR sem hefur orðið Íslandsmeistari síðustu þrjú árin. Þá hafi hann ávallt sett lið sitt í forgrunn en nú fer hann inn í nýtt tímabil með aðrar áherslur.

„Ég finn fyrir mikilli persónulegri þörf til að standa mig og skara fram úr á nýjan leik," sagði Pavel sem segir að hann hafi fyrst og fremst verið dæmdur af árangri KR, sem hafi vissulega verið góður. „Ég finn fyrir persónulegri áskorun þetta tímabilið. Það er eitthvað sem kviknaði í mér í sumar. Kannski var það vegna þess að ég fékk tíma til að staldra við og skoða þetta utan frá. Það kviknaði í mér blossi að byrja að skara fram úr aftur."

### Vill vera leikstjórnandi

Áhuginn er enn til staðar hjá Pavel sem hlakkar til að hefja nýtt tímabil. Hjá KR hefst það gegn Tindastóli á föstudag í næstu viku. „Ég hlakka til að komast aftur af stað og sýna mitt rétta andlit," segir hann.

Pavel var á síðasta tímabili ýmist notaður sem leikstjórnandi eða kraftframherji. Hann vill einbeita sér að leikstjórnandastöðunni í vetur.

„Ég vil fá boltann og láta þannig til mín taka. KR hefur verið með þannig lið síðustu árin að það hefur ekki þurft að fara mikið fyrir mér. Ég hef verið meira í því að stýra liðinu, sem ég mun gera áfram. En ég vil taka enn meiri ábyrgð í leikjum liðsins, líkt og var tilfellið fyrir nokkrum árum."

### Leysa vandamálin í klefanum

Jón Arnór Stefánsson mun spila með KR í vetur en þeir Pavel eru góðir vinir, innan vallar sem utan. „Þetta snýst líka að miklu leyti um félagsskapinn og það er frábært að fá hann inn í liðið. Ég er búinn að merkja honum pláss við hliðina á mér í búningsklefanum og þar munum við leysa öll helstu vandamálin, eins og við höfum svo oft áður gert."

Þrátt fyrir þennan góða liðsstyrk hafa KR-ingar misst lykilmenn úr sínum röðum og er ekki jafn mikil breidd í leikmannahópnum og síðustu ár. Það óttast Pavel ekki.

„KR er ekki lengur talið besta liðið fyrirfram. KR er enn með sterkt lið en það er ekki sú ára yfir liðinu að það megi helst ekki tapa leik. Það er flott áskorun fyrir þann kjarna leikmanna sem hefur verið í liðinu síðustu ár. Við þurfum að sýna að við getum þetta enn þá."

eirikur@frettabladid.is


THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT®
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.
Fáanlegur með bæði herra- og dömusniði.
Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé Thermoball einangruninni.
Hin byltingarkennda Thermoball einangrun er aðeins í North Face fötum.
Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.
Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.
TILBOÐSVERÐ TIL MÁNUDAGS
24.990.-
FULLT VERÐ 29.900.-
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is
ÁRNASYNIR

markhönnun ehf

# nettó

# Helgin byrjar í Nettó

*Úrval af kjöti*



NAUTASTEIK ROAST BEEF
~~VERÐ ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.698** KR/KG



-40%

KJÖTSEL

BAYONNESKINKA
~~VERÐ ÁÐUR: 1.996 KR/KG~~
**1.198** KR/KG



-34%

GOÐI

LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
FORSTEIKTAR
~~VERÐ ÁÐUR: 2.859 KR/KG~~
**1.887** KR/KG



KEA

LONDONLAMB
~~VERÐ ÁÐUR: 3.129 KR/KG~~
**2.816** KR/KG



ANDABRINGUR 2 STK
~~VERÐ ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.698** KR/KG

*Fiskinn á diskinn*



SKINNEY ÝSUBITAR 1 KG
FROSIÐ
~~VERÐ ÁÐUR: 1.698 KR/KG~~
**1.494** KR/KG



GOÐI

LAMBALIFUR
~~VERÐ ÁÐUR: 429 KR/KG~~
**386** KR/KG

LAMBAHJÖRTU
~~VERÐ ÁÐUR: 429 KR/KG~~
**386** KR/KG

KJÖTBORÐ





GOÐI

LIFRARPYLSA - FROSIN
ÓSOÐIN - 2 STK
~~VERÐ ÁÐUR: 1.175 KR/PK~~
**1.058** KR/PK

BLÓÐMÖR - FROSIN
ÓSOÐIN - 2 STK
~~VERÐ ÁÐUR: 967 KR/PK~~
**870** KR/PK



NAUTAHAKK - 500 G
~~VERÐ ÁÐUR: 898 KR/PK~~
**754** KR/PK

KJÖTBORÐ

*Gott í pastaréttinn*



-50%

SKINKU- & BEIKONTENINGAR
~~VERÐ ÁÐUR: 1.498 KR/KG~~
**749** KR/KG



-24%

GRANDIOSA PIZZUR
~~VERÐ ÁÐUR: 789 KR/STK~~
**599** KR/STK

*Allt í pastaréttinn*



-20%

FERSKT PASTA FRÁ RANA

**Tilboðin gilda 29. september – 2. október 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Haustmarkaður

afsláttur af völdum liðum í íslensku grænmeti




Brakandi gott




STIRATINI KETTLE BAKED FLÖGUR - 2 TEG 150 G
VERÐ ÁÐUR: 349 KR/PK
**279 KR/PK**




BAD DOG ORKUDRYKKUR 250 ML
VERÐ ÁÐUR: 179 KR/STK
**129 KR/STK**




OSTASLAUFUR 2 X 100 G
VERÐ ÁÐUR: 398 KR/PK
**279 KR/PK**

PIZZASNÚÐAR 2 X 100 G
VERÐ ÁÐUR: 398 KR/PK
**279 KR/PK**




PFANNER TÓMATSAFI
VERÐ ÁÐUR: 249 KR/STK
**199 KR/STK**

Pasta, pasta...




COOP PASTA FARFALLE/KUÐUNGAR/PENE RIGATE/SKRÚFUR 500 G
VERÐ ÁÐUR: 199 KR/PK
**159 KR/PK**

COOP PASTA TAGLIATELLE
VERÐ ÁÐUR: 269 KR/PK
**215 KR/PK**

Kanelsnúðadagurinn 4. október




FINDUS KANILSNÚÐAR
VERÐ ÁÐUR: 360 KR/PK
**349 KR/PK**

COOP KANILSNÚÐAR 4 STK - 340 G
VERÐ ÁÐUR: 359 KR/PK
**298 KR/PK**




GINA KAFFIPÚÐAR - 50 STK
VERÐ ÁÐUR: 498 KR/PK
**398 KR/PK**

Gæði fyrir krílin




BLEYJUR - NEWBORN
VERÐ ÁÐUR: 889 KR/PK
**711 KR/PK**

BLEYJUR - JUNIOR/MAXI/MIDI
VERÐ ÁÐUR: 1.798 KR/PK
**1.438 KR/PK**

BLEYJUR - XL/MINI
VERÐ ÁÐUR: 1.698 KR/PK
**1.358 KR/PK**

Opnar föstudaginn 30. sept kl. 12:00

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun

# NETTÓ HAFNARFIRÐI

Miðvangi 41

Frábær opnunar-tilboð

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

## Merkisatburðir

**1906** Landssími Íslands tekur til starfa og Hannes Hafstein ráðherra sendir konungi fyrsta símskeytið um nýlagðan neðansjávarstreng.
**1922** Norræna félagið er stofnað í Reykjavík.
**1974** Auður Eir Vilhjálmsdóttir er fyrst kvenna vígð til prests á Íslandi.
**1980** Flugvél var flogið til Reykjavíkur frá Færeyjum með mann standandi á þaki vélarinnar. Flugið tók sex klukkustundir og var maðurinn að reyna að setja heimsmet.
**1990** Nesjavallavirkjun í Grafningi er gangsett. Fyrsti áfangi hennar er 100 megavött.
**1996** Jarðskjálfti upp á 5 stig á Richter finnst við Bárðarbungu.


†



Hjartkær systir okkar og frænka,
**Guðrún Finnbogadóttir**
sjúkraliði,
Ránarbraut 15a, Vík í Mýrdal,

lést að dvalarheimilinu Hjallatúni laugardaginn 17. september síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 1. október kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorgerður Finnbogadóttir Einar Reynir Finnbogason**

†



Þökkum vináttu og samúð við fráfall og útför bróður míns,
**Jóns Pálssonar Kristinssonar**
trésmiðs,
Langholtsvegi 147.

**Anna S. Kristinsdóttir Fredriksen**
**og fjölskylda.**

†



Ástkær faðir minn, afi og langafi,
**Jón Guðmundsson**
rafvirkjameistari,
Herjólfsgötu 36,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 26. september.

**Guðmundur Geir Jónsson** **Ragnheiður Hermannsd.**
**Jón Eggert Guðmundsson**
**Jóhannes Geir Guðmundsson** **Pamela Perez**
**Björgvin Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

†



Látinn er
**dr. Jón Þór Þórhallsson**
fv. forstjóri Skýrr,
Akurgerði 31, Reykjavík.

**Aðstandendur.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Stefán Haukur Jóhannsson**
Fífumóa 6, Selfossi,

lést fimmtudaginn 22. september á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 4. október kl. 12.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarfélag Árborgar.

**Ragnheiður Zóphóníasdóttir**
**Ingibjörg Stefánsdóttir** **Guðjón Haukur Stefánsson**
**Margrét Stefánsdóttir** **Gylfi Guðmundsson**
**Jóhann Ingvi Stefánsson** **Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir**
**Soffía Stefánsdóttir** **Reynir Guðjónsson**
**barnabörn og langafabörn.**




Róska, Dzi Croquettes, París 1975. MYND/RÓSKA

# Ímyndaður bakgrunnur

**Sýning á ljósmyndum Rósku stendur nú yfir í Vínarborg. Sýningarstjóri er Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur, en sýningin er hluti af myndlistarhátíðinni Curated by_Vienna.**

Við þekkjum pólitíska aðgerðarsinnann, kvikmyndagerðarmanninn, listmálarann og teiknarann Rósku. Á sýningunni „Feckless and Hotheaded“ sem nú stendur yfir í Galerie Raum mit Licht í Vínarborg, birtist lítt þekktur ljósmyndarinn Róska. Þar sjást í fyrsta sinn svart/hvít prent hennar og innsetning með áttatíu litskyggnum sem allar bera vott um nána samvinnu Rósku við suður-ameríska framúrstefnuleikhópa sem gerðu garðinn frægan í París um miðjan áttunda áratug 20. aldar.

„Um er að ræða ljósmyndir sem sýna til dæmis danshópinn Dzi Croquettes sem samanstóð eingöngu af karldönsurum, sem flestir flúðu alræmda herforingjastjórn Brasilíu, og leituðu skjóls í París þar sem pólitískt „hinsegin“ leikhús fékk að blómstra. Róska var nátengd frönsku nýbylgjunni í kvikmyndagerð, hún þekkti framúrstefnuleikhús Fernandos Arrabal, og ljósmyndaði hún einnig leikverkið Luxe sem samið var af þeim Alfredo Arias og Carlos d'Alessio með dívunni Marucha Bo í aðalhlutverki,“ segir Æsa Sigurðardóttir, listfræðingur og sýningarstjóri, en sýningin er hluti af myndlistarhátíðinni Curated by_Vienna þar sem 19 alþjóðlegum sýningarstjórum er boðið að velja óþekkt eða lítt þekkt verk til að sýna í jafnmörgum galleríum borgarinnar. Að þessu sinni áttu sýningarstjórar að tengjast ódípusískri óhlýðni myndlistarinnar undir sameiginlegum titli: Ímyndaður bakgrunnur minn.

„Ég ákvað að tefla saman fimm ólíkum listakonum sem aldrei áttu kost á því að hittast eða vinna saman, en eiga það sameiginlegt að stunda eða hafa stundað einhvers konar borgaralega óhlýðni hver á sinn hátt. Þetta eru auk Rósku, þær Geta Brătescu frá Rúmeníu, Ludmila Rusava frá Hvíta-Rússlandi og tvær ungar listakonur nú starfandi í Vínarborg, þær Karin Fisslthaler og Olena Newkryta,“ segir Æsa.



Æsa Sigurðardóttir, listfræðingur og sýningarstjóri.

> Um er að ræða ljósmyndir sem sýna til dæmis danshópinn Dzi Croquettes sem samanstóð eingöngu af karldönsurum, sem flestir flúðu alræmda herforingjastjórn Brasilíu og leituðu skjóls í París þar sem pólitískt „hinsegin“ leikhús fékk að blómstra.

„Titillinn „Feckless and Hotheaded“ (Kærulausar og framhleypnar) vísar til upphrópana sem oft eru viðhafðar þegar rætt er um listakonur eða konur almennt innan myndlistarumræðu og bókmennta, en einnig í samfélagsumræðu dagsins í dag. Róska var kölluð „Fokill stelpa frá Róm“ í grein Kjartans Guðjónssonar sem birtist í Þjóðviljanum á sinni tíð – en ljósmynd Rósku af ítalskri óeirðalögreglu var hafnað, eins og kunnugt er, á samsýningu FÍM árið 1969, m.a. á þeim forsendum að ekki væri um myndlist að ræða,“ segir hún.

Ljósmyndin og kvikmyndin var mikilvægur þáttur í listsköpun Rósku og sýningin í Vínarborg sýnir einmitt þetta flæði á milli miðla sem einkennir listsköpun hennar oft út frá formerkjum aðgerða eða nýraunsæis.

„Á sýningunni er því einnig lögð áhersla á að sýna fram á hversu mikið frelsi birtist í listsköpun kvenna á áttunda og níunda áratug liðinnar aldar og forvitnilegt hvernig yngsta kynslóð myndlistarkvenna vinnur úr möguleikum stafrænnar tækni. Róska var óhrædd við að taka í notkun þá nýju miðla sem buðust hverju sinni. Ég hafði einnig áhuga á að sýna fordómalausa afstöðu til listsköpunar, eins og hún birtist á svo ferskan hátt í ljósmyndum Rósku,“ segir Æsa en óhætt er að segja að áttundi áratugurinn hafi veirð merkilegur í listsögulegu samhengi vegna þess að á þeim tíma hófst ákveðin umpólun innan listheimsins.

„Landamæri féllu á milli listgreina, samvinna var algeng og raddir kvenna og ýmissa minnihlutahópa tóku að hljóma. Á síðustu árum ævi sinnar vísaði Róska oft í franska skáldið og súrrealistann André Breton og gerði hugmyndir hans að leiðarljósi. Hún skýrir leit sína oft með orðum hans, það er að segja að hlutverk listarinnar væri að „dýpka grundvöll raunveruleikans og draga fram í dagsljósið skýrari og ástríðufyllri meðvitund um þann heim sem tilfinningarnar skynja“,“ segir Æsa.

gudrunjona@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. SEPTEMBER 1969

## Norræna félagið var stofnað á Íslandi

Norræna félagið var stofnað í Reykjavík þennan dag árið 1922 með það að markmiði að efla tengsl fólks innan Norðurlandanna og þar með norræna samvinnu.

Slíkt félag var fyrst stofnað í Svíþjóð árið 1917 en á fundi í Kaupmannahöfn árið eftir var ákveðið að slíkt félag þyrfti að vera með deildir á öllum Norðurlöndunum. Árið 1919 voru þær stofnaðar í Noregi og Danmörku og 1924 í Finnlandi. Síðar bættust Færeyjar, Álandseyjar og Grænland í hópinn.

Norræna félagið sinnir margs konar starfsemi. Það veitir meðal annars styrki til lýðháskólanáms á Norðurlöndunum og fjármagnar verkefnið Nordjobb ásamt Norrænu ráðherranefndinni.



# Framfaraflokkurinn

# X - N

**Stofnfundir Framfaraflokksins**
**verða á Nordica- Hilton á Suðurlandsbraut**
**laugardaginn 1. okt kl. 13:30 og sunnudaginn 2. okt. kl. 14:00.**

Þar mun formaður flokksins útskýra grunnstefnu flokksins og neðangreind atriði, einnig munu verða 2 gestafyrirlesarar með stutt erindi:
Ellert Schram varaformaður eldriborgara í Reykjavík og
Ragnar Ögmundsson efnahags- og hagstjórnar sérfræðngur.

*Allir hjartanlega velkomnir ( veitingar á staðnum )*

**Flokkurinn er hægri - miðju flokkur með margar nýjar raunhæfar hugmyndir til hagsbóta fyrir þjóðfélagið.**

Flokkurinn stefnir að framboði í öllum kjördæmum.

**Ert þú hugsjónamanneskja með sterkar skoðanir á þjóðmálum, þá er þetta tækifæri til að taka þátt og móta stefnu nýs flokks.**

Formaðurinn mun kynna grunnhugmyndir flokksins þ.á.m.

- Virkt lýðræði (opin gátt inn á Alþingi)
- Mikla vaxtamöguleika í sjávarútvegi og hugmyndir sem engin flokkur er að tala um.
- Mismunandi afbrigði hagvaxtar
- Skilyrði til lækkunar útlánsvaxta bankana.
- Þarfagreiningu í velferðakerfinu
- Samstarf ríkis og sveitarfélaga um byggingu 20-90 fm íbúða hugsamlega með aðkomu lífeyrissjóðana.
- Öflugan skyldusparnað í gegn um lífeyrissjóðina og eftirgjöf á sköttum að hluta til, fyrir námsmenn og ungt fólk
- Kostnaðarþátttaka fólks undir ákveðnum tekjumörkum í heilbrigðiskerfinu.



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Gengur í norðankalda í dag, en hvassviðri með austurströndinni. Víða rigning fyrir norðan og austan og slydda inn til landsins, en bjart suðvestan til. Heldur kólnandi veður.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | -0° | 1° |
| ↙3 | ←5 | ↓2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 4° | 0° |
| ↘3 | ↙5 | ↓4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 2° |
| ↖9 | ←10 | ←3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 0° |
| ←5 | ↙1 | ↑6 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tarfur
6. tveir eins
8. saur
9. forsögn
11. kvað
12. skrælnuð trjágrein
14. reika
16. hvað
17. ágæt
18. kærleikur
20. vörumerki
21. klettur

**LÓÐRÉTT**
1. svei
3. pot
4. sælgæti
5. svelg
7. uppþvottur
10. geislahjúpur
13. bókstafur
15. svari
16. rámur
19. drykkur



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. boli, 6. uu, 8. tað, 9. spá, 11. ku, 12. sprek, 14. vafra, 16. ha, 17. fín, 18. ást, 20. ss, 21. sker.
**LÓÐRÉTT:** 1. fuss, 3. ot, 4. lakkrís, 5. iðu, 7. uppvask, 10. ára, 13. eff, 15. ansi, 16. hás, 19. te.

## Skák Gunnar Björnsson

Iversen átti leik gegn Clausen í Árósum árið 1992.

**1. Dxh7+! Kxh7 2. Hh3+! Bxh3 3. Hxh3+ Kg6** (3...Kg8 4. Hh8#) **4. Hh6#.** Fyrsta deild Íslandsmóts skákfélaga hefst í kvöld í Rimaskóla.

**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 8 | 3 |
| 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 4 | 3 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 6 | 5 | 1 |
| 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 7 | 9 | 6 | 3 | 8 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 3 | 6 | 4 | 9 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 1 | 8 | 3 | 9 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 |
| 4 | 8 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 |






# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLT Í STEIK

NAUTALUNDIR ERLENDAR

Verð aðeins

**3999** KR KG



OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Þetta er samband sem varir svo lengi sem við lifum

**RIFF hefst í dag og heimildarmyndir skipa sífellt stærri sess á hátíðinni. Tiny The Life of Erin Blackwell í leikstjórn Martins Bell veitir sýn inn í líf konu sem var komin á götur Seattle aðeins þrettán ára gömul.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Martin Bell segir að Tiny hafi frá upphafi búið yfir einstökum hæfileika til þess að vera afslöppuð og heiðarleg fyrir framan myndavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Martin Bell er á meðal virtustu heimildarmyndagerðarmanna Bandaríkjanna. Á löngum ferli hefur hann unnið í nánu samstarfi við eiginkonu sína, ljósmyndarann Mary Ellen Mark, sem féll frá á síðasta ári. Á meðal verkefna þeirra hjóna var heimildarmyndin Streetwise ásamt samnefndri bók, þar sem segir frá unglingum á götum Seattle snemma á níunda áratugnum. Upphaf verkefnisins má rekja til greinar sem Mary Ellen Mark vann fyrir Life Magasine ásamt Cheryl McCall um götukrakka í Seattle. Streetwise hlaut gríðarlega góðar viðtökur og var m.a. tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmyndin árið 1984 en hjónin létu ekki staðar numið.

### Dýpri skilningur

Fyrir skömmu var frumsýnd heimildarmyndin Tiny The Life of Erin Blackwell, en þar er fylgst með lífi stúlku sem var ein af unglingunum sem hjónin kynntust við gerð Streetwise. Tiny The Life of Erin Blackwell er á meðal fjölmargra heimildarmynda á RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík sem hefst í dag. Martin Bell, sem var staddur hér á landi fyrir skömmu, segir að þau hjónin hafi í raun alltaf vitað að Streetwise dugði ekki til þess að segja sögu Erin Blackwell eða Tiny eins og hún er alla jafna kölluð. „Það var aðalástæðan fyrir því að okkur fannst það verðugt verkefni að skoða og kvikmynda líf hennar nánar og á löngum tíma.

Mary Ellen myndaði og safnaði efni í bók um hana og ég gerði stuttmyndir. Uppsafnað þá dugði þetta efni til þess að framleiða bókina. En stuttmyndir sem voru upprunalega hugsaðar sem stuðningur við bókina urðu síðar hluti af þessari mynd Tiny The Life of Erin Blackwell.

Verðmætið sem er fólgið í að halda þessari vinnu áfram allan þennan tíma er ekki síst fólgið í bók Mary Ellen; Tiny: Streetwise Revisited ásamt öllum myndunum og báðum kvikmyndunum sem eftir liggja. Að skoða allt þetta efni í heild sinni veitir áhorfendum dýpri skilning á ýmsum málum sem fátæktin veldur.“



Tiny, ung og ólétt, ætlaði sér alltaf að eignast 10 börn. MYND/©MARY ELLEN MARK

### Lífstíðarsamband

Martin segir að jafnframt hafi Tiny búið yfir þeim hæfileika að vera afslöppuð og fullkomlega heiðarleg fyrir framan myndavélina. „Hún deildi sannleikanum um líf sitt án þess að draga neitt undan. Hún hafði nýverið náð að brjótast burt frá drykkjusjúkri móður og brotnu heimili en það leiddi hana til götulífsins í Seattle. Þar fann hún fyrir frelsi og henni fannst götulífið spennandi.“

Eftir tökur á Streetwise bauðst Tiny að fara með Mary Ellen og Martin til New York og búa hjá þeim en með því skilyrði að þyrfti hún að ganga í skóla. „Skólinn var eina skilyrðið en hún vildi ekki fara í skóla, það kæmi ekki til greina. Seinna sagði hún okkur að hún hefði hugsað um þessa ákvörðun á hverjum degi síðan þá. Við höfum þó alltaf verið í stöðugu sambandi við hana og reynt að hjálpa henni af fremsta megni en viljinn til þess að breyta lífinu til hins betra hefur þó alltaf þurft að koma frá henni. Í dag er Tiny í betri málum en hún hefur áður verið, en eins fólk getur séð með því að horfa á myndina þá elta vandamál fortíðarinnar hana alla daga.“

Martin segir að þrátt fyrir að kvikmynd sé nú frumsýnd þá muni hann halda áfram að kvikmynda líf Tiny og fjölskyldu hennar. „Þetta er samband sem kemur til með að vara svo lengi sem við lifum.“

### Kveikir umræðu

Heimildarmyndir eru áhrifarík leið til þess að skoða samfélagið, án þess þó að taka endilega afstöðu til þess sem fjallað er um, en Martin segir að Tiny sé huglægt verk og búi ekki yfir einhverju pólitísku markmiði. „Þetta er saga sem hófst fyrir þrjátíu og þremur árum, hún nýtir sér orð þeirra sem búa við fátækt frá degi til dags og þann raunveruleika sem það felur í sér. Þannig er þetta verk til vitnis um sumar þeirra áskorana sem fólk sem býr á jaðri samfélagsins tekst á við á hverjum degi.“

Martin telur að gagnsemi verka á borð við þetta felist einkum í því að það sé aðgengilegt í skólum allt upp á háskólastig sem og stofnunum sem takast á við að leysa þau vandamál sem fátæktin skapar. „Von okkar er að þetta verk geti reynst gagnleg kveikja að umræðu og áhuga á þeim flóknu og erfiðu vandamálum sem þar er komið inn á. Í þessu liggur styrkur heimildarmyndanna.

En að sama skapi er rétt að taka fram að framtíð verka á borð við þetta veltur á að það takist að fjármagna þau. Fjármögnun heimildarmynda er líkast til það sem kallar á mesta sköpunarkraftinn og erfiðustu vinnuna.“ Tiny The Life of Erin Blackwell er á meðal þeirra mynda sem verða sýndar strax í dag á RIFF en nánari upplýsingar um sýningartíma og myndir er að finna á riff.is.

# Hefði mátt hljóma betur

TÓNLIST

**Píanótónleikar**

★★☆☆☆

**Verk eftir Yinghai Li, Alexander Tsérepnín, Bohuslav Martinu, Alexina Louie, Mozart og Chopin. David Witten lék.**

**Kaldalón í Hörpu
Laugardaginn 24. september**

Kínversk tónlist eða verk sem voru innblásin af kínverskri menningu voru á dagskránni á tónleikum píanóleikarans Davids Witten í Kaldalóni í Hörpu á laugardagskvöldið. Tilefnið var dagur hinnar kínversku Konfúsíusarstofnunar, en tónleikarnir voru haldnir á hennar vegum.

Witten hóf leik sinn á tónsmíðinni Flauta og tromma við sólarlag eftir Yinghai Li. Þar er efniviðurinn sóttur í forna laglínu sem venjulega er spiluð á pipa, kínverskt strengjahljóðfæri. Tónlistin var fallega framandi. Hún grundvallaðist á seiðandi hljómum og fjölbreyttum, hröðum tónahendingum sem mynduðu áhugavert mynstur. Witten lék þetta ágætlega, leikurinn var skýr og markviss, gæddur réttu andrúmsloftinu.

Píanistinn spilaði þó ekki utan að eins og vaninn er á svona tónleikum. Ung kona sat við hlið hans og fletti blöðum. Hún virtist ekki sérlega læs á nótur. Ýmist þurfti Witten að kinka kolli til að gefa henni merki um að nú þyrfti að fletta, eða þá að hún hentist óumbeðin upp úr sætinu á elleftu stundu og fletti, nánast með írafári. Þetta var afar truflandi. Athyglin fór af tónlistinni og á flettarann; myndi hún ná að fletta næstu blaðsíðu í tæka tíð?

Þrjár konsertetýður eftir Alexander Tsérepnín komu ekki eins vel út hjá Witten. Tsérepnín var rússneskur, en var heillaður af kínverskri menningu. Etýðurnar bera þess merki. Hér var leikurinn varfærnislegur og sýndi ekki mikla tækni. Tónlistin átti að vera glæsileg, en var það ekki. Sérstaklega var síðasta etýðan klaufaleg. Hún byggðist aðallega á hröðum, síendurteknum nótum sem ekki náðu allar í gegn í spilinu.

Fimmti dagur fimmta mánans eftir tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinu, sem vísar til hátíðisdags í Kína, var ekki heldur spennandi í meðförum Wittens. Þetta er samt að upplagi draumkennd, sjarmerandi tónlist. Hér var áslátturinn fremur harður og munúðarfullt andrúmsloftið skilaði sér því ekki almennilega í túlkuninni.

Síðast fyrir hlé var tónsmíð að nafni Minningar í fornum garði eftir kanadískt samtímatónskáld af kínverskum ættum, Alexinu Louie. Tónlistin var áhugaverð. Hún samanstóð af þéttofnum blæbrigðum þykkra hljómaklasa. Einnig lék píanistinn beint á bassastrengi píanósins með vinstri hendinni, þ.e. ekki með hömrunum. Witten gerði þetta vel, hljómarnir voru fagurlega mótaðir og hraðar tónahendingar snyrtilegar.

Heldur syrti í álinn eftir hlé. Þá var á dagskránni kunnuglegri tónlist. Þetta var B-dúr sónatan K 333 eftir Mozart og Noktúrna í H-dúr op. 32 nr. 1 og fyrsta Balladan í g-moll eftir Chopin. Sumt í Mozart var reyndar ekki slæmt, hægi kaflinn var t.d. notalega ljóðrænn. En almennt voru tónahlaup ekki nægilega jöfn og rytminn var stundum svo óstöðugur að maður varð hálf sjóveikur. Auk þess voru tilburðir flettarans ekki til að bæta.

Noktúrnan eftir Chopin var hins vegar prýðilega flutt, full af söng og skáldskap. En Balladan var beinlínis illa spiluð. Tæknin vafðist fyrir píanóleikaranum, röskari kaflar voru ójafnir og stirðir; fyrir bragðið vantaði allt flæði í túlkunina. Það var hreinlega eins og Witten réði ekki við verkið. Óneitanlega var þetta slæmur endir á tónleikunum.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Sumt var gott en fleira var vont á dagskránni.

# „FRÁBÆRLEGA GÓÐ."

GEFLE DAGBLAD










„Atburðarásin er spennandi fram á síðustu blaðsíðu ... hlakka til að lesa næstu bók höfundar."
ÍRIS DAVÍÐSDÓTTIR / FRÉTTANETIÐ (UM *MAMMA, PABBI, BARN*)

„Vel skrifuð, auðlesin spennusaga ... Undir yfirborði afþreyingarinnar er fjallað um þann skaða sem dulin fjölskylduleyndarmál og sektarkennd geta valdið."
DAST MAGAZINE

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




Opnunarmynd RIFF er Sundáhrif, kvikmynd eftir Sólveigu Anspach, og verður hún sýnd í stóra sal Háskólabíós í kvöld.

# Sundáhrif Sólveigar opnunarmynd RIFF

RIFF verður sett í þrettánda sinn við hátíðlga athöfn í Háskólabíói í kvöld. Opnunarmynd hátíðarinnar er fransk/íslenska kvikmyndin Sundáhrifin eftir Sólveigu Anspach.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Reykjavík International Film Festival, RIFF, hefst í kvöld. Opnunarmynd hátíðarinnar er Sundáhrif, kvikmynd eftir Sólveigu Anspach og verður hún sýnd í stóra sal Háskólabíós í kvöld. Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni Cannes í vor þar sem hún hlaut SACD-verðlaunin fyrir bestu frönskumælandi kvikmyndina á lokahófi dagskrárinnar Director's Fortnight.

Myndin segir frá Samir sem er ástfanginn af sundkennara sínu, Agathe, og óskar að bæta ráð sitt gagnvart henni. Samir eltir ástina til Íslands en verður fyrir rafstraumi sem gerir það að verkum að hann missir minnið og vandast þá málin því hvernig getur hann bætt upp fyrir nokkuð sem hann ekki man? Getur Agathe aðstoðað hann við að endurheimta minnið, og um leið ást hans í hennar garð? Florence Loiret Caille og Samir Guesmi fara með aðalhlutverkin. Með önnur hlutverk fara ljóðskáldið Didda Jónsdóttir, sem leikið hefur í alls fjórum myndum Sólveigar, Frosti Jón Runólfsson, Ingvar E. Sigurðsson og Kristbjörg Kjeld.

**KVIKMYNDIR SÓLVEIGAR ANSHPACH:**

**Leikstjórinn Sólveig Anspach fæddist árið 1960 í Vestmannaeyjum. Hún bjó lengst af í Frakklandi og starfaði þar sem handritshöfundur og leikstjóri. Meðal helstu verka hennar má nefna:**

- **Stormviðri (Stormy Weather) 2003**
- **Skrapp út 2009**
- **Queen of Montreuil 2012**
- **Lulu in the Nude 2013**
- **Sundáhrifin 2015**

Tökur á Sundáhrifunum fóru fram í Frakklandi og á Íslandi árið 2014 og 2015. Sólveig glímdi við illvígt krabbamein á meðan á tökum stóð og lést í ágúst í fyrra. Hún leikstýrði alls fjórtán myndum á farsælum ferli sínum.

„Við veljum Sundáhrifin af því að okkur finnst Sólveig vera frábær kvikmyndagerðarkona og við höfum sýnt mikið af myndum eftir hana. Þetta er fyrst og fremst skemmtileg og góð mynd. Ég var viðstödd heimsfrumsýninguna úti í Cannes og hún vakti mikla hrifningu gesta í salnum,“ sagði Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF, í viðtali við Fréttablaðið í ágúst.

RIFF verður sett við hátíðlega athöfn í Háskólabíói í kvöld. Kvikmyndahátíðin stendur yfir í tíu daga, eða til 9. október næstkomandi. sara@frettabladid.is



Sólveig Anspach.

## Frumsýningar á RIFF



18.45 Hatur
Finnska kvikmyndin Hatur segir frá Lauri og öðrum fórnarlömbum eineltis sem haldin eru áfallastreituröskun og eru uppfull af hatri. Þau verða vör við óréttlæti og undirbúa hefndir … eins og skotárásir í skólum.
Sýnd í Bíói Paradís.



19.30 Veraldarvana stúlkan
Ítalsk/franska kvikmyndin La Ragazza del Mondo segir frá Giuliu sem verður ástfangin af Libero. Saga þeirra er saga um sanna og óumflýjanlega ást. Þau hefja líf sitt saman af mikilli ástríðu, það verður til þess að Giuliu er úthýst frá Vottum Jehóva og þar með veröldinni sem hún tilheyrði.
Sýnd í Bíói Paradís.



20.30 Múrar
Múrar er spænsk heimildarmynd sem segir sögur fólks sem búa sitthvorum megin við hina ýmsu múra; múrinn sem aðskilur Suður-Afríku og Simbabve, aðskilnaðarmúrinn milli Bandaríkjanna og Mexíkó og girðinguna í Melilla sem markar landamæri Spánar og Marokkó.
Sýnd í Bíói Paradís.

21.30 Hættu að glápa á diskinn minn
Þessi króatíska kvikmynd er sýnd í flokknum Vitranir og segir frá Marijönu og fjölskyldu hennar. Í kjölfar þess að stjórnsamur faðir hennar fær heilablóðfall og verður algjörlega rúmliggjandi tekur Marijana við stöðu hans sem höfuð fjölskyldunnar.
Sýnd í Bíói Paradís.


**Léttleikandi timburhús** *í hjarta Akureyrar*

Nýtt á skrá. Snyrtilegt og vel staðsett, fjögurra hæða timburhús í Brekkunni á Akureyri með glæsilegu útsýni yfir Eyjafjörð. Flott eign með mikla möguleika. Tilvalið fyrir laghenta.
**Ísskápur og þvottavél fylgja.**




VERÐHRUN!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
BÆKUR FRÁ 99 KR.
Allt að 90%
ALDREI MEIRA ÚRVAL!
AFSLÁTTUR
Rýmingarsala bókaútgefenda
Mörkinni 1
Opið frá 10-18
Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur
Áður kr. 3.630
Nú kr. 990
Skínandi
Áður kr. 2.590
Nú kr. 500
Vín
Áður kr. 6.900
Nú kr. 1.990
Prjónaást
Áður kr. 3.999
Nú kr. 1.299
Taktu betri ljósmyndir
Áður kr. 5.499
Nú kr. 999
Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók
Áður kr. 25.990
Nú kr. 9.990
Búðu til þín eigin litadýr
Áður kr. 2.990
Nú kr. 499
Frá hugmynd til veruleika
Áður kr. 3.490
Nú kr. 799
ÁRNASYNIR




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:40 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 6:50 - 9 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| SKIPTRACE | KL. 5:40 - 8 - 10:30 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |
| SKIPTRACE | KL. 10:20 |
| SULLY | KL. 8 |







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BRIDGET JONES'S BABY | 5:20, 8 |
| EIÐURINN | 6, 9, 10:30 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 6 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. SEPTEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Páll Óskar & Monika
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Café Flóra
Þeir sem hafa farið á tónleika með Palla og Moniku vita að maður kemur út betri maður á eftir. Þau hafa haldið þessa árvissu tónleika í Café Flóru, Grasagarðinum í Laugardal síðan 2001. Á efnisskránni eru ýmis lög sem Palli og Monika hafa spilað mikið undanfarinn áratug, auk þekktustu popplaga Palla í sérstökum útsetningum fyrir hörpu.

**Hvað?** Sinfónían á Norrænum músíkdögum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Norrænir músíkdagar eru haldnir á Íslandi 29. september til 1. október og hefjast með glæsilegum hljómsveitartónleikum þar sem fjögur nýleg úrvalsverk hljóma. Fiðlukonsert Esa-Pekka Salonen frá árinu 2009 er eitt af lykilverkum þessa finnska tónsnillings. Anna Þorvaldsdóttir er löngu komin í röð fremstu tónskálda samtímans og nú í ár er hún staðartónskáld Fílharmóníuhljómsveitarinnar í New York. Verk hennar var samið fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og það er meðal annars að finna á hljómdiski hennar sem kom út hjá Deutsche Grammophon og vakti mikla hrifningu.


Hrefna Hjartardóttir flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í hagnýtri tölfræði í Háskóla Íslands í dag.

**Hvað?** Elín Dröfn Jónsdóttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Ýlir – Tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk styrkir árlega ungt tónlistarfólk til að koma fram í Hörpu og er Elín Dröfn Jónsdóttir ein af styrkþegum ársins 2016. Elín Dröfn Jónsdóttir flytur frumsamda tónlist ásamt hljóðfæraleikurum í Kaldalóni í kvöld. Ásamt Elínu kemur fram stór hljómsveit en hana skipa Haukur Hafsteinsson á trommur, Arnar Þór Gunnarsson á gítar, Margrét Soffía Einarsdóttir á fiðlu, Herdís Mjöll Guðmundsdóttir á fiðlu, Anna Elísabet Sigurðardóttir á víólu, Sóley Sigurjónsdóttir á selló, Ingvi Rafn Björgvinsson á kontrabassa, Karl Jóhann Jóhannsson á rafbassa og Sigríður Hjördís Indriðadóttir á flautu.

**Hvað?** Edgar Smári og hljómsveit
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Café Rósenberg
Bestu lög soul-tímabilsins í flutningi Edgars Smára ásamt stórhljómsveit og bakröddum. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Fílalag LIVE á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra

### Fundir

**Hvað?** Brottfall úr námskeiði í stærðfræðigreiningu metið með lifunargreiningu
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, VR- II, stofa 138
Hrefna Hjartardóttir flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í hagnýtri tölfræði. Heiti verkefnisins er Brottfall úr námskeiði í stærðfræðigreiningu metið með lifunargreiningu.

**Hvað?** Á ferð og flugi – Reynslusögur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, Hátúni 12
Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri hefur ferðast mikið í leik og starfi. Hann mun deila reynslu sinni á því sviði og fræða okkur um allt það sem hjólastólanotandi þarf að hafa í huga þegar ferðalög eru skipulögð.

**Hvað?** Hvernig byrja ég að fjárfesta?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslandsbanki Granda
Vegna mikillar eftirspurnar býður VÍB upp á aukafund um þetta áhugaverða málefni. Björn Berg, fræðslustjóri VÍB, ræðir um það sem mikilvægast er að hafa í huga þegar hafist er handa við sparnað og fjárfestingar. Markmið fundarins er að auðvelda gestum að fóta sig við fjárfestingar, forðast algengustu mistök og ná góðum fjárhagslegum árangri. Frítt er á fundinn og boðið verður upp á léttar veitingar.

### Uppákomur

**Hvað?** Matur & nýsköpun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hús sjávarklasans
Íslenski sjávarklasinn efnir til M&n í samstarfi við Landbúnaðarklasann og Matvælalandið Ísland. Tilgangurinn er að kynna nýsköpunarfyrirtæki og sprota sem vinna að nýsköpun og framþróun í mat hér á landi, allt frá hugmyndum, hönnun yfir í fullbúnar vörur. 30-40 fyrirtæki verða á staðnum og kynna sig og það sem þau hafa upp á bjóða. Þetta verður afar spennandi og skemmtilegur dagur sem sýnir þá nýsköpun og þann frumkvöðlakraft sem er í vinnslu matvæla á Íslandi í dag.

**Hvað?** Vísindadagur VoN – Dagur fyrir alla fjölskylduna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands stendur fyrir hinum árlega Vísindadegi laugardaginn 29. október 2016. Dagskráin hefur verið fjölbreytt og breytist árlega, en meðal annars hefur verið boðið upp á skemmtilega og fræðandi viðburði um nýjustu tækni og vísindi fyrir alla fjölskylduna.

### Uppistand

**Hvað?** English comedy with Gomobile
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn











PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON & MONIKA KOMA FRAM Á CAFÉ FLÓRU Í KVÖLD. ÞEIR SEM HAFA FARIÐ Á TÓNLEIKA MEÐ PALLA OG MONIKU, VITA AÐ MAÐUR KEMUR ÚT BETRI MAÐUR Á EFTIR.


KAFFIBOLLI Í
BOÐI HÚSSINS
FYRIR ALLA VIÐSKIPTAVINI Í DAG
DUNKIN' DONUTS
Alþjóðlegi kaffidagurinn er í dag. Af því tilefni færð þú miðstærð af uppáhelltu kaffi í boði hússins þegar þú verslar hjá okkur.
Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar
DUNKIN' DONUTS




SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




ÁRBAKKINN

Stórskemmtilegir stangveiðiþættir í umsjón Gunnars Bender og Steingríms Þórðarsonar þar sem fylgst er með veiðimönnum í essinu sínu við árbakkana. Í þessum fyrsta þætti er Norðurá sótt heim þar sem söngvararnir Kristján Jóhannsson og Kristinn Sigmundsson eru við veiði ásamt eiginkonum sínum.

BEHIND THE BLACKLIST

Í þessum þætti er skyggnst á bak við tjöldin við gerð þáttanna, The Blacklist, og um leið rifjum við upp helstu atriði síðustu þáttaseríu.







THE BLACKLIST

Það hefur margt drifið á daga Raymonds Reddingtons og Lizzie síðan í síðustu seríu þar sem Lizzie hittir föður sinn í fyrsta sinn eftir mikla leit. Mögnuð glæný þáttasería með James Spader í aðalhlutverki.

STARTUP

Nýir og magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Kalli kanína og félagar**
**07.50** **Litlu Tommi og Jenni**
**08.10** **The Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45** **Marry Me**
**11.10** **World's Strictest Parents**
**12.15** **Léttir sprettir**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Get Low**
**14.45** **Hysteria**
**16.30** **The Detour**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**19.20** **Árbakkinn**
**19.40** **Masterchef USA**
**20.25** **NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við flóknari og hættulegri mál en áður.
**21.10** **Behind the Blacklist** Í þessum þætti er skyggnst á bak við tjöldin við gerð þáttanna The Blacklist en það er Ryan Eggold sem leikur Tom Keen sem leiðir okkur í gegnum söguþráðinn og um leið rifjum við upp atriði síðustu þáttaraðar.
**21.35** **The Blacklist**
**22.20** **StartUp**
**23.05** **Ballers**
**23.35** **Rizzoli & Isles**
**00.20** **The Tunnel**
**01.10** **The Third Eye**
**01.55** **NCIS: New Orleans**
**02.40** **Call Me Crazy: A Five Film** Dramatísk mynd með sögum fimm einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að fjalla um geðraskanir og áhrifin sem slíkir sjúkdómar hafa á þá sem veikjast og aðstandendur þeirra. Það eru þær Laura Dern, Ashley Judd, Bryce Dallas Howard, Bonnie Hunt og Sharon Maguire sem leikstýra hver fyrir sig sínum hluta myndarinnar, en þeir eru allir nefndir eftir nöfnum aðalpersónanna, þ.e. Eddie, Allison, Lucy, Grace og Maggie, og eru handritin eftir jafnmarga höfunda. Með aðalhlutverkin í hverjum hluta fara þekktar leikkonur sem allar eiga það sameiginlegt að hafa persónulega reynslu af heimi geðsjúkra, annaðhvort sjálfar eða sem aðstandendur.
**04.10** **Get Low**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** **Meistaradeildarmörkin**
**07.55** **Pepsímörkin**
**09.25** **UEFA Champions League**
**11.10** **UEFA Champions League**
**12.55** **UEFA Champions League**
**14.40** **UEFA Champions League**
**16.25** **Meistaradeildarmörkin**
**16.55** **UEFA Europa League** (Hapoel Beer-Sheva - Southampton) Bein útsending
**19.00** **UEFA Europa League** (Man. Utd. - Zorya Luhansk) Bein útsending
**21.30** **Premier League World**
**22.00** **NFL Gameday**
**22.30** **UFC Unleashed**
**23.15** **UEFA Europa League**
**00.55** **UEFA Europa League**

## STÖÐ 3

**17.45** **Raising Hope**
**18.05** **The Big Bang Theory**
**18.30** **Modern Family**
**18.55** **Fóstbræður**
**19.25** **Entourage**
**19.55** **Hið blómlega bú 3**
**20.25** **Léttir sprettir**
**20.50** **One Born Every Minute UK**
**21.45** **Drop Dead Diva**
**22.30** **NCIS: New Orleans**
**23.15** **Fóstbræður**
**23.40** **Entourage**
**00.10** **Hið blómlega bú 3**
**00.40** **Léttir sprettir**
**01.05** **One Born Every Minute UK**
**01.50** **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Latibær**
**07.25** **Brunabílarnir**
**07.47** **Mæja býfluga**
**08.00** **Könnuðurinn Dóra**
**08.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.24** **Svampur Sveinsson**
**09.49** **Lalli**
**09.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00** **Strumparnir**
**10.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**10.37** **Stóri og Litli**
**10.49** **Hvellur keppnisbíll**
**11.00** **Latibær**
**11.25** **Brunabílarnir**
**11.47** **Mæja býfluga**
**12.00** **Könnuðurinn Dóra**
**12.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00** **Áfram Diego, áfram!**
**13.24** **Svampur Sveinsson**
**13.49** **Lalli**
**13.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00** **Strumparnir**
**14.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**14.37** **Stóri og Litli**
**14.49** **Hvellur keppnisbíll**
**15.00** **Latibær**
**15.25** **Brunabílarnir**
**15.47** **Mæja býfluga**
**16.00** **Könnuðurinn Dóra**
**16.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00** **Áfram Diego, áfram!**
**17.24** **Svampur Sveinsson**
**17.49** **Lalli**
**17.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00** **Strumparnir**
**18.25** **Gulla og grænjaxlarnir**
**18.37** **Stóri og Litli**
**18.49** **Hvellur keppnisbíll**
**19.00** **Flóttinn frá jörðu**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Countdown to the Ryder Cup**
**08.25** **Tour Championship**
**13.45** **PGA Tour – Highlights**
**14.40** **Golfing World**
**15.30** **Italian Open**
**20.10** **Inside the PGA Tour**
**20.35** **Countdown to the Ryder Cup**
**21.00** **Ryder Cup - setning**
**22.00** **Canadian Pacific Women's Open**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20** **Ghosts of Girlfriends Past**
**11.55** **Annie**
**13.55** **Jersey Boys**
**16.10** **Ghosts of Girlfriends Past**
**17.50** **Annie** Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2014, byggð á sögunni af hinni munaðarlausu Annie.
**19.45** **Jersey Boys**
**22.00** **Birdman**
**23.55** **Appaloosa**
**01.50** **Brake** Spennumynd frá 2012 með Stephen Dorff í aðalhlutverki.
**03.20** **Birdman**

## RÚV

**13.10** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**13.25** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**13.40** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**13.55** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**14.10** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**14.25** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**14.40** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**14.55** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**15.10** **Fýkur yfir hæðir**
**16.50** **Fyrir framan annað fólk - bak við tjöldin**
**17.10** **Sjöundi áratugurinn – Sjónvarpið kemur til sögunnar**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Eðlukrúttin**
**18.12** **Vinabær Danna tígurs**
**18.25** **Sanjay og Craig**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Alþingiskosningar 2016 (Heilbrigðis- og velferðarmál)**
**20.35** **Steinsteypuöldin**
**21.10** **Vammlaus**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lögregluvaktin**
**23.05** **Dicte II**
**23.50** **Alþingiskosningar 2016**
**00.45** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Black-ish (5:24)**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Biggest Loser**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**11.55** **Dr. Phil**
**12.35** **Survivor**
**14.05** **The Bachelor**
**15.35** **The Bachelor**
**16.35** **The Tonight Show**
**17.15** **The Late Late Show**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Everybody Loves Raymond**
**19.00** **King of Queens**
**19.25** **How I Met Your Mother**
**19.50** **Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**20.15** **Girlfriends' Guide to Divorce**
**21.00** **BrainDead**
**21.45** **Zoo**
**22.30** **The Tonight Show**
**23.10** **The Late Late Show**
**23.50** **24**
**00.35** **Sex & the City**
**01.00** **Law & Order: Special Victims Unit**
**01.45** **American Gothic**
**02.30** **BrainDead**
**03.15** **Zoo**
**04.00** **The Tonight Show**
**04.40** **The Late Late Show**
**05.20** **Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DÖNSK
JARÐARBERJA
ÚTSALA
298.= 1PK.
DÖNSKU
SVEITAEPLIN KOMIN
AMERÍSK
VÍNBER
ÞAU BESTU!
BEINT MEÐ FLUGI
BETRI ÁVEXTIR BETRA GRÆNMETI
VÍÐIR
SKEIFUNNI, GARÐABÆ OG VESTURBÆ 10-23
VÍÐIR express INGÓLFSTRÆTI 8-23

# Pólitík og poppkúltúr

Upphaflega var Black Lives Matter kassamerki (e. hashtag) en hefur breyst í alþjóðlega hreyfingu. Margir frægir einstaklingar af öllum kynþáttum hafa tekið þátt og hefur hún verið áberandi á stærstu sviðum heimsins eins og Super Bowl og Grammy-verðlaununum.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is





Beyoncé var harðlega gagnrýnd fyrir hálfleikssýningu sína á Super Bowl hátíðinni í ár. Dansarar hennar voru meðal annars klæddir eins og Black Panther meðlimir.



Kendrick Lamar var með augljósar vísanir í réttindabaráttu svartra í atriði sínu á Grammy-verðlaunahátíðinni fyrr á árinu.

Hreyfingin Black Lives Matter (BLM) er hreyfing pólitískra aðgerðasinna úr samfélagi Bandaríkjamanna af afrískum uppruna sem berjast gegn ofbeldi og kerfisbundnum rasisma gegn svörtum þar í landi. BLM er ekki skipulögð hreyfing heldur frekar regnhlífarhugtak yfir mótmælendur sem nota kassamerkið #BlackLivesMatter og hafa verið að mótmæla ofbeldi á svörtum allt síðan George Zimmerman var sýknaður af morðákæru eftir að hafa orðið Treyvon Martin að bana árið 2013. BLM er því meira eins og alda sem rennur í gegnum samfélagið í Bandaríkjunum og þrátt fyrir mikla og harða gagnrýni virðist aðeins verða meira áberandi og sterkari með hverju árinu – það hefur hjálpað til að margar stjörnur úr heimi tónlistar, kvikmynda og íþrótta hafa annaðhvort lagt hreyfingunni lið í gegnum opinberan stuðning eða gert lítið úr henni.

### Tónlistarheimurinn tjáir sig

Áhrif Black Lives Matter hreyfingarinnar hafa kannski hvergi verið jafn áberandi og í tónlistarheiminum en tónlistarmenn hafa aldrei verið sérstaklega feimnir við að tjá sig um stjórnmál.

Beyoncé hefur verið mjög dugleg að halda fram málstað BLM og að styðja hreyfinguna – hún og maður hennar Jay-Z hafa gefið hreyfingunni talsvert fé auk þess að hampa málstað hennar í gegnum sköpun sína. Bey gerði lagið Freedom með rapparanum Kendrick Lamar en í myndbandinu við það koma mæður þeirra Trayvons Martins, Erics Garner og Michaels Brown fram. Í myndbandinu við Formation voru einnig táknrænar vísanir í málefnin sem hreyfingin Black Lives Matter hefur helst látið sig varða.

Kendrick Lamar hefur sjálfur verið duglegur við að tjá sig um réttindamál svartra og gerir það talsvert á nýjustu plötu sinni, en hann hefur þó ekki stutt hreyfinguna opinberlega. Þó hefur lag hans Alright verið notað sem hálfgert þemalag Black Lives Matter og oftar en ekki spilað þar sem fólk kemur saman í nafni BLM.



Miklar umræður spunnust um almennar hugmyndir samfélagsins um kynþætti þegar Michael B. Jordan var fenginn til að leika The Human Torch í Fantastic Four myndinni.

Listinn yfir tónlistarmenn sem hafa gert lög hreyfingunni til stuðnings er nokkuð langur. Á honum má finna nöfn eins og Macklemore, sem gerði lagið White privilege II þar sem hann veltir fyrir sér stöðu sinni sem hvítum manni sem styður hreyfinguna, Laryn Hill, Chris Brow (sem þó hefur einnig talað gegn hreyfingunni við önnur tækifæri), Prince og rapparann The Game sem gerði 10 mínútna langt lag þar sem hann fær marga rappara og söngvara með sér til að ljá baráttunni lið.

## FRÆGIR GAGNRÝNENDUR

Það eru ekki allir á eitt sáttir um Black Lives Matter. Margir hafa haldið því fram að slagorðið sé rasískt í eðli sínu vegna þess að það útiloki aðra kynþætti og hafa þeir einstaklingar notað kassamerkið #AllLivesMatter. Ekki hafa þó allir sem hafa notað það kassamerki verið að gagnrýna hreyfinguna beint, en þó misskilið það sem bak við BLM býr – enda snýst það ekki um að útiloka kynþætti heldur er fókus hreyfingarinnar einungis á Bandaríkjamenn af afrískum uppruna.

**Kate Upton**
Fyrirsætan hefur tjáð sig um Colin Kaepernick á Twitter en hún vill meina að hann vanvirði Bandaríkin með mótmælum sínum.

**Steve Clevenger**
Hafnaboltaleikarinn vill að stuðningsfólk hreyfingarinnar verði handtekið vegna þess að það sé glæpamenn (hann notaði orðin „thugs“ og „animals“ – sem hafa mjög sterkar rasískar tengingar).

**Piers Morgan**
Fjölmiðlamógúllinn óvinsæli hefur verið ansi duglegur við að hrópa á fólk sem notar BLM-kassamerkið á samfélagsmiðlunum.



**Donald Trump**
Forsetaframbjóðandinn umdeildi hefur að sjálfsögðu tjáð sig um málið og verið gagnrýninn á hreyfinguna.

**Jennifer Lopez**
Notaði All Lives Matter kassamerkið á Twitter en eyddi svo færslunni eftir hörð mótmæli.

### Pólitík í íþróttum

Colin Kaepernick, leikmaður ameríska fótboltaliðsins San Francisco 49ers, hefur mikið verið í fréttunum en hann neitaði að leggja hönd á hjartastað eins og tíðkast að gera þegar bandaríski þjóðsöngurinn er spilaður fyrir leik.

Þetta gerðist fyrst í upphitunarleik áður en keppnistímabil deildarinnar hófst og hann endurtók svo gjörninginn í opnunarleiknum en um 20 milljónir horfðu á leikinn. Colin kraup á kné á meðan þjóðsöngurinn ómaði – í þetta sinn gerði liðsfélagi hans slíkt hið sama og tveir aðrir liðsfélagar auk tveggja mótherja réttu upp krepptan hnefann í stíl Black Panther-samtakanna.



Colin Kaepernick og Eric Reid, liðsfélagi hans, mótmæla á meðan þjóðsöngurinn er spilaður.

Þessi gjörningur hans er stuðningur við málstað Black Lives Matter hreyfingarinnar en þegar hann var spurður út í aðgerðir sínar taldi hann upp nöfn svartra sem hafa látist af völdum lögreglumanna síðustu árin, „hvenær ætlum við að standa upp og fordæma þetta? Þið [lögreglan] eigið að vernda okkur, ekki myrða okkur.“

Viðbrögðin hafa verið afar hörð og virðist flestum sem fordæma aðgerðir Colins finnast hann sýna bandaríska hernum vanvirðingu og sumir hafa krafist þess að hann verði líflátinn, að minnsta kosti sektaður eða rekinn. Aðgerðir Colins Kaepernick virðast marka ákveðið trend í heimi amerískra íþrótta þar sem leikmenn liða í íþróttum þar í landi láta sig pólitík varða í auknum mæli.

### Þættir og kvikmyndir sækja efnivið í hreyfinguna

Michael B. Jordan leikari var skotspónn gagnrýni á internetinu eftir að hann landaði hlutverki sem The Human Torch í myndinni Fantastic Four sem kom út á síðasta ári. Aðdáendur myndasögunnar vildu endilega hafa hvítan mann í hlutverkinu enda var persónan þannig í blöðunum. Leikarinn skrifaði grein þar sem hann sagðist vera að kveikja í hugmyndum okkar um kynþátt og benti fólki á að Stan Lee, maðurinn bak við Marvel, hefði lagt blessun sína yfir valið á honum í hlutverkið. Jordan hefur gefið það út að hann styðji BLM-hreyfinguna heilshugar, þrátt fyrir að hafa verið sakaður um annað.

Annars hafa ýmsir leikarar sagst styðja hreyfinguna. Samuel L. Jackson bjó til svar við Ice Bucket-áskoruninni sem hann kallaði I can't breathe áskorunina, en það var tilvísun í drápið á Eric Garner. Bellamy Young, sem leikur Mellie í Scandal, Bette Midler og Cara Delevingne hafa opinberað stuðning sinn við hreyfinguna.

Fjórða þáttaröðin í Orange is the new black sækir sér þema í hreyfinguna Black Lives Matter en í þáttaröðinni er ákveðin svört persóna drepin af hvítum fangaverði, dauðdaginn minnir á þegar lögreglumenn urðu Eric Garner að bana, og í kjölfarið brjótast út óeirðir í fangelsinu. Scandal hefur sótt sér þemu í þáttinn og meira að segja Law and Order: SVU notaði hreyfinguna sem grunn fyrir söguþráð í einum þættinum.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda 29. september til 24. október.
OSRAM
LJÓS OG PERUR
25%
AFSLÁTTUR
OSRAM
NÝ SENDING FRÁ
Brilliant
byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
MARKAÐSDÖGUM
LÝKUR UM HELGINA
30%
AUKAAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Á MARKAÐSTORGI
komdu og
gramsaðu

# Vill fleiri eldri leikkonur í sjónvarpið

Handritshöfundurinn og framleiðandinn Ryan Murphy segir óskiljanlegt af hverju leikkonur sem komnar eru yfir fertugt fái ekki atvinnutilboð. Sjálfur reynir hann að ráða konur á öllum aldri í verkefni sín, en Ryan hefur gert garðinn frægan með sjónvarpsþáttum á borð við Nip/Tuck, Glee, American Horror Story, The New Normal og Scream Queens.

Hollywood og kvikmyndaiðnaðurinn hefur sætt mikilli gagnrýni undanfarin ár fyrir mikið framboð af einhæfum hlutverkum og persónum, þá sé lítið um bitastæð hlutverk fyrir konur og leikara af afrískum og asískum uppruna.

„Ég hef mikinn áhuga á skemmtanabransanum. Ég dái stjörnur. Ég elska að vera í kringum þær. Ég trúði varla heppni minni þegar ég hitti Jessicu Lange fyrst,“ sagði Ryan í viðtali við Entertainment Weekly. „Mér finnst stórfurðulegt að leikkonur yfir fertugu fái ekki fleiri verkefni. Það er fáránlegt. Ég er einmitt að framleiða þátt núna sem fjallar um þennan vanda,“ segir hann og vísar þar til sjónvarpsþáttarins Feud sem tekinn verður til sýninga á næsta ári.

Feud skartar Susan Sarandon og Jessicu Lange í aðalhlutverkum og segir frá sambandi leikkvennanna Bette Davis og Joan Crawford þegar þær léku saman í kvikmyndinni Whatever Happened to Baby Jane frá árinu 1962. Myndin segir frá fyrrverandi barnastjörnu sem fær það hlutverk að annast systur sína sem einnig er gömul barnastjarna og er lömuð eftir bílslys. Samband systranna er vægast sagt slæmt en sögur herma að hið sama muni hafa átt við um samband leikkvennanna tveggja.
– sm



Ryan Murphy ásamt leikkonunni Jessicu Lange sem fer með hlutverk í þáttunum American Horror Story. MYND/GETTY








Kiefer Sutherland. NORDICPHOTOS/AFP

# Segir sína fyrrverandi hugrakka

Leikarinn Kiefer Sutherland segir að fyrrverandi kærasta hans, leikkonan Julia Roberts, hafi sýnt hugrekki þegar hún hætti með honum þremur dögum fyrir fyrirhugað brúðkaup þeirra tveggja árið 1991. Parið kynntist við tökur á kvikmyndinni Flatliners árið 1990 þegar hann var 24 ára og hún 23 ára og ætluðu að ganga í hjónaband. Julia batt enda á sambandið þremur dögum áður og flaug til Írlands með leikaranum Jason Patric.

„Við vorum ung og afskaplega ástfangin og höfðum ákveðið að gifta okkur. Hún var án efa frægasta kona heims á þessum tíma og brúðkaupið, sem átti að vera fyrir okkur, varð eitthvað allt annað og miklu stærra. Í því miðju ákvað hún að þetta væri ekki fyrir hana. Það útheimti mikið hugrekki að standa upp og segja: Þetta er ekki það sem ég vil,“ sagði Kiefer í viðtali við breska dagblaðið Daily Mail.




# FIFA 17 er frábær: Lengi getur gott batnað

LEIKIR

**FIFA 17**

★★★★★

**EA Sports**

**Playstation 4**



Nýjasta útgáfan af vinsælasta íþróttaleik heims kemur út á Íslandi í dag. FIFA 17 frá EA Sports er frábær tölvuleikur; á ótrúlegan hátt tekst framleiðendum að gefa í og bæta við nýjum þáttum í leikinn á meðan haldið er áfram að fullkomna spilunina.

FIFA 17 er raunverulegasti íþróttaleikur sem komið hefur út og mun eflaust fjölga ástríðufullum unnendum knattspyrnunnar. Leikurinn hefur vakið einstaklega mikla athygli hér á landi, eftir samskipti KSÍ og EA Sports sem framleiðir leikinn. Íslensku landsliðin eru ekki í leiknum, en gaman hefði verið að sjá landsliðsfólkið okkar í leiknum.

**Frábært ferðalag**

David Rutter, framleiðslustjóri FIFA-leikjanna, og félagar ákváðu að bjóða upp á nýja vídd í FIFA 17 – fyrsta stóra viðbótin við spilun síðan FIFA Ultimate Team var kynnt til leiks í FIFA 13. Í ár er hægt að setja sig í spor ungs fótboltamanns, Alex Hunter, í spilunarham sem kallast The Journey (eða Ferðalagið).

Ég fékk leikinn í hendur í vikunni og ákvað að eyða mestum tíma í spiluninni í þennan ham, því hann skiptir mestu máli í uppfærslunni í ár. Skemmst er frá því að segja að þessi viðbót er stórkostleg, maður verður strax nánast háður því að halda sögunni áfram, ná lengra sem Alex Hunter og kynnast stórstjörnum knattspyrnuheimsins í gegnum leikinn.

**Grípandi söguþráður**

Hunter er fyrst kynntur til sögunnar 11 ára að aldri og fær maður hlutverk í yngri flokka leik. Ég ætla ekki að spilla neinu fyrir þeim sem vilja kynnast söguþræðinum sjálfir en get sagt að ýmsar stórstjörnur fléttast inn í söguþráðinn, auk mjög áhugasamrar mömmu, afa sem gefur góð ráð og pabba sem vill varla tala við son sinn. Vinskapur verður til og vinskapur endar. Allt er þetta einstaklega raunverulegt, enda komu atvinnumenn að söguþræðinum, til þess að gera „leikna atriðin", sem gerast ekki inn á vellinum, eins raunveruleg og hægt er.

Sem leikmaður kynnist maður þjálfurum, reynsluboltum og öðrum ungum leikmönnum sem maður er í samkeppni við. Maður getur ráðið tilsvörum, bæði við félagana og við fréttamenn. Svörin hafa áhrif á vinsældir Hunters, til að mynda hversu margir elta hann á Twitter sem hefur áhrif á styrktarsamninga.

**Lítur vel út**

FIFA 17 lítur vel út – aldrei hefur nokkur íþróttaleikur fangað raunveruleikann jafn vel. Þetta er fyrsta útgáfan þar sem EA Sports notast við Frostbite-leikjavélina og kemur það berlega í ljós, bæði í spilun og í atriðum sem gerast í The Journey.

Búið er að lappa upp á hið svokallaða Career Mode, þar sem spilarar setja sig í spor knattspyrnustjóra. Búið er að auka á skyldur stjórans, nú þarf að hugsa út í treyjusölu og fleira þegar kemur að því að stjórna liðum. Einnig geta spilarar haft áhrif á útlit stjórans og fleira. En í hreinskilni sagt gafst mér ekki tími til þess að kafa nógu djúpt í þennan ham leiksins, með tilliti til þess hvort hnökrar fyrri leikja hafi verið lagaðir. Forvitnilegt verður að sjá hvort endurnýjun leikmanna verði bætt, en það hefur verið stærsti gallinn á Career Mode hingað til.

**Skriðþungi leikmanna**

Búið er að breyta spiluninni inni á sjálfum vellinum. Til dæmis eru föstu leikatriðin gjörbreytt. Leikmenn láta stundum illa að stjórn, oft er eins og skriðþunginn sé of mikill. Erfitt getur reynst að halda boltanum og spilið getur orðið svolítið einhæft. Maður spyr sig hvort gervigreindin sé hreinlega orðin of mikil.

Í The Journey fær maður líka stundum á tilfinninguna að úrslit leikjanna séu fyrirfram ákveðin. Stundum gefa varnirnar Alex Hunter allt of mikið pláss og stundum missa menn boltann til hans á slæmum stöðum.

**Umgjörðin áþreifanleg**

En þrátt fyrir að spilunin geti stundum valdið pirringi, þá verður það ekki tekið af framleiðendum að þeim tekst frábærlega upp í umgjörðinni. „Sjónvarpsútsendingarnar" frá hinum fjölmörgu deildum í leiknum eru ólíkar og maður sér að hugsað er út í minnstu smáatriði.

**Gullaldartímabilið**

Leikurinn er að verða líkari NBA2k-leikjunum og Madden, þar sem keppst er við að hafa hlutina sem raunverulegasta utan vallar, ekki síður en inni á vellinum.

Þetta er í fyrsta sinn í langan tíma sem EA Sports tekur svona mikla áhættu í uppfærslu sinni og leikurinn mun eflaust standa uppi sem mikilvæg uppfærsla í FIFA-seríunni.

Líklega var EA Sports að framlengja gullaldartímabil knattspyrnuleikja enn frekar með þessum leik. Gullaldartímabil sem grundvallast á ástríðu framleiðanda auk góðs skilnings á þeim leikjavélum sem framleitt er fyrir. Gullaldartímabil sem hefur haft áhrif á knattspyrnuna og fjölgað unnendum þessarar fögru íþróttar.

**Kjartan Atli Kjartansson**



# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 21.09.16 – 27.09.16




**1** Fórnarlamb án andlits
Stefan Ahnhem




**2** 7 venjur til árangurs
Stephen R. Covey




**3** Leikvöllurinn
Lars Kepler




**4** Lifðu til fulls
Júlía Magnúsdóttir




**5** Hættuspil
Viveca Sten




**6** Næturgalinn
Kristin Hannah




**7** Harry Potter and the Cursed Child
J.K. Rowling




**8** Á meðan ég lokaði augunum
Linda Green




**9** Hæg breytileg átt
Guðmundur Andri Thorsson




**10** Saga af nýju ættarnafni
Elena Ferrante

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




**Leikkonan Júlíana Sara Gunnarsdóttir fer með hlutverk í spennumyndinni Grimmd. Hér er hún ásamt Margréti Vilhjálmsdóttur.**

# Úr gríninu í alvöruna

**Júlíana Sara Gunnarsdóttir** leikur í spennumyndinni Grimmd sem frumsýnd verður í október. Júlíana er þekkt fyrir hlutverk sitt í gamanþáttunum Þær tvær, en hér leikur hún alvarlegra hlutverk.

„Það var virkilega skemmtileg tilbreyting að leika eina persónu og geta einbeitt mér algjörlega að henni, samanborið við hlutverk mín í Þær tvær þar sem við bregðum okkur í hlutverk fimm karaktera á einum tökudegi,“ útskýrir leikkonan Júlíana Sara Gunnarsdóttir þegar hún er spurð út í hlutverk sitt í spennumyndinni Grimmd eftir Anton Sigurðsson.

Flestir þekkja Júlíönu úr grínþáttunum Þær tvær sem sýndir eru á Stöð 2, en þar bregður Júlíana sér í fjölda gamanhlutverka ásamt Völu Kristínu Eiríksdóttur.

„Fjölbreytnin er það sem drífur mig áfram í leiklistinni. Það var mjög gaman að mæta á sett í allt aðra stemningu en ég er vön, þar sem grín og glens er allsráðandi. Þarna þurfti ég frekar að kúpla mig niður. Í rauninni er það þannig að þegar alvara málsins er jafn mikil og í Grimmd, þá detta allir sjálfkrafa í alvarlegri gír til að koma sögunni sem best til skila,“ segir Júlíana.

Grimmd er íslensk spennumynd sem segir frá hvarfi tveggja ungra stúlkna af leikvelli í Árbænum. Stúlkurnar finnast síðan látnar í Heiðmörk og hefst þá viðamikil rannsókn á málinu. Myndin fléttar saman nokkra söguþræði þegar hræðileg málsatvik koma upp á yfirborðið.

„Ég leik Karítas, metnaðarfulla rannsóknarlögreglukonu, sem þráir ekkert heitar en að leysa mál stúlknanna. Það dugir henni ekki að finna bara sökudólginn, heldur vill hún vita ástæðuna að baki verknaðinum.“ Júlíana segir að auðvelt hafi verið að samsama sig karakternum.

„Karítas lítur upp til samstarfskonu sinnar, Eddu, sem er algjör reynslubolti í faginu. Edda er leikin af Margréti Vilhjálmsdóttur og þar sem ég lít mikið upp til Möggu í leiklistinni var þetta lítið mál,“ segir hún og bætir við: „Ég var alltaf full tilhlökkunar að mæta í vinnuna.“ Næg verkefni eru fram undan hjá Júlíönu en hún er að vinna í eigin verkefnum ásamt því að vera ólétt að sínu öðru barni sem væntanlegt er í heiminn í mars.



**Flestir þekkja Júlíönu úr grínþáttunum Þær tvær sem sýndir eru á Stöð 2.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÉG LEIK KARÍTAS, METNAÐARFULLA RANNSÓKNARLÖGREGLUKONU, SEM ÞRÁIR EKKERT HEITAR EN AÐ LEYSA MÁL STÚLKNANNA.**

„Það er mikil hugmyndavinna í gangi þessa dagana. Svo eru alltaf spennandi verkefni í pokahorninu. Einnig eru árshátíðir og jólahlaðborð að fara að skella á þannig að það er nóg um að vera í veislustjórnun næstu mánuði. Svo er ég ófrísk að mínu öðru barni sem þýðir að það eru spennandi og skemmtilegir tímar fram undan,“ segir hún að lokum. **gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# HAUSTSPRENGJA

**HAAG tungusófi**
Áður 229.900,- **NÚ 172.425,-**
Stærð: 325x143x210 cm.

Gildir 29. september – 2. október

# 25% AF ÖLLU

**PAPASAN stóll**
Áður 12.990,- **NÚ 9.743,-**
Stærð: 114xH60 cm.

**SYNSTALE pulla**
Áður 9.990,- **NÚ 7.493,-**

**REGINA Loveseat**
Áður 99.900,- **NÚ 74.925,-**
Stærð: 130x92xH107 cm.

**PAVILLION glerskápur**
Áður 32.900,- **NÚ 24.675,-**
Stærð: 48x35xH100 cm.

**CORSICA ruggustóll**
Áður 29.900,- **NÚ 22.425,-**
Stærð: 57x68xH81 cm.

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**

Tómasar Þórs Þórðarsonar



# Rétt skoðun – röng skoðun, fáviti

Eftir sléttan mánuð göngum við til kosninga og reynum að hafa áhrif á framtíð okkar með því að kjósa það sem okkur finnst rétt og það fólk og þann flokk til valda sem við teljum að þjóni okkar hagsmunum sem þjóðar hvað best. En passaðu þig. Því ef þú kýst þennan flokk eða hinn gæti það ekki bara verið rangt heldur eru miklar líkur á að þú sért ógeðslega heimskur eða hreinlega veikur í höfðinu.

Þannig er nefnilega stemningin á samfélagsmiðlum og hjá einstaka spekingum – sjálfskipuðum að sjálfsögðu – sem fá mínútur á öldum ljósvakans í aðdraganda stóra dagsins. Það talar enginn um kosningar eða pólitík lengur með það í huga að hlusta á næsta mann og taka skoðanir hans til greina. Ef hann ætlar ekki að kjósa það sama og þú þá er hann bara fífl og vill helst að Ísland sökkvi í saltan sæ.

Það er fagnaðarefni að ungt fólk, rétt skriðið yfir kosningaaldur, sé byrjað að ræða pólitík á samfélagsmiðli eins og Twitter því kjörsókn unga fólksins hefur ekki verið upp á marga fiska í langan tíma. Aftur á móti getur umræðan þar, og er því miður of oft, verið bókstaflega eins og í sandkassaleik.

Einn hendir út tísti um að þessi flokkur sé ömurlegur eða þessi stjórnmálamaður sé ógeðslegur. Enginn þarf að gera grein fyrir skoðun sinni, ekkert frekar en þú þurftir að útskýra af hverju þú kastaðir drullumallinu í andlitið á krakkanum á leikskólanum. Svo halda allir áfram að borða sand.

Munum, að ef einhver hefur skoðun sem er ólík þinni skoðun er hún ekki röng og viðkomandi er ekki fáviti. Þið eruð bara ekki sammála. Og viti menn, það er allt í lagi.








